



FRÉTTABLAÐIÐ

HELGARBLAÐ

6. júní 2015
131. tölublað 15. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ A ÍSLANDI*

*Samkvæmt prentmáttækingum Landcent Götur apríl-júní 2014

“ Við sjáum sérstaklega í tilfellum um pedófila að þeir brotamenn eru sjaldnast undir áhrifum þegar verknaðurinn er framinn.

“ Oft og tíðum eru þetta menn sem eiga í kynferðislegum samböndum og eiga jafnvel sjálfir börn.

“ Gerendurnir réttlæta hegðun sína og horfast ekki í augu við alvarleika hennar.

“ Pedófilar sem brjóta eingöngu gegn börnum er erfiðasti hópurinn til að meðhöndla.

“ Oft og tíðum er viðkomandi atferli forsenda kynferðislegrar fullnægingar sem þýðir að menn eiga erfitt með að hætta.

Hverjir eru allir þessir gerendur?

Ótrúlegur fjöldi kvenna hefur undanfarið greint frá kynferðisofbeldi sem þær hafa orðið fyrir. Með hjálp fagaðila og tölfræðinnar er mynd af gerendum teiknuð upp. ▶ 24



PRAUTSEIG SÁLARKEMPA
Charles Bradley fer yfir magnaðan feril sinn en hann kemur til Íslands í júní. ▶30



RAGGA GÍSLA OF UPPTEKIN FYRIR STUDMENN
▶72

ÆFIR STEPP Í STEPPSKÓM

Haraldur Elí í krakkaviðtali.
▶44



NORDICPHOTOS/GETTY

Til hvers að flækja hlutina?

365

SJÁLFKRAFA
Í BESTA ÞREP!

365.is | Sími 1817



Við kynnum
Philips Ambilight
9000 sjónvörpin
Engin venjuleg upplifun

PHILIPS

með Android

Heimilistæki ht.is


LAUGARDAGSOPNUN
Í SUMAR!
OPIÐ FRÁ 12-18



góði hirðirinn



VEÐUR



Í dag er útlit fyrir ágætt veður, með hægri norðanátt, annars skýjað með köflum og dálitlar skúrir á Austfjörðum. Hiti 5 til 13 stig, hlýjast suðvestan til.

SJÁ SÍÐU 46

GLEÐIFRÉTTIN

Sömdu við YouTube

Íslensku höfundarréttarsamtökin STEF gerðu samning við vefsíðuna YouTube sem felur í sér að meðlimir STEFs geti fengið greitt fyrir spilun tónlistar þeirra á YouTube á Íslandi. Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri STEFs, sagði samninginn marka þáttaskil og skapa ný tækifæri fyrir rétthafa.



FIMM Í FRÉTTUM FJÁRKÚGUN OG FLUGVELLIR



Erla Hlynsdóttir blaðamaður vann þriðja mál sitt gegn Íslenska ríkinu fyrir Mannréttindadómstól Evrópu. Hæstiréttur hafði dæmt Erlu seka í meiðyrðamáli, þvert á mannréttindasáttmála Evrópu.



Ragnheiður Ríkharðsdóttir, þingflokksformaður Sjálfstæðisflokksins, víðraði á Alþingi hugmynd sína um að halda sérstakt kvennaping milli ára 2017 og 2019 svo hægt væri að sjá muninn á vinnubrögðum kynjanna.



Hlín Einarsdóttir fjölmíðlakona játaði að hafa sent Sigmundi Davíð Gunnlaugssyni forsætisráðherra bréf þar sem krafist var að henni og systur hennar, Malínu Brand, yrðu greiddar milljónir króna ella myndu þær leka upplýsingum um meint tengsl Sigmundar við kaup á DV.



Páll Halldórsson, formaður samninganefndar BHM, sagði fólki líða djöfullega með kjaraviðræður BHM við ríkið eftir að slitnaði upp úr viðræðum. Páll sagði viðræðurnar vera sýndarviðræður af hálfu ríkisins.

→ Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokks sagði fávíðri úr engu gert þegar þingmenn stjórnarandstöðu gagnrýndu afgreiðslu frumvarps úr nefnd um að færa skipulagsvald yfir flugvöllum Reykjavíkur, Akureyrar og Egilsstaða til ríkisins.



VIÐ HÖFN Franska gólettan Étoile er nú í Reykjavíkurhöfn og er almenningi heimilt að skoða hana fram á þriðjudag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Skúta sem gerð er út sem skólaskip til sýnis í Reykjavík:

Étoile liggur við Reykjavíkurhöfn

REYKJAVÍK Franska gólettan Étoile er til sýnis við Reykjavíkurhöfn í tilefni af Hátíð hafsins. Étoile sigldi í höfn á fimmtudag.

Gólettur er nafn á frönskum skútum sem hannaðar voru sérstaklega í Frakklandi með sjólag við Ísland í huga og sigldu þær á Íslands-mið ár hvert, hundruðum saman þegar mest var. Þá voru allt að sex þúsund franskir sjómenn á miðunum. Étoile er smíðuð árið 1932 eftir gömlum teikningum.

Almenningi stendur til boða að skoða skútuna, innan sem utan, fram á þriðjudag.

- þea

Sjóðurinn hefði þurft framlag: AFL sameinast Arion banka

VIÐSKIPTI Samkeppniseftirlitið hefur heimilað sameiningu AFL sparisjóðs og Arion banka.

Sparisjóðurinn hafði um nokkurra mánaða skeið ekki uppfyllt kröfu Fjármálaeftirlitsins um eiginfjárlutfall og hefur Arion banki, sem langstærsti eigandi stofnfjár, unnið að málefnum sjóðsins í samstarfi við stjórn hans, Fjármálaeftirlitið og Samkeppniseftirlitið samkvæmt tilkynningu frá bankanum.

Selja átti AFL en frá því var fallið. Arion banki átti 99,3 prósent stofnfjár sjóðsins.

- ih

Tariq Aziz lést í fangelsi:

Lifði í fimm ár eftir dauðadóm

ÍRAK Tariq Aziz, nánasti samstarfsmaður Saddams Hussein, lést í fangelsi í Írak, 79 ára gamall. Hann var handtekinn árið 2003 stuttu eftir að innrásarsveitir Bandaríkjanna og bandamanna þeirra felldu stjórn Saddams.

Árið 2009 var Aziz dæmdur í 15 ára fangelsi, stuttu síðar var hann dæmdur í sjö ára fangelsi til viðbótar og árið 2010 var hann svo dæmdur til dauða.

Ráðamenn í Írak virðast þó ekki hafa lagt neina áherslu á að framfylgja dauðadómnum.

- gb

Fleiri ummæli virðast skálduð í lokaritgerð

Lokaritgerð nýútskrifaðs viðskiptafræðinema virðist byggð á uppspuna. Enginn þriggja viðmælenda í ritgerðinni kannast við að hafa rætt við höfundinn. Nemandinn fékk átta í einkunn, en ritgerðin er full af stafsetningar- og málfarsvillum.

MENNTAMÁL Svo virðist sem fleiri ummæli í lokaritgerð nýútskrifaðs viðskiptafræðinema frá Háskóla Íslands séu byggð á uppspuna en áður var talið. Í gær greindi Fréttablaðið frá því að svo virtist sem í ritgerðinni væri skáldað viðtal við Friðrik Pálsson, hótelhaldara á Hótel Rangá.

Ritgerðin byggir meðal annars á viðtölum og gögnum frá ferðabjónustuaðilum á Suðurlandi sem Fréttablaðið hefur fengið staðfest að séu fölsuð.

„Ég hef aldrei séð nemandann eða heyrt í honum og ég bara veit ekkert hver hann er,“ segir Henk Hoogland, eigandi gistiheimilisins Fagralundar í Reykholti.

„Þetta er svo heimskulegt. Ef þú vilt vera með gráðu þá gerir þú það ekki með svindli,“ segir Henk, sem var erlendis 3. desember síðastliðinn þegar viðtal við hann átti að hafa verið tekið samkvæmt heimildaskrá ritgerðarinnar.

Athygli vekur að ritgerðin er full af málfars- og stafsetningarvillum en nemandinn fékk 8 í einkunn fyrir ritgerðina og er útskrifaður viðskiptafræðingur í dag.

Í gær staðfesti Friðrik að höfundur ritgerðarinnar hefði aldrei rætt við hann og að viðtal við hann í ritgerðinni væri falsað. Auk þess er vitnað í ýmis töluleg gögn um Hótel Rangá sem Friðrik rekur og staðfesti hann að þau væru einnig skálduð.

Fréttablaðið hefur einnig staðfest að viðtal við þriðja viðmælenda í ritgerðinni sé uppspuni. Viðmælandinn kaus að koma ekki fram undir nafni.

Upp komst um málið í kjölfar þess að Friðrik fékk ábendingu um að fram væri komin ritgerð sem byggðist á rekstri hans. Friðrik, sem kannaðist sjálfur ekkert við að hafa svarað spurningum frá ritgerðarhöfundu, vakti athygli viðskiptafræðideildar á málinu fyrir tveimur mánuðum.

Runólfur Smári Steinþórsson, deildarforseti viðskiptafræðideildar, staðfestir í samtali við Fréttablaðið að málið sé til rannsóknar hjá deildinni þar sem grunur leiki á misferli.

„Ég hef þó fullvissu fyrir því að umræddur nemandi fékk mjög margar athugasemdir frá leiðbeinanda sínum við smíði ritgerðarinnar,“ segir Runólfur en ekki náðist í Þórhall Örn Guðlaugsson, dósent og leiðbeinanda við gerð umræddrar ritgerðar, við vinnslu fréttarinnar.

Aðspurður um ástæður tafa



Alvarlega litið á misnotkun á trausti

„Háskólastarfsemi byggir á trausti. Ef rétt reynist í þessu tilviki og um misnotkun á trausti er að ræða þá verður tekið alvarlega á því,“ segir Kristín Ingólfssdóttir, rektor Háskóla Íslands, sem hefur fylgst með ritgerðarmálinu síðan hún frétti af því í fyrradag.

„Málið hefur verið á borði viðskiptafræðideildar,“ segir Kristín, en bætir við að það gefi skólanum tilefni til þess að fara betur yfir verklagsreglur. „Við höfum að undanfögnu innleitt hertar verklagsreglur varðandi réttindi og agaviðurlög stúdenta. Einnig höfum við gert það að nota kerfisbundnið ritstuldarforrit en það er erfitt að verjast óheiðarleika þegar um er að ræða eiginlega aðferðafræði eins og virðist vera í þessu tilfalli,“ segir Kristín.

Varðandi hvort um áfellingisdóm sé að ræða fyrir Háskóla Íslands segist Kristín ekki telja að svo sé. „Ef rétt reynist er um grafalvarlegt brot að ræða. Hins vegar getur það ekki talist áfellingisdómur fyrir heila stofnun að einn einstaklingur af fjórtán þúsund nemendum gerist brotlegur.“

Orðrétt úr ritgerðinni

Í byrjun ritgerðar: Rannsóknarspurningin sem varð fyrir valinu er því svo-hljóðandi: „Hversu fýsilegt er að ráðast í framkvæmdir og rekstur á nýju Hótelu og baðaðstöðu á Suðurlandi“

Í niðurlagi ritgerðar: Til að byrja með var lagt upp með rannsóknarspurninguna: „Eru forsendur til staðar fyrir byggingu og rekstur á smáhúsum til leigu ásamt baðaðstöðu.“

Ótal dæmi eru um innsláttarvillur og hroðvirkni í textasmíði: Að lokum verður ferðabjónustan skoðuð útfrá aðkomu stjórnvalda. Enn fremur verður ytra og innra umhverfi greinarinnar skoðað með tólum markaðsgreiningar. Markaðssetningu áfangastaða og mikilvægi þeirra. [...]

„Einhverjar hræringar hafa verið á veitingarekstri í sveitinni og samkvæmt er tilkostnaður og fyrirhöfn mikil. [...]

Að lokum var notast við nýtingarprósentu sem viðmælandi höfundar taldi vera ásættleg nýting fyrir hótél svo það teljist fýsileg fjárfesting. [...]

Það er mat höfundar, eftir að hafa talað við hina ýmsu aðila innan ferðabjónustunnar að það sé vöntun fyrir afþreyingu, einhverju einu stoppi í viðbót við Gullna hringinn. Ortröðin á Geysi svæðinu er orðin svo mikið að, fólk úr sveitinni forðast það eins og eldinn að fara þangað yfir háannatímann.

við rannsóknina segir Runólfur að ferlið geti af ýmsum ástæðum tekið nokkurn tíma. „Það eru gildar ástæður fyrir því að þetta tiltekna mál hafi tekið tíma. Málið er í forgangi.“

Runólfur segir að öll mál þar sem grunur vakni um misferli séu tekin afar alvarlega og fari

í ákveðið ferli. Brot geti leitt til áminningar, brottrekstrar eða afturköllunar prófgráða.

„Meginreglan er þó að nemandinn ber ábyrgð á verki sínu,“ segir Runólfur, sem reiknar með niðurstöðu í málinu innan tveggja til þriggja vikna.

nadine@frettabladid.is

Ægis tjaldvagn

Par sem ferðalagið byrjar

Korputorg
112 Reykjavík
Sími 551 5600
utilegumadurinn.is

Útilegu maðurinn
SEGLAGERÐIN ÆGIR

Opíð mán-fös kl. 10-18 - lau-sun kl. 12-16

Gleðilega hátíð



JONSSON & LEWACKS • JÚLIS • SÍA

01.06.2015 → 07.06.2015



20
MILLJÓNIR
MÁLTÍÐA

er framleiðsla ís-
lenskra sjávarútvegs-
fyrirtækja – á dag.

75% íbúa


höfuðborgarsvæðisins flokka
sjaldan eða aldrei lífrænan
eldhúsurgang, þ.e. matarleifar.



5.000

MANNSS

var bjargað á Miðjarðarhafi.
TF-SIF, þýrta Landhelgisgæsl-
unnar, kom að björguninni.



11 stöður

sérgrænalækna
voru auglýstar
hjá Sjúkra-
húsinu á
Akureyri í vor
– enginn hefur
sótt um.



6 VEIÐIÁR

eiga það
sammerkt að
eldissilungur
hefur veiðst þar
síðasta árið.



6,6 kílómetra

er búið að grafa af
Norðfjarðar-
göngum.



SKIPIÐ RÉTT VIÐ Stórir kranar voru not-
aðir til að koma skipinu á réttan kjöl í ánni.
FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Skipi komið á réttan kjöl:

Leita að líkum í skipinu

KÍNA Einungis var búið að finna 97 lík í gær af þeim rúmlega 340 manns sem talið er að hafi farist með skemmtiferðaskipinu Austur-stjórnunni, sem sókk í Yangtse-fljóttinu á mánudaginn.

Í gær tókst að rétta skipið við og voru strax sendir kafarar og aðrir björgunarmenn til þess að leita að fleiri líkum í skipinu. Alls voru meira en 450 manns um borð. Einungis fjórtán komust lífs af, þar á meðal skipstjórinn og vélstjórninn sem báðir hafa verið hnepttir í varðhald. Skipstjórinn segir skipið hafa lent í fellibyl, en tvennum sögum fer af því.

FANGELSISMÁL

Hólmsheiði bætir ástandið

Nýtt fangelsi á Hólmsheiði verður mesta bylting í fangelsismálum landsins frá árinu 1874, að sögn Páls Winkel fangelsismálastjóra. Fangelsið er nú óðum að taka á sig endanlega mynd en þar verður aðstaða fyrir 56 fanga. Páll segir betrun verða hafða í fyrirrúmi í nýja fangelsinu. „Steinsteypa er ekki betrun en hún er nauðsynlegur partur af henni. Meðal annars vegna þess er hér heimsóknaríbúð, þannig að börn fanga geta dvalið hér í lengri tíma með mömmu eða pabba,“ segir hann.

ÁRÉTTING

Af Vísisútgáfu fréttar af ritgerðarfölsun í Fréttablaðinu í gær mátti skilja að Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður væri aðili að málinu. Svo er alls ekki er bedist velvirðingar á mistökum sem urðu við birtingu fréttarinnar.

Segir nemendur og kennara munu hópast til Reykjavíkur

Verði af breytingum menntamálaráðherra á framhaldsnámi í tónlist er skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar svartýnn á framtíð tónlistarnáms á landsbyggðinni. Hugmynd ráðherra er að allt fé ríkisins sem ætlað er til framhaldsnáms í tónlist renni til eins tónlistarskóla í Reykjavík. Missir fyrir landsbyggðina flytji fólk vegna þessa.

MENNTAMÁL „Ég hef þungar áhyggjur af þessu máli, ekki síst hvað varðar okkar skóla hér á Ísafirði sem og aðra tónlistarskóla úti á landi,“ segir Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar, um hugmyndir sem Illugi Gunnarsson menntamálaráðherra hefur viðr- að – róttækar breytingar á fjármögnun og skipulagi tónlistarnáms á framhaldsstigi.

Hugmyndin er að veita allt fjármagn ríkisins sem ætlað er til framhaldsnáms í tónlist til eins tónlistarskóla í Reykjavík. Sveitarfélög munu þar með reka sína tónlistarskóla án fjárframlags frá ríkinu.

Þetta kemur fram í greinargerð starfshóps sem 25 manna hópur tónlistarskólustjóra af öllu landinu undirritar og Fréttablaðið greindi frá á fimmtudag. Bréf vegna málsins var sent þingmönnum allra flokka, borgarfulltrúum og sveitarstjórnarmönnum.

„Námið við skólann er afar mikilvægur þáttur í lífi þessara ungmenna og mörg þeirra eiga örugglega eftir að verða atvinnu- menn í tónlist. Ég vænti þess að þau myndu flest flytja héðan ef þau ættu ekki kost á tónlistarnámi við sitt hæfi,“ segir Sigríður og bætir við að þeir lengst komnu séu að vissu leyti „hjartað“ í skóla- starfinu. „Þau eru fyrirmyndirnar fyrir hina nemendurna, ótrúlega öflug í félagslífi framhaldsskólans og í menningar- og skemmtanalífi bæjarins almennt. Það yrði því gríðarlegur missir fyrir samfélagið ef þau flyttu suður.“



„Þau eru fyrirmyndirnar fyrir hina nemendurna, ótrúlega öflug í félagslífi framhaldsskólans og í menningar- og skemmtanalífi bæjarins almennt.“

Sigríður Ragnarsdóttir, skólastjóri Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Sigríður telur líklegt að hinir vel menntuðu og hæfu kennarar sem starfa við tónlistarskóla landsins myndu flytja burtu unnvörpum, enda yrði vart nóg fyrir þá að gera í skólunum.

Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna, vildi lögfesta að ríkið styrkti tónlistarnám í samræmi við samkomulag þar um frá hennar ráðherratið árið 2011, en frumvarpið kom aldrei fyrir þingið.

„Það er fullkomin óvissa um hvað verður um þá mörg hundruð nemendur sem eru í framhaldsnámi í tónlist en stór hluti þeirra



ÍSÓFÓNÍAN Síðasta skólaár voru fimmtán ungmenni í Tónlistarskóla Ísafjarðar í námi á framhaldsstigi í tónlist. Þau eru á aldrinum 12-20 ára, þar af fjögur á grunnskólaaldri.
MYND/SIGRÍÐUR

Ráðherra segir aðeins á hugmyndastigi

Mennta- og menningarmálaráðuneytið sendi frá sér tilkynningu í gær vegna „hugsanlegra breytinga á fyrirkomulagi á stuðningi ríkisins við tónlistarnám framhaldsskólanemenda“. Telur ráðuneytið óvarlegt að dregnar séu viðamiklar ályktanir af þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir og stöðu málsins. Það sé á upphafsreit.

Ýmsar hugmyndir til lausnar hafi verið viðræddar, þar á meðal að setja á fót nýjan framhaldsskóla á höfuðborgarsvæðinu með tónlist sem sérgrein. Til að bregðast við þessu hefur verið skipaður starfshópur með fulltrúum ráðuneytisins, fjármála- og efnahagsmálaráðuneytis, Sambands sveitarfélaga og Reykjavíkurborg.

Samráð verði haft við alla hagsmunaaðila og þannig reynt að stuðla að því að sátt náist um málið enda mikið í húfi fyrir framtíð tónlistarnáms á Íslandi, segir þar.

stundar sitt nám utan höfuðborgarsvæðisins. Tónlistarskólarnir í landinu eru undirstaða okkar blómlega tónlistarlífs og ég efast

stórlega um að þessi ráðstöfun verði til að efla starfsemi þeirra um land allt,“ segir Katrín.

svavar@frettabladid.is

Paratilboð til **Spánar**
12. júní

Verð frá **99.900 kr.**
Á mann í vikufé með hálfu fæði á hótél Albir Playa í ALBIR

Skráðu þig í netklúbbinn - VITA.is
VITA - Skógarhlíð 12 - Sími 570 4444

vita VITA er lífið

41 prósent fólks í veitinga-, hótél- og ferðaþjónustu áreitt kynferðislega í starfi: Ungt fólk útsettara fyrir áreitni

SAMFÉLAGSMÁL „41 prósent þeirra sem starfa í veitingageiranum, ferðaþjónustunni og hóteliðnaðinum hefur orðið fyrir kynferðislegri áreitni í starfi,“ segir Steinunn Rögnvaldsdóttir, félags- og kynjafræðingur. Þar af er önnur hver kona sem hefur orðið fyrir áreitni og fjórði hver karlmaður.



STEINUNN RÖGNVALDSDÓTTIR

Starfsgreinasambandið, Matvæla- og veitingafélag Íslands og systursambönd þeirra á Norðurlöndunum standa fyrir ráðstefnu gegn staðalmyndum og kynferðislegri áreitni innan hótél-, veitinga- og ferðaþjónustunnar næstkomandi mánudag klukkan 10.30 á Hótél Natura.

Starfsgreinasambandið ásamt Rannsóknastofnun í jafnréttisfræðum við Háskóla Íslands lét vinna fyrir sig rannsókn um viðfangsefnið. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands annaðist rannsóknina ásamt Steinunni.

„Oftast er það af hálfu viðskiptavina sem starfsmenn verða fyrir áreitni en karlar verða oftast fyrir kynferðislegri áreitni á meðal þeirra á meðan konur



KONUR VERÐA FREKAR FYRIR ÁREITNI Önnur hver kona verður fyrir kynferðislegri áreitni.
NORDICPHOTOS/GETTY

verða frekar fyrir áreitni af hálfu yfirmanna,“ segir hún en um fjórðungur kvenna í úrtaki rannsóknarinnar hafði orðið fyrir kynferðislegri áreitni af hálfu yfirmanna.

Þá er það langalgengast að ungt fólk verði fyrir áreitni en líkt og flestar kenningar um kynferðislega áreitni og einelti snýst þetta oft um valdastöðu einstaklinga. „Ungt fólk er í minni valdastöðu reynsluleysis vegna. Því liggur það betur við höggi þegar kemur að áreitni,“ segir hún.

- sfs



***Ríkulegur staðalbúnaður:** *8 giru sjálfskipting með skiptingu í stýri, Porsche ferðaheðslustöð, leðurinnrétting, rafdrifin þægindasæti fyrir bílstjóra og farþega, hiti í framsætum, stillanleg fjöðrun (PASM), Bi-Xenon ljós, 18" álfelgur, fullkomið hljómkerni með 10 hátölurum, tvöföld sjálfvirk miðstöð með loftkælingu, rafdrifinn afturhleri, skriðstillir (Cruise Control) o.m.fl.

Rafmagns - Porsche!

Á tæknilegri hraðferð inni framtíðina mun Porsche aldrei slá af kröfum sínum um einstaka sporteiginleika og akstursupplifun. Plug-In Hybrid útgáfan af sportjeppanum Cayenne fullnægir þeim markmiðum fullkomlega. Hann getur gengið eingöngu fyrir rafmagn, eingöngu fyrir bensíni eða virkjað báða afgangana jöfnum höndum. Plug-In Hybrid er stungið í samband við heimilisrafmagn og hleðslustöð fylgir með bílnum. Hafðu samband við söluráðgjafa og kynntu þér málið.

Porsche Cayenne S E-Hybrid Verð: 13.490 þús. kr.*

Porsche Cayenne S E-Hybrid
416 hestöfl • 590Nm tog
Hröðun 5.9 sek. 0-100 km/klst.



PORSCHE

**Bilabúð
Benna**
— Sérfræðingar í bílum —

Porsche á Íslandi • Bilabúð Benna
Vagnhöfða 23 • 110 Reykjavík S: 590 2000
porsche@porsche.is • www.benni.is

Opnunartími:
Virka daga frá 9:00 til 18:00
Laugardaga frá 12:00 til 16:00

Borið hefur á því að hinar ýmsu mítlategundir komi til landsins með ferðafólki:

Með blóðsugumítill á maganum

DÝR Blóðsugan stjórnumítill fannst hér á landi í byrjun mánaðarins áfastur kvið íslenskrar konu sem kom til landsins frá austurströnd Bandaríkjanna. Náttúrufræðistofnun barst skordýrið til greiningar og er þetta í annað skipti sem þessi tegund finnst hér á landi. Í fyrra skiptið kom mítillinn til landsins í hársverði barns sem einnig kom frá sama svæði í Bandaríkjunum.

Erling Ólafsson, skordýrafræðingur hjá Náttúrufræðistofnun

Íslands, segir nokkur tilvik hafa komið upp þar sem mítlar hafa tekið sér far með íslenskum ferðamönnum. „Í þessu tilviki hafði konan kroppað af sér hrúður á maganum og séð þá spriklandi lappir. Í Bandaríkjunum er skordýrið sækið í manninn sem og önnur spendýr. Þó að hann beri ekki með sér Lyme-sjúkdóm, líkt og skógarmítillinn, getur hann boðið upp á ýmsa alvarlega kvilla, bæði bakteríur og veirur,“ segir Erling.

Á vef Náttúrufræðistofnunar bendir Erling einnig á að rakka-mítill hafi komið til landsins í síðasta mánuði frá sama svæði. Einnig bendir Erling á að mikilvægt sé að greina tegundina því mikilvægt sé að vita hvaða tegund mítils sé um að ræða. „Mítlar bera mismunandi gerðir sýkla eftir því hver tegundin er og mikilvægt er að vita hvaða sýkingum þarf að vera á varðbergi gagnvart,“ segir Erling.

- sa



BLÓÐPYRSTUR Stjórnumítill (*Amblyomma americanum*) er blóðsuga sem ber með sér bakteríur og veirur sem geta valdið alvarlegum sýkingum. MYND/ERLING ÓLAFSSON



BENSÍNSTÖÐIN Eldurinn barst í nærliggjandi hús. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

175 létu lífið í eldsvoða:

Þjóðarsorg lýst yfir í þrjá daga

GANA Hundrað sjötú og fimm létu lífið í Akkra, höfuðborg Gana, eftir að eldur kom upp á bensínstöð á fimmtudag.

Í umfjöllun breska ríkisútvarpsins BBC kemur fram að eldhafið hafi verið ógurlegt og náð til nærliggjandi húsa. John Dramani Mahama, forseti landsins, hefur lýst yfir þriggja daga þjóðarsorg sem hefst á mánudag.

Talið er að meginþorri þeirra sem létust hafi verið á bensínstöðinni til þess að leita sér skjóls fyrir mikilli rigningu þegar eldurinn braust út.

- ngy

Fjölgaði um 11 prósent í apríl:

Gistinóttum fjölga áfram

Gistinætur á hótélum í apríl voru 174.300, sem er ellefu prósentu aukning miðað við apríl 2014.

Gistinætur erlendra gesta voru 83 prósent af heildarfjölda gistinátta í mánuðinum en þeim fjölgaði um sextán prósent frá sama tíma í fyrra á meðan gistinóttum Íslendinga fækkaði um tíu prósent milli ára.

Flestar gistinætur á hótélum í apríl voru á höfuðborgarsvæðinu, eða 122.800, sem er fimm prósentu aukning miðað við apríl 2014. Næstflestar voru gistinætur á Suðurlandi, eða um 22.800. Erlendir gestir með flestar gistinætur í apríl voru Bretar.

- ngy

Erdogan Tyrklandsforseti hamast í kosningabaráttu

Flokkur Erdogans forseta hefur misst fylgi, en þykir samt eiga meirihluta vísan. Erdogan er þó mest í mun að fá nægilega mikinn meirihluta til að geta breytt stjórnarskrá landsins og tryggja sjálfum sér þar með aukin völd. Margra augu beinast einnig að flokki Kúrda sem gæti núna náð fulltrúum inn á þing í fyrsta sinn.

TYRKLAND Recep Tayyip Erdogan, forseti Tyrklands, hefur farið víða í kosningabaráttunni undanfarið til að tryggja flokki sínum nægan styrk í þingkosningunum á morgun til að geta náð í gegn stjórnarskrárbreytingum, sem eiga að tryggja honum sjálfum aukin völd.

Sjálfur er hann þó ekki í framboði og má reyndar ekki sem forseti blanda sér í þingkosningar. Slík tæknileg atriði lætur hann samt ekki flækjast fyrir sér.

Flokkur hans, Réttlætis- og þróunarflokkurinn, er spáð nokkuð öruggum þingmeirihluta þrátt fyrir að hafa misst fylgi undanfarið. Barátta Erdogans snýst hins vegar um að flokkurinn fái nægilega mörg þingsæti til að geta breytt stjórnarskrá landsins án aðkomu annarra þingmanna.

Hann vill nefnilega breyta stjórnskipun Tyrklands þannig að þar verði forsetaræði, með svipuðum hætti og í Bandaríkjunum og Frakklandi. Þar með yrðu forsetanum tryggð meiri völd en í núverandi stjórnskipun.

Erdogan var forsætisráðherra Tyrklands í þrettán ár, frá 2003 til 2014, en ákvað að bjóða sig fram til forseta á síðasta ári eftir að hafa unnið jafnt og þétt að því að styrkja völd bæði forseta og stjórnarmeirihlutans. Lokahnykkurinn í því ferli á að verða gildistaka nýrrar stjórnarskrár, sem margir óttast að geri Erdogan nánast að einræðisherra.

Kosningarnar gætu einnig

→ Erdogan var forsætisráðherra Tyrklands í 13 ár, frá 2003 til 2014, en ákvað að bjóða sig fram til forseta á síðasta ári eftir að hafa unnið jafnt og þétt að því að styrkja völd bæði forseta og stjórnarmeirihlutans. Lokahnykkurinn í því á að verða gildistaka nýrrar stjórnarskrár.

markað tímamót fyrir HDP-flokkinn, sem er stjórnmálaflokkur Kúrda. Flokkurinn virðist eiga möguleika á því að komast yfir tíu prósentu þröskuldinn og þannig ná manni inn á þing í fyrsta sinn í sögunni.

Reyndar hefur flokkurinn verið með fulltrúa á þingi, en það tókst með því að bjóða fram óháða frambjóðendur. Flokkurinn tekur áhættu með því að bjóða fram flokkslista að þessu sinni, því samkvæmt skoðanakönnunum munar litlu á því hvort niðurstaðan verður ofan eða neðan við tíu prósentu þröskuldinn.

Til þess að ná manni inn á þing þarf flokkur að fá 10 prósent atkvæða, sem er óvenju hár þröskuldur.

Óvissan er samt töluverð, bæði vegna hættu á kosningasvindli og vegna þess að engar skoðanakannanir hefur mátt gera síðustu tíu dagana fyrir kosningar.

gudsteinn@frettabladid.is



KOSNINGASTEMNING Kosningaspjöld sjást víða í Tyrklandi þessa dagana. Parna má sjá andlit þeirra Ahmets Davutoglus forsætisráðherra og Recept Tayyip Erdogans forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

Stærstu flokkarnir

AK

Réttlætis- og þróunarflokkurinn, stofnaður 2001.

Flokkur Erdogans forseta og Davutoglus forsætisráðherra.

Hlaut **49,8%** í kosningum 2011, spáð **41%** nú.

HDP

Lýðræðisflokkurinn, stofnaður 2012.

Flokkur Kúrda.

Hlaut **6,6%** í kosningunum 2011, spáð **11%** nú.

CHP

Lýðveldisflokkurinn, stofnaður 1992 í núverandi mynd.

Sósíaldemókrataflokkur, upphaflega stofnaður árið 1923 af Kemal Atatürk, fyrsta forseta Tyrklands.

Flokkurinn var lengi vel ráðandi afl í Tyrklandi.

Hlaut **26%** í kosningunum 2011, spáð **27%** nú.

MHP

Þjóðernishreyfingin, stofnuð 1969. **Flokkur hægrri þjóðernissinna.** Hlaut **13,1%** í kosningunum 2011, spáð **18%** nú.



Nicorette® QuickMist munnholsúðinn

virkar á 60 sek.

- og reykingalöngunin minnkar

Nicorette QuickMist munnholsúði er nikótínlyf sem dregur úr fráhrarfseinkennum og nikótínþörf þegar reykingum er hætt.



2 pakkningastærðir: 1 stk. og 2 stk.

nicorette auðveldar þér að hætta að reykja

Nicorette® QuickMist munnholsúði, lausn (inniheldur nikótín, inniheldur hjálparefnið etanol/alkóhól, innan við 100 mg af etanólí/úða) er ætlaður til meðferðar við tóbaksfíkn með því að draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum. Helst á að nota lyfið samhliða atferlismeðferð ásamt stuðningi. Skammtar: Hættu skal reykingum á meðan meðferð stendur. Börn yngri en 18 ára eiga ekki að nota lyfið. Fullorðnir: Notu má allt að 4 úða á klst. en ekki fleiri en 2 úða við hverja skömmtun og ekki fleiri en 6 klst. á sólarhring. Eftir 6 vikna meðferð á að byrja að draga úr daglegum úða fjölda. Ekki er mælt með notkun lengur en 6 mánuði. Sumir geta þurft meðferð í lengri tíma til að koma í veg fyrir bakslag. Frábendingar: Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnum. Þeir sem aldrei hafa reykt. Varnaband: Reykingafólk með nýlegt hjartaðrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skal einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar og leita ráða hjá lækni við notkun Nicorette hjá einstaklingum sem hafa fengið ofnæmisþjóg eða ósákláða, eru með skerta lífrar-eða nýrnastarfsemi, sykursyki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhöf, kromfíklæxli, skeifugarnar- eða magasár eða vélindabólgu. Yfirferð ávanabinding getur komið fyrir. Gæta skal þess að úða ekki í augu. Aðgát í návist barna: Nikótínkammtar sem fullorðnir þola geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænar líflum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá. Meðgangi og þröstagjöf: Eingöngu skal nota Nicorette í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst til fósturs og hefur áhrif á óndunarhreyfingar og blóðrás þess. Nikótín berst í brjóstamjólki í magni sem getur haft áhrif á brjóstmjólk. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Matkaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboði á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000. ISNIC2014-12-Q-1

Stærsti bílasýningarsalur landsins

**Gerðu samanburð á
nýjum bílum frá öllum helstu
umboðum landsins á
Lykill.is**

Hvort sem þú ert að hugsa um að kaupa
eða leigja þá finnurðu bílinn á **Lykill.is**

Það hefur aldrei verið einfaldara að
endurnýja bílinn!

18. júní í 11 nætur

2
FYRIR
Flugsæti frá kr. 47.450

Bókaðu sól á

Bodrum & Marmaris

Heimsferðir bjóða Íslendingum í sólarferðir til Bodrum og Marmaris í Tyrklandi, sem eru meðal eftirsóttustu áfangastaða Tyrklands. Tyrkland er stórbrotið land þar sem austrið mætir vestrinu og heimsálfurnar Evrópa og Asía mætast, enda er hjartsláttur austursins alltaf nálægur. Hér er verðlag hagstætt, fallegar smábátahafnir með iðandi mannlífi, brosandir fólk, fjörukt næturlíf, og heillandi markaðir.

BODRUM – Eken Resort

Frábært verð

Frá kr. 94.900
m/allt innifaliðNetverð á mann
Frá kr. 94.900 m.v. 2
fullorðna og 2 börn í
herbergi.Frá kr. 117.900 m.v. 2
fullorðna í herbergi.

BODRUM – Bitez Garden

Frábært verð

Frá kr. 99.900
m/allt innifaliðNetverð á mann
Frá kr. 99.900 m.v. 2
fullorðna og 2 börn í
herbergi.Frá kr. 127.900 m.v. 2
fullorðna í herbergi.

MARMARIS – Grand Cettia

Frábært verð

Frá kr. 114.400
m/allt innifaliðFrá kr. 114.400 m.v. 2
fullorðna og 2 börn í
fjölskylduherbergi.Frá kr. 134.900 m.v. 2
fullorðna í herbergi.

MARMARIS – Club Aida

Frábært verð

Frá kr. 69.900
án fæðisFrá kr. 69.900 m.v. 2
fullorðna og 2 börn í
herbergi.Frá kr. 86.900 m.v. 2
fullorðna í herbergi.LBI hefur óskað eftir að fá að greiða 124 milljarða til forgangskröfuhafa:
Vilja undanþágu frá Seðlabanka

Þann 26. maí síðastliðinn sendi slitastjórn LBI hf. beiðni til Seðlabanka Íslands um undanþágu frá gjaldeyrishöftum til að greiða viðurkenndar forgangskröfur að jafnvirði um 123,5 milljarða króna miðað við gengi þann daginn. Upphæðin samsvavar öllum handbærum gjaldreyri LBI.

Sex dögum áður var endanlega staðfestur fyrir dómi í Skotlandi samningur slitastjórnar LBI og skiptastjóra Heritable Bank um

lausn ágreiningsmála um kröfur og gagnkröfur milli aðilanna.

Samkvæmt því fékk LBI viðurkennda almenna kröfu að fjárhæð 70 milljónir punda og eftirstæða kröfu að fjárhæð 7 milljónir punda. LBI hf. hefur þegar fengið greiddar 65,8 milljónir punda upp í hinar samþykktu kröfur. Tekið er mið af greiðslunni, sem barst LBI á öðrum ársfjórðungi, í áætluðum endurheimtum LBI vegna Heritable Bank í fjárhagsupplýsingum fyrsta ársfjórðungs.



SLITASTJÓRN LBI Sótt hefur verið um heimild til að greiða út hátt í 126 milljarða. FRÉTTABLAÐIÐ/TRAUSTI

Slátrurum og bændum haldið í gíslingu

Stjórnendur Haga, Festar og Samkaupa hafa áhyggjur af kjötskortri vegna verkfalls. Forstjóri Festar segir kjötvinnslumönnum og nautgripabændum haldið í gíslingu. Framkvæmdastjóri Samkaupa segir áskorun að takast á við að greiða hærri laun.

KJARAMÁL Ómar Valdimarsson, framkvæmdastjóri Samkaupa, og Jón Björnsson, forstjóri Festar, segja mikinn skort á nautakjöti í verslunum fyrirtækjanna. Hið sama kemur fram í fréttatilkynningu sem Hagar sendu frá sér á fimmtudag.

Samkaup rekur verslanir Samkaupa Úrvals, Samkaupa Strax, Nettó og Kaskó, Festi rekur verslanir Krónunnar, Kjarvals og Nóa-túns og Hagar reka verslanir Bónuss og Hagkaups.

Ómar segir ástandið í verslunum almennt ágætt. Nóg sé til af lambi, svíni og frosnum kjúklingi en skortur sé á nautakjöti. „Okkur hefur gengið vel að halda uppi framboði. Við höfum nýtt okkur aðrar lausnir, til dæmis með því að bjóða upp á meiri kalkún,“ segir Ómar.

Hljóðið er þyngra í Jóni Björnsyni.

„Ég held það sé komið gott af nautakjötsskortri. Það er til nóg af kjúklingi, svíni og lambi en engir hamborgarar og þar er opinber stofnun að halda fyrirtækjum í gíslingu, ekki okkar fyrirtæki heldur kjötvinnslum og nautgripabændum. Það er svakalegt að opinber stofnun haldi þeim í gíslingu,“ segir Jón og vísar til verkfalls dýralækna hjá Matvælastofnun.

Jón segir verslanir Festar ekki geta leyst út hinar ýmsu vörur af hafnarbakkanum vegna verkfallsins og að nú séu einhverjar þeirra farnar að skemmast. „Þá erum við komin í matarsóun sem er af völdum hins opinbera,“ segir Jón sem spyr hvort það sé virkilega nauðsyn að fá vottun íslenskra dýra-



SKORTUR Jón Björnsson segir skort á nautakjöti leggja rekstur hamborgarastaða í rúst. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

lækna til viðbótar við vottun dýralæknis frá upprunalandi vörunnar.

„Verslunin er í mun betra ástandi en sumir veitingastaðir. Ef þú ert að reka hamborgarastað færðu enga hamborgara, þá er bara verið að leggja businessinn þinn í rúst,“ segir hann.

Jón segist ánægður með nýja kjarasamninga. Hann sé sáttur við að samningar séu til lengri tíma því þá er auðveldara að taka ákvarðanir um fjárfestingar. Ómar er einnig sáttur við lengd samninga.

„Það er ljóst að það verður mikil áskorun að takast á við þann kostnað sem fylgir hærri launum en á móti kemur að þetta eru samn-



„Ef þú ert að reka hamborgarastað færðu enga hamborgara, þá er bara verið að leggja businessinn þinn í rúst.“

Jón Björnsson, forstjóri Festar.

ingar til langs tíma, það gefur fyrirtækjum séns á að vinna úr stöðunni á löngum tíma,“ segir Ómar um samningana. thorgnyr@frettabladid.is

Jóhanna Maríu blöskrar umræðuhefðin á meðal þingmanna á Alþingi:
Ekki boðleg orðræða í þinginu

ALÞINGI Jóhanna María Sigmundsdóttir, þingkona Framsóknarflokksins, kvaddi sér hljóðs á þingi í gær undir liðnum Um störf þingsins. Í ræðu sinni nýtti hún tækifærið til að kenna þingheimi mannasiði. Að hennar mati væri talsmáttinn og fúkyrðaflaumurinn óboðlegur Alþingi Íslendinga.

Jóhanna María segir óviðeigandi orðfæri og framkomu hafa ágerst í þinginu síðustu vikur og að hennar mati hafi verið nóg komið.

„Ég var búin að ganga með þetta í maganum þessa vikuna og fannst réttast að segja skoðun mína á þingstörfunum. Ungt fólk í kringum mig hefur síðustu daga og vikur spurt mig hvernig ég geti unnið við þessar aðstæður,“ segir hún og kveðst vilja að ungt fólk geti hugsað til þingsins á þá leið að það gæti hugsað sér að vinna á þeim vinnustað. „En svo sannarlega er það ekki þannig í dag,“ segir hún.

Jóhanna María segir að Alþingi sem vinnustaður verði að breytast. „Ef við höguðum okkur svona á einhverjum öðrum vinnustað væri búið að gera eitthvað í málinu. Við verðum að láta verkin tala og sýna það að við viljum breyta einhverju.“



PARF AÐ BREYTAST Jóhanna segir boðbera nýrrar nálgunar á stjórn málin ekki hafa sýnt hana í verki á yfirstandandi þingi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

The logo for VÍS, consisting of the letters 'VÍS' in a white, stylized font on a red square background.

VÍS

VIÐ VITUM HVAÐ SJÓMANNADAGURINN SKIPTIR MIKLU MÁLI

Starfsfólk VÍS sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra
bestu kveðjur í tilefni sjómannadagsins.

Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands, segir að leitað sé lausna til að tryggja opnun ferðamannastaða:

Hálendi landsins er lokað vegna gífurlegs snjóþunga

FERÐAÞJÓNUSTA „Það er óhemjumikill snjór að fjallabaki og um allt hálendið,“ segir Páll Guðmundsson, framkvæmdastjóri Ferðafélags Íslands.

Ferðafélagið á marga skála uppi á hálendi á borð við skálana við Landmannalaugar, við Laugavegin og á Kili.

„Við höfum átt fundi við Umhverfisstofnun, Vegagerðina og ferðaþjónustuna um hvernig megi opna svæðið,“ segir Páll



PÁLL GUÐMUNDSSON

en hann leggur mikla áherslu á að raska ekki náttúrunni við að opna svæðið. Vegagerðin er að skoða aðstæður og kanna hvort hægt sé að moka frá og flýta fyrir opnun.

Margir ferðamenn hafa bókað dvöl í

skálunum í sumar en Páll telur að sumaropnun svæðanna, sem átti að vera 15. júní, tefjist eitthvað og bókunar raskist.

„Þær eru í uppnámi ef ekki verður búið að opna. Ef sól er mikil og vindar eru hagstæðir er þetta fljótt að gerast. Það tekur náttúruna samt langan tíma að losa sig við vatn og krap,“ segir hann. „Við vonum það besta.“



LOKAÐ Í LANDMANNALAUGUM Þessir ferðamenn létu snjóþungann ekki hafa áhrif á sig. MYND/SMÁRI

TENNISÆFINGAR FYRIR 13-18 ÁRA
byrjendur í sumar
virka daga kl. 16.30-18

Upplýsingar & skráning í síma 564 4030 og á tfk.is



Tennisfélag Kópavogs

AÐALFUNDUR KRÝSUVÍKUR-SAMTAKANNA



Haldinn í Guðríðarkirkju, Grafarholti
mánudaginn 29. júní 2015 – kl. 17.00

DAGSKRÁ

1. Formaður setur fund og skipar fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar
3. Skýrsla rekstrarstjórnar
4. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram
5. Fyrirspurnir og umræður um reikninga og skýrslur
6. Kosningar
7. Önnur mál

Stjórnin



MANNRETTINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Mánudaginn 8. júní kl. 12.00 í stofu 101 í Odda

Thorbjørn Jagland

framkvæmdastjóri Evrópuráðsins

ÖRYGGI Í LÝÐRÆÐISRÍKJUM Eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans Áskoranir í Evrópu

Thorbjørn Jagland, framkvæmdastjóri Evrópuráðsins, flytur erindi um öryggi í lýðræðisríkjum, eftirlitskerfi mannréttindasáttmálans og áskoranir í Evrópu. Í erindi sínu ræðir framkvæmdastjórinn m.a. um stöðu mannréttinda í baráttunni gegn hryðjuverkum og um framtíðarskipan Mannréttindadómstóls Evrópu.

Allir velkomnir.



MANNRETTINDASTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS



UTANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ



FRUMVÖRPIN KYNNT Ráðherrar fengu fyrst að sjá frumvörp um afnám hafta á ríkisstjórnarfundum í gær. Bjarni Benediktsson gaf sér tíma til að ræða við blaðamenn í fundarhléi. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Afnám hafta sett í lög í þessum mánuði

Frumvörp um afnám hafta voru kynnt í ríkisstjórn í gær. Á að samþykkja á Alþingi í þessum mánuði. Brynt hefur verið fyrir ráðamönnum að tala varlega um tekjur sem myndast. Horft til niðurgreiðslu skulda. Málið verður kynnt eftir helgi.

EFNAHAGSMÁL Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðgjafi, kynnti tvö frumvörp um afnám hafta fyrir ríkisstjórn í gær. Hann vonast til að þau verði að lögum í þessum mánuði og þannig verði hægt að hefja ferlið til að afnema höftin sem staðið hafa í tæp sjö ár. Ríkisstjórnin mun afgreiða málin á mánudag. Þá verða þau kynnt fyrir samráðshópi um afnám hafta og þingflokki og fara í almenna kynningu á mánudag eða þriðjudag.

Rætt hefur verið um að settur verði á stöðugleikaskattur upp á 40 prósent. Bjarni vildi ekkert tjá sig um efni frumvarpanna. „Nú ertu að spyrja mig um efnisatriði málsins sem við viljum ekki kynna fyrr en við höfum fyrst kynnt málið fyrir samráðshópi flokkanna og síðan fyrir þingflokki. Þegar því ferli er lokið munum við halda opinbera kynningu á málinu þar

sem verður farið nákvæmlega yfir efnisatriðin, en það er gríðarlega ánægjulegt og stórt skref að vera komin fram með málið og hafa náð að leggja það fyrir ríkisstjórn og við förum mjög ítarlega yfir málið á þessum fundi.“

Fréttablaðið hefur heimildir fyrir því að brynt hafi verið fyrir ráðamönnum að tjá sig ekkert um þær tekjur sem frumvörpin gætu skilað ríkissjóði. Slíkt tal gæti styrkt málflutning kröfuhafa fyrir dómi, en fastlega má búast við að málið endi þar. Bjarni vildi þó lítið um það segja.

„Ég ætla engu að spá um það hvort þetta fer fyrir dómstóla, en við höfum notað síðustu tvö ár mjög vel til að glöggva okkur á stöðunni og væntingum og hvað það er sem er líklegast til þess að skila árangri fyrir okkur í þessu. Það er aðalatriði.“

„Ég ætla engu að spá fyrir um það hvort þetta fer fyrir dómstóla, en við höfum notað síðustu tvö ár mjög vel til að glöggva okkur á stöðunni og væntingum.“

Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðgjafi.

Ljóst er að stöðugleikaskattur muni skila ríkissjóði umtalsverðum tekjum. Að hluta til eru þær þó í formi þess að spara útgjöld sem annars hefðu orðið.

Ráðamenn hafa ekki viljað tjá sig um í hvað tekjurnar verði nýttar, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins er sérstaklega horft til þess að greiða niður skuldir.

kolbeinn@frettabladid.is

Fjármálaráðgjafi segist ekki setja lög á verkfall á meðan líf er í viðræðum:

Lög á verkfallið í undirbúningi

KJARAMÁL Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðgjafi, segir ríkisstjórnina ekki kalla eftir lögum á verkfall BHM á meðan enn er líf í viðræðum. Fréttablaðið hefur þó heimildir fyrir því að slík lagasetning sé í bígerð og lög verði sett eftir helgi, jafnvel strax á mánudag, hafi ekki samist.

„Við erum ekki, á meðan það er líf í viðræðum, að boða lög á verkfallið. Ég verð samt að segja það að ég hef áhyggjur af því að ekki skuli hafa verið boðað til fundar og það skuli ekki hafa náðst betur saman á síðasta fundi með BHM,“ sagði Bjarni í gær, þegar hann ræddi við blaðamenn í hléi sem gert var á ríkisstjórnarfundum.

Bjarni sagði ekki á dagskrá þess fundar að ræða lög á verkfallið, en staðan í kjarasamningum yrði rædd. Hann hefði þó þungar áhyggjur af málinu.

„Þetta eru viðræður sem hafa verið í gangi í mjög, mjög langan tíma. Þetta mál horfir þannig við mér að það eru einfaldlega of miklar væntingar um breytingar í einu skrefi, í einum samningi, og það er verið að biðja um að hlutir séu leiðréttir sem hefur eitthvað misgengi verið með, jafnvel tíu ár aftur í tímann. Það er eitthvað sem við getum ekki orðið við.“



MÓTMÆLI Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðgjafi og Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðgjafi í hópi mótmælenda í gær. Þar mótmæltu félagar í BHM. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Audi A3 e-tron

Nýir tímar kalla á nýja tækni.

Audi A3 e-tron sameinar helstu kosti raf- og bensínbíla. Raforkan ein og sér dugar í flestar ferðir innanbæjar, eða allt að 50 kílómetra. Í lengri ferðum gengur sparneytin bensínvél til liðs við e-tron rafdrifið svo samantölgð akstursdrægni er 940 kílómetrar. Með Audi A3 e-tron eru þér allir vegir færir.

A3 Sportback e-tron, 204 hö, 7,6 sek 0-100 km/klst.,
CO₂ 35 g/km, eyðsla: 1,5 l. í blönduðum akstri.
Verð frá 5.190.000 kr.

Opið í dag kl. 12-16



Þrjár laxar á fyrsta hálf tímanum

Laxveiðisumarið hófst í gær á mun jákvæðari nótum en menn þorðu að vona eftir kalt vor og litla laxgengd í fyrrasumar. Norðurá gaf lax innan nokkurra mínútna og Blanda einnig. Þegar fyrri vakt dagsins lauk hafði Norðuráhollið sett í tólf laxa en misst átta af þeim.

Þrátt fyrir hrakspár og kalt vor hófst laxveiðitímabilið með hveli í gær með opnun Norðurár, Blöndu og Straumanna í Hvítá. Áður en klukkutími var liðinn af veiðitímanum hafði fjórum löxum þegar verið landað; þremur í Norðurá og einum í Blöndu. Allar bjartsýnisspár á þeim grunni hafa þó holan hljóm þar sem vel gekk í fyrri í upphafi daprasta veiðisumars sem menn þekkja til.

Lauflaus skógur

Norðurá tók á móti fyrstu gestum sínum þetta sumarið í góðu veðri, en birkiskógurinn ber þess merki hversu kalt vorið hefur verið. Áin var þó í kjörvatni, að sögn þeirra sem gerst þekkja.

Einar Sigfússon, sölustjóri Norðurár, ákvað í þetta skiptið að bjóða veiðimönnum sem ekki þarf að kynna sérstaklega fyrir landsmönnum að opna ána; Björgvini Halldórssyni og Bubba Morthens. Takmark Einars er að hafa áhrif á viðhorf fólks til stangveiði sem hann telur að eigi undir högg að sækja. „Menn bera kinnroða fyrir að bjóða fólki í veiði sem þvert á móti á að vera kappsmál því við eigum ekkert stórkostlegra en laxveiði til að bjóða erlendum og innlendum gestum. Því miður kom spillingarstimpill á stangveiðina í og eftir hrúnið sem ég vil breyta,“ sagði Einar en gestir hans í fyrri voru oddvitar stjórnarflokkanna, þeir Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson. Skilaboðin í það skiptið fóru fyrir ofan garð og neðan, segir Einar enda var koma ráðherranna nokkuð gagnrýnd.

Sénsinn er á Eyrinni

Lax hafði sést fyrr í vikunni á Brotinu – þekktum veiðistað í Norðurá þar sem sá kastar jafnan fyrstur sem opnar ána. Vatnsstaðan gaf þó tilefni til þess að áætla að veiðivonin væri meiri á Eyrinni, veiðistað beint á móti Brotinu. Varð mönnum því að ráði að gestirnir Bó og Bubbi myndu byrja ballið þar. Einar stóðst þó ekki mátið og kastaði á Brotið, og stuttu síðar tók fallegur lax litla Sunray Shadowtúbu en losaði sig strax. Augnabliki síðar tók falleg 8 punda hrygna flugu Einars og var landað skömmu síðar. „Þetta átti nú ekki að fara svona,“ sagði Einar og vísaði til þess að gestum hans hefði verið ætlaður fyrsti laxinn. Það kom hins vegar ekki að sök, því Bubbi setti í lax skömmu eftir að hrygna Einars synti aftur út á Brotið.



NR.1 Fyrsti lax sumarsins lét ekki bíða eftir sér. Einar Sigfússon landaði gullfallegrí átta punda hrygnu þegar aðeins 20 mínútur voru liðnar af veiðitímanum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Meðan Bubbi þreytti sinn fisk – sem menn áætluðu að hefði verið um 9 pundin – bárust fréttir af því að Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir hefði landað 77 sentímetra hrygnu á Bryggjunum.

Lofar góðu?

Einar var ánægður með byrjunina, nema hvað. Hvert forspárgildi þessa fyrsta klukkutíma væri gaf hann lítið út á, minnugur þess að mikil bjartsýni ríkti eftir fyrstu daga síðasta sumars. Það reyndist á sandi byggt. Einar er varkár, en vonar að Norðurá gefi 2.000 laxa hið minnsta. Allt umfram það væri bónus.

svavar@frettabladid.is



VANIR MENN Bó og Bubbi opnuðu Norðurá í gær í boði Einars Sigfússonar, sölustjóra árinna. Bubbi hafði á orði að hringt hefði verið inn í kauphöll dýrðarinnar.



KÓNGURINN Það eru sagðar sögur í veiðihúsum og eins og glöggt má sjá af þessari mynd þá leiddist Bubba Morthens það ekkert að fá tækifæri til að kasta á nýrunninn laxinn í Norðurá í gær. Sagan var þó þess eðlis að hún verður ekki höfð eftir.



VICTORY! Þrjár laxar komu á land á fyrsta hálf tímanum í Norðurá, og þann þriðja veiddi Bubbi á Eyrinni – laxinn var vel haldinn 9 punda hængur. Með Bubba er Elvar Friðriksson, yfirleidsögumaður við Norðurá.

**BYRJENDANÁMSKEIÐ Í
TENNIS FYRIR FULLORÐNA
eru að hefjast**

**Skráning stendur yfir í síma
564 4030 og á tennishollin.is**

TENNISHÖLLIN
Kópavogi

YKKUR ER BOÐIÐ Á FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ HB GRANDA Á SJÓMANNADAGINN 7. JÚNÍ

Til að fagna Sjómannadeginum bjóðum við til fjölskylduskemmtunar hjá HB Granda við Norðurgarð.

Við opnum svæðið kl. 13.00. Boðið verður upp á humarsúpu, þorsbita, kökur, snúða, kleinur og popp. Einar Einstaki verður með spilagaldra og HB Grandi gefur spilastokka. Á svæðinu verður stultufólk frá Sirkus Íslands og boðið verður upp á andlitsmálningu. Leiktæki fyrir börn á öllum aldri og fjörug dagskrá fyrir alla fjölskylduna.



SKEMMTIDAGSKRÁ

- Atli Þór heldur uppi fjörinu
- Latibær kemur hreyfingu á mannskapinn
- Einar Einstaki sýnir spilagaldra
- Lína Langsokkur
- Flökunarkeppni Fræga Fólksins
- Skoppa og Skríttla syngja og leika

Dagskrá lýkur kl. 16.00

Komdu og njóttu Sjómannadagsins með fjölskyldunni.

BEIENSKA/SALUS/ORA/72548/06/15



#HBGRANDI


TÓNLIST, HLAUP OG

Miðborg Reykjavíkur mun iðá af lífi í dag þegar litahlaup Alvogen fer fram í fyrsta sinn á Íslandi.

Alvogen býður alla velkomna í Hljómskálagarðinn til að verða vitni að einstökum viðburði.



LITIR, GLEÐI



THE COLOR RUN.

- START** Litahlaupið hefst í Hjómskálagarðinum
- 1 KM LITASTÖÐ**
- 2 KM LITASTÖÐ**
- 3 KM LITASTÖÐ**
- 4 KM LITASTÖÐ**
- PARTÝ** Litahlaupið endar í epísku eftirpartýi

LITRÍKASTA HLAUP SUMARSINS

The Color run er 5 kílómetrar að lengd og hefst í Hjómskálagarðinum kl. 11:00 og stendur fram eftir degi í mikilli litagleði og undir dúndrandi tónlist.

UNICEF, Rauði krossinn og Íþróttasamband fatlaðra njóta góðs af hlaupinu þar sem fimm milljónir króna renna til samtakanna.

ALVOGEN Á LEIÐ Í MIÐBÆINN!

Lyfjafyrirtækið Alvogen er bakhjarl hlaupsins sem tileinkað er réttindum og velferð barna. Fyrirtækið vinnur nú að byggingu Hátækniseturs í Vatnsmýrinni sem verður fullbúið í ársbyrjun 2016. Innan setursins verður unnið að þróun og framleiðslu líftæknilyfja og yfir 200 ný störf munu skapast fyrir háskólamenntaða Íslendinga.





MÓTSMET „Ég er bara himinlifandi með árangurinn,“ segir Eygló Ósk Gústafsdóttir, sem sigraði í 200 metra baksundi og setti um leið nýtt mótismet. Hún vann einnig til gullverðlauna fyrir 100 metra baksund. „Ég er mjög ánægð með þann árangur, sem er mjög nærri Íslandsmetinu.“ Mikið er fyrir stafni hjá Eygló þar sem hún æfir stíft fyrir heimsmeistarakeppnina í Rússlandi í vetur. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



ALFRED HELDUR ATHYGLI Alfredur prins frá Mónakó fylgist með sínum manni keppa einleik í tennis en hann hefur sjálfur stundað mikinn tennis. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



SEINNI LEIKURINN FALLEGUR „Við vorum hundfúlar með fyrri leikinn,“ segir Guðrún G. Björnsdóttir. Hún og Aldís Rún Lárusdóttir lutu í lægra haldi í tveimur tvíliðaleikjum í borðtennis á miðvikudag. „En fyrri leikurinn var afar fallegur þrátt fyrir tap. Við erum ánægðar með hann,“ segir hún. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ísland trónir á toppi

Það sem af er Smáþjóðaleikunum er Ísland á toppnum með flest gull-, silfur- og bronsverðlaun. Ísland hefur töluvert forskot á Lúxemborg, sem er í öðru sæti leikanna, og gæti landið orðið sigursælasta þjóðin í sögu Smáþjóðaleikanna.



FIMMTÁN ÁRA FYRST Í MARK Þórdís Eva Steinsdóttir, fimmtán ára frjálsíþróttakona, tryggði Íslendingum fyrstu gullverðlaunin á leikunum. FRÉTTABLAÐIÐ/PIJETUR



FALL ER FARARHEILL „Ég datt þarna á slánni í áhöldunum og var frekar svekkt með það. En ég notaði skapið til að bæta andann á gólfinu,“ segir Thelma Rut Hermannsdóttir fimleikakona en hún hrifsaði til sín gullið í úrslitum á gólfí. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SUMAR SPRENGJA

GARÐHÚSGÖGN

20-30%

Afsláttur um helgina



20% afsláttur
Af Author reiðhjólum

ÖLL TRAMPÓLÍN 20%

Afsláttur um helgina

- Okkar trampólín eru sérvalin með tilliti til öryggis.
- Öryggisnet fest fyrir innan gormahlíf
 - 6 fætur undir trampólíni gerir það traust og stöðugt.

Trampólín 3.65 m
með öryggisneti



34.900 kr.

Fullt verð: 42.900



**20-25%
afsláttur**

AF WOLFGARTEN
GARÐVERKFÆRUM



**30%
afsláttur**

AF HYPER-CUT
GREINA- OG HEKKKLIPPUM



20% afsláttur

NILFISK
HÁPRÝSTIDÆLUR



20% afsláttur

BLACK&DECKER
SLÁTTUVÉLAR

Blaðakona ranglega dæmd af Hæstarétti:

Vegið að fjölmiðlafrelsi

Mannréttindadómstóll Evrópu dæmdi í vikunni íslenska ríkið bótaskyld gagnvart blaðakonunni Erlu Hlynsdóttur. Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að með dómi Hæstaréttar frá 2010, í meiðrðamáli gegn Erlu, hefði íslenska ríkið brotið gegn tjáningarfrelsisákvæði mannréttindasáttmála Evrópu. Þetta er þriðja málið sem Erla vinnur fyrir Mannréttindadómstólum gegn íslenska ríkinu og réttilega er því gert að greiða Erlu bætur fyrir vikið.

Kristín Þorsteinsdóttir

kristin@frettabladid.is



Samkvæmt nýlegri úttekt samtakanna Fréttamenn án landamæra á fjölmiðlafrelsi undir högg að sækja í öllum heimshlutum. Ísland skipar 21. sæti listans og fellur um 13 sæti milli ára. Þegar nánar er að gáð virðast versnandi samskipti stjórnmálamanna og fjölmiðla-

fólks hérlendis og tíðari málshöfðanir á hendur fjölmiðlafólki vera helstu ástæður þess.

Störf fjölmiðlafólks eru vernduð í stjórnarskránni og ýmsum alþjóðlegum og fjölþjóðlegum sáttmálum. Ákvæðin eru sett til verndar tilteknum grundvallarréttindum sem byggjast meðal annars á því að starf fjölmiðlafólks sé mikilvægt lýðræðinu og faglegar skyldur þess bindist því órjúfanlegum böndum. Réttur fólks til upplýsinga um mikilvæg málefni sé ekki eingöngu síðferðislegur – heldur líka lögvarinn.

Fáir mæla gegn því að frelsi fjölmiðla sé verndað. Verndin snýst um aðgang fólks að mikilvægum upplýsingum – viðurkenningu á því að hagsmunum þess sé best borgið með tryggum aðgangi að víðtækri umræðu um menn og málefni. Þannig hafa dómstólar lýðræðisríkja á undanförunum áratugum í vaxandi mæli viðurkennt hlutverk fjölmiðla í þjóðfélagsumræðu. Mannréttindadómstóll Evrópu tekur í sama streng. Dómstóllinn hefur ítrekað staðfest það mikilvæga hlutverk fjölmiðla að miðla upplýsingum og skoðunum í almennri umræðu. Því þurfi sérstaklega ríkar ástæður að liggja að baki svo skerðing á starfsemi þeirra teljist nauðsynleg.

Vitaskuld fylgja öllu frelsi einhverjar takmarkanir. Hið sama gildir um tjáningarfrelsið. Öllu frelsi fylgir ábyrgð og takmarkanir eru því óhjákvæmilegur fylgifiskur. En við skerðingu á tjáningarfrelsinu þarf að stíga varlega til jarðar. Þannig verður að virða sérstaklega réttindi og skyldur fjölmiðla til umfjöllunar um mál, sem varða hagsmuni fólks og rétt þess til aðgangs að skoðunum, upplýsingum og hugmyndum. Eftirlit dómstóla þarf að vera strangt þegar íhlutun stjórnvalda aftrar fjölmiðlum frá slíkri umfjöllun.

Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu í málum Erlu Hlynsdóttur gegn íslenska ríkinu staðfesta að þrívægis hafi Hæstiréttur dæmt hana ranglega fyrir fjölmiðlastörf sín. Þeir staðfesta að dómstólar landsins setji fjölmiðlum ólöglegar skorður og varpa um leið rýrd á störf dómara almennt. Niðurstöðurnar kalla á viðbrögð stjórnvalda svo eðlilegt tjáningarfrelsi fjölmiðla sé tryggt. Ljóst er að standa þarf vörð um fjölmiðlafrelsi í landinu – hornstein lýðræðisins. Réttur fólks til upplýsinga er í húfi.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNFORMAÐUR: Ingibjörg Stefánía Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Práinnson ÚTGEFANDI OG ADALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is ADSTODARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson andri@365.is, Hrunn Þórsdóttir hrunn@stod2.is, Kolbeinn Tumi Daðason kolbeinntumi@365.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafraunu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Ástralía 12. til 29. október

Sydney, Brisbane, Fraser Island, Þjóðgarðar o.fl. er meðal þess sem boðið verður upp á í þessari ferð.

Nánari ferðalýsing á www.iceline.is



Verð á mann í tvíbýli kr 687.000



Upplýsingar í sínum 845-1425 / 899-1295 eða á tölvupósti info@iceline.is



MÍN SKOÐUN: JÓN GNARR

Margir eru að verða ansi tjúllaðir

Ísland á í miklum vanda. Við stöndum frammi fyrir flóknum úrlausnarefnum; gjaldreyrshöftum, heilbrigðismálum, kaupmætti og fátækt, húsnæðisvanda og svo öllu fjármálakerfinu. Ferðamennska hefur aukist og nú er svo komið að yfir milljón ferðamenn koma til landsins á hverju ári. Ferðamenn eru helsta uppspretta gjaldreyrstekna okkar. En um leið verða til ný vandamál – því vandi fylgir vegsemd hverri. Um leið og við fögnum skemmtilegum gestum þá höfum við áhyggjur af átroðningi og hugsanlegum skemmdum á vinsælum stöðum. Og engir eru alveg



sammála um allt. Fólk greinir á um hvernig eigi að leysa þessi mál öll. Og eins og alltaf þá hafa þeir yfirleitt bestu ráðin sem hafa minnstu aðkomuna. Á Íslandi er heil stétt sérfræðinga sem hefur enga reynslu af því sem þeir eru sérfræðingar í. Margir eru með masterspróf í því að reka búð en hafa ekki einu sinni unnið í sjöppu. Ofan á þetta koma svo fjölmiðlar sem leggja sitt huglæga mat á hvað sé fréttæmt og

hvernig eigi að segja frá því. Yfirvegun fer þverrandi og meira er um upphrópanir og alhæfingar. Margir eru að verða ansi tjúllaðir og þjóðin klofnar í mismunandi hreyfingar og undirhópa. Traust fer minnkandi. Fólk vill helst ekki að þeir sem það valdi til að stjórna landinu stjórni því, heldur þeir sem það valdi ekki. Það er ekki skrítið þegar stjórnmalin verða sífellt líkari farsa eftir Dario Fó. Sumir hafa sagt að nú þurfi ekki að skrifa sig sjálft, við séum ekki að horfa á það heldur séum við að leika í því og því sé leikstýrt af Andskotanum sjálfum.

Lífsreynda konan

Hvernig getur svona leiðinlegt mannlíf þrífist á svona fallegu landi? spurði mjög lífsreynd og gáfuð kona fyrir nokkru. Ég varð að játa að ég vissi það ekki. Ég skil það ekki alveg. Ég velti því oft fyrir mér hvað sé eiginlega að á Íslandi. Við virðumst hafa allt til alls. Hér er nóg pláss. Ísland er fallett land sem er fullt af auðæfum. Við þurfum ekki að hita okkur vatn því það vellur sjálfkrafa upp úr jörðinni. Flestir hafa aðgang að upphitaðri

sundlaug í göngufæri. Lífsgæði á Íslandi hafa lengi verið góð og lífsskilyrði. Hér eru tækifæri fyrir framtakssamt fólk. Íslenskt samfélag er gott, borið saman við mörg önnur. Við erum friðsamt fólk og byggjum samfélag okkar á aldagamalli menningu, þótt ekki séu alltaf allir sammála um hver aðalatriði hennar séu og hvert eðli hennar sé. Við erum dugleg og vinnusöm og yfirleitt úrræðagóð og kraftmikil og fljót að aðlagast breytingum og takast á við válynd

veður í ýmsum myndum. Við erum fljót að tileinka okkur tækninýjungar. Almenn menntun er góð, hvort sem hún er formleg eða ekki, enda eru spurningakeppnir ein helsta þjóðaríþróttin. Íslendingar eru ekki bara gríðarlega sveigjanlegir í einhverri óblíðustu náttúru á byggðu bóli heldur yfirleitt hamingjusamir. Það er einhvern veginn í eðli okkar að vera bjartsýn og bíða eftir að veðrinu sloti. Við tökum gestum vel og þykjum vinsamleg og gestrisin.

Kurteis og snyrtileg erum við ósigrandi

En hvað er þá eiginlega að? Ég held að okkur vanti hæfni í samskiptum. Það er hinn veiki hlekkur. Það vantar áhersluna á samskipti í samfélaginu, í menningunni, í skólunum. Okkur vantar siðmenntun. Við höfum meira að segja daðrað við andstæðuna; frekju, stærilæti og yfirgang. Freki kallinn hefur verið okkur fyrirmynd í svo mörgu og við svo oft borið óttablandna virðingu fyrir honum og treyst honum. Þegar kemur að þessum hluta þá erum við frumstætt samfélag. Það vantar meiri síðfagun í kultúrinn. Það vantar minni virðingu fyrir einræðum og meiri virðingu fyrir samræðum. Nútíminn

og framtíðin krefjast sífellt meiri hæfni í mannlegum samskiptum og umgengni. Nú er ekki lengur nóg að vera snidugur, duglegur og flinkur í sínu fagi. Maður þarf líka að geta talað við fólk og unnið með öðrum og miðlað upplýsingum. Það vantar eiginlega kultíveraða þjóðarvakningu. Ég held að við getum alveg gert þetta með glans vegna þess að við erum svo kraftmikil og fljót að aðlagast. Með þessu gætum við skapað betra samfélag og náð meiri árangri. Þjónusta á Íslandi hefur til dæmis breyst mikið á minni ævi. Þegar ég var að alast upp þá var anti-þjónusta talin sjálfsgöð og dónaskapur eðlilegur

hluti af viðskiptum. Það þarf að tala meira um þetta. Fyrirtæki taka í gegn samskiptamálín hjá sér og búa til þjónustustefnur. Og verða betri og hæfari fyrirtæki fyrir vikið og gengur yfirleitt betur. Getum við ekki gert eitthvað svipað sem þjóð? Við erum bara rétt rúmlega 300.000 manneskur. Og allir á Facebook. Við þurfum að finna ráð til að koma þjóðarsálinni í lágmarksjafnvægi og fyrst þá getum við byrjað að tala saman og finna raunhæfar lausnir á öllum þessum flóknu vandamálum. Vel menntuð, dugleg, jákvæð, kurteis og snyrtileg erum við ósigrandi. Og alveg sama hvernig viðrar.

Sjómanna dagurinn 7. júní 2015




Óskum sjómönnum til hamingju

Eimskipafélag Íslands sendir öllum sjómönnum og fjölskyldum þeirra heillaóskir í tilefni sjómanna dagsins.



Öryggi og fræðsla sjómanna skiptir Eimskipafélagið miklu máli. Menntun og þjálfun sjómanna hefur átt stóran þátt í fækkun dauðsfalla og slysa, en bæði Slysavarnaskóli sjómanna og Stýrimannaskólinn eiga mikið hrós skilið varðandi það verkefni. Á árunum 1971-1980 létust 203 á sjó, en 21 á árunum 2001-2010. Þessar tölur tala sínu máli og aldrei má slaka á í þessari baráttu.

Gylfi Sigfússon, forstjóri Eimskipafélags Íslands, kynnti sér starfsemi Slysavarnaskóla sjómanna á dögnum og tók þátt í æfingu eins og sjá má á meðfylgjandi myndum. Félagið hefur frá upphafi sent sjómenn sína á námskeið og lagt mikið upp úr öryggismálum þeirra.



**NORDIC
STARTUP
AWARDS**

Startup Reykjavík er besti viðskiptahraðall Norðurlanda 2015

**Góðar hugmyndir og framkvæmd þeirra
– gríðarleg verðmæti**

Til að samfélagið fái notið góðra hugmynda þarf fjármagn og fagþekkingu til að auðvelda frumkvöðlunum að koma þeim til fulls þroska. Viðskiptahraðlar hlúa að sprotafyrirtækjum og flýta fyrir velgengni þeirra. Það er hugsjónin á bak við Startup Reykjavík.

Hvers vegna skiptir þetta okkur máli?

Það er gott að fá staðfestingu á því að eitthvað sem þú trúir á sé að virka. Þannig líður okkur og öðrum aðstandendum og stuðningsaðilum Startup Reykjavík núna þegar verkefnið hefur fengið viðurkenningu sem **besti viðskiptahraðall Norðurlanda á Nordic Startup Awards**. Í dómnefnd voru um tuttugu virtir frumkvöðlar, fjárfestar, stjórnendur og aðrir sérfræðingar hvaðanæva að úr heiminum.

Startup Reykjavík hefst í fjórða sinn þann 15. júní nk.

Við hlökkum til að sjá afraksturinn sem frumkvöðlateymin tlu skila út í samfélagið á næstu árum.

Við þökkum Klak Innovit fyrir gott og árangursríkt samstarf.

 **Arion banki**

HELGIN



Þorsteinn Guðmundsson, grínisti og gleðigjafi Frumsýnir alpahúfu

Ég er ekki maður mikilla framkvæmda en konan mín ætlar að mála garðskúrinn okkar og svo ætlar hún með krakkana í lita-hlaupið fræga og þó að ég taki ekki sjálfur þátt þá kem ég til með að taka myndir af því. Ég er svona gæi sem fylgist með. Ég á gamla filmuvél sem ég nota við svona hátíðleg tækifæri, Kodak Retinette 1A (fyrir þá sem hafa áhuga á því). Svo lét ég reyndar gamlan draum rætast og festi kaup á alpahúfu sem ég ætla að frumsýna á almannaferi um helgina.



Þorgeir Ástvaldsson, fjölmíðlamaður og söngvari Reynir að fara í frí

Ég er að byrja í sumarleyfi og ætla að bjóða barnabörnunum í afmælisveislu. Á morgun fer ég með Ragga Bjarna að syngja á Sjóaranum síkátá. Ég þarf svo að hafa mig allan við til þess að kunna að fara í frí.



Ásdís Rán Gunnarsdóttir fyrirsæta Slakar á í Búlgaríu

Ég er í Bansko-fjallaresort í Búlgaríu með dóttur minni og vinkonu. Við ætlum að slaka á og hafa það gott hér í sólinni yfir helgina.



Lára Rúnarsdóttir tónlistarkona Ekur um landið og spilar á tónleikum

Í dag er stefnan tekin á sund á Akureyri og svo keyrum við hljómsveitin alla leið á Mývatn þar sem við höldum tónleika í kvöld. Á morgun munum við svo eyða deginum í akstur.

FARÐU HLUSTAÐU LESTU HORFÐU...



**MEÐ FJÖLSKYLDUNA
Í SUND** í Vatnaveröld í
Reykjanesbæ þar sem sérlega
skemmtilegt barnasvæði er að finna.



Á STURLU ATLAS. Ferskt,
nýtt og skemmtilegt frá Sigur-
bjarti Sturla Atlasyni.

GÖNGU- LEIÐIR AÐ FJALLA- BAKI

eftir Írisi
Mareldóttur þar
sem sagt er frá
tölf fjölbreyttum
og spennandi
gönguleiðum.



Á GET LOW

með Bill
Murray á
Stöð 2 í kvöld
klukkan 19.35.



BRYGGJUSPRELL Undirbúningur var í fullum gangi þegar ljósmyndari kom við á leikvellinum. Frá vinstri: Inga María, Almar, Linda Mjöll, Liljar Már og Árni Þór. Þorbjörn Emil skeltti sér í kafarabúning.

FRÉTTABLAÐID/PIETUR

Skapandi leikur við bryggjuna

Við Slippinn hangir róla úr belg, farið er í koddaslag á þykjustusjó, smíðaðir bátar og ævintýrakastalar rísa.

Erla Björg
Gunnarsdóttir
erlabjorg@frettabladid.is

Á opnu svæði á milli Slippins og Sjóminjasafnsins hefur risið heldur óvenjulegt leiksvæði í tilefni af Hátíð hafsins. Linda Mjöll Stefánsdóttir leikmyndahönnuður hefur undanfarna daga hannað svæðið ásamt góðum hópi aðstoðarmanna.

„Þetta er bryggjuspjall og hefur verið partur af Hátíð hafsins síðustu tvö ár. Okkur langaði að breyta umhverfi leikja á þess-

ari hátíð, hafa eitthvað annað en hoppukastala og gera leikvöll sem tengist svæðinu – sjó og bryggju,“ segir Linda.

Allur efniviður á leiksvæðinu tengist sjónum á einhvern hátt og er endurnýttur frá gjafmildum nágrönnum vallarins. „Efniviður er sett inn í leikinn á óhefðbundinn hátt þannig að börnin fá tilfinningu fyrir að þetta er ekta. Þetta eru vinnutæki. Belgir hanga eins og rólur, net liggja um völlinn ásamt fiskikörum. Svo lykta þetta eins og hafið. Það er rétta

lyktin fyrir þessa hátíð,“ segir Linda hlæjandi og bætir við að leikvöllurinn sé til þess gerður að efla frjálsan og skapandi leik. „Það er ekki skipulögð dagskrá en hér er hægt að klifra og búa til ævintýralega kastala. Fara í koddaslag á stórum trédrumbi, taka þátt í smíðasmíðu og búa til eitthvað úr efniviðnum.“

Þegar blaðamaður nær tali af Lindu er verið að leggja lokahönd á leikvöllinn. Hann er þó nú þegar fullur af krökkum á öllum aldri. „Það eru börn hér úti um allt. Þau

eru að færa til efniviðinn og búa sér til kofa úr því sem þau finna. Það er svo gaman að horfa á þau skapa úr efniviðnum. Sérstaklega eldri börn sem maður sér aldrei á hefðbundnum leikvöllum. Þetta er mér mikilvægt, að börn hafi valkosti í leik og fái að vera skapandi.“

Hvað: Bryggjuspjall á Hátíð hafsins
Hvar: Á milli Slippins og Sjóminjasafnsins
Hvenær: Laugardag og sunnudag, kl. 12-18.

Ofureinfaldar og sumarlegar

Dugar í tólf litlar sítrónubollakökur, en einfalt er að stækka uppskriftina.

Sumir segja að venjast þurfi því að hafa bragð af sítrusávöxtum í mat og bakstri, en aðrir sjá ljósið við fyrsta bita. Ævintýragjarnir, eða reyndir unnendur sítrusbakkelsis, geta lagt í þessar frábæru sítrónubollakökur sem fengnar eru af vefnum blaka.is. Ofureinfaldar og hrikalega sumarlegar eru þær þar sagðar vera.

12 sítrónubollakökur

100 g hveiti
110 g sykur
1 tsk. lyftiduft
25 g mjúkt smjör
Smá salt
1 egg
75 ml mjólk
½ sítróna

Krem

200 g flórsykur
35 g mjúkt smjör
125 g mjúkur rjómaostur
1 sítróna
Gulur matarlitur (ef vill)

Hitið ofninn í 200 gráður. Því næst er blandað vel saman hveiti, sykri og lyftidufti.

Þá er smjórið og saltið sett saman við þurrefnin, auk eggjana, og hrært vandlega.

Því næst er mjólkinni og safa úr hálfri sítrónu blandað vel saman við hræruna. (Athugið að hér er líka hægt að notast við sítrónudropa, vilji fólk stytta sér leið.)

Skiptið blöndunni í bollakökuform og bakið í 15 til 20 mínútur.

Þegar kemur að kreminu er öllum hráefnum blandað vel saman og kökurnar skreyttar. Sem fyrr geta þeir sem vilja notað sítrónudropa ef svo óheppilega vill til að ekki er sítrónu að finna á heimilinu.

Uppskrift fengin af blaka.is



BOLLAKÖKURNAR Hrikalega girnilegar og frískandi, þessar skemmtilegu sítrónubollakökur.

MYND/BLAKA.IS



ÁREYNSLULAUST ÖRYGGI OKKAR HUGMYND UM LÚXUS

Öryggi sem einskorðast ekki einungis við umferð bíla.
Ný kynslóð Borgaröryggis nemur bæði gangandi og hjólandi umferð.
Volvo heimsfrumsýnir einnig tvær öryggisnýjungar.
IntelliSafe öryggistækni Volvo.

NÝR VOLVO XC90 AWD
FRÁ 10.590.000 KR.

FRUMSÝNING
LAUGARDAG OG SUNNUDAG

KOMDU OG SKOÐAÐU
NÝJAN VOLVO XC90

Nýr Volvo XC90 markar nýtt upphaf. Ný tækni, ný öryggiskerfi og nýtt útlit. Ný kynslóð Drive-E vélanna gerir þér kleift að njóta spennandi aksturs en með miklu minni eldsneytisnotkun og koltvísýringsslosun. Eldsneytisnotkun nýju D5 dísilvélarinnar í blönduðum akstri er 5,8 l/100 km og CO₂ losun er 152 g/km. XC90 er fyrsti bíllinn sem er byggður með nýrri SPA undirvagns-tækni Volvo. Ytra útlit XC90 er mikilfenglegt og gefur tóninn fyrir komandi kynslóðir Volvo bíla. Aldrei fyrr hefur Volvo hannað innanrími með jafn miklum lúxus. XC90 er 7 manna og veghæð bílsins er 23,7 cm undir lágsta punkt. XC90 er búinn fullkornasta öryggis-staðalbúnaðinum á markaðnum. Þar á meðal eru tvær nýjungar sem aldrei hafa verið í boði áður: Annars vegar vörn við útafakstri og hins vegar sjálfvirk bremsa ef beygt er í veg fyrir ökutæki úr gagnstæðri átt. Þessar tækninýjungar sem Volvo heimsfrumsýnir nú, gera Volvo XC90 að einum öruggasta bíl heims og færir fyrirtækið jafnframt skrefi nær markmiði sínu um að frá árinu 2020 muni enginn slasast alvarlega eða láta lífið í nýjum Volvo. Komdu og kynntu þér nýjan Volvo XC90.



Öruggur staður til að vera á

Brimborg
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Laugardag kl. 12-16
Sunnudag kl. 13-16

volvo.is



INNSÝN Í HEIM GERENDA

Ólöf Skaftadóttir
olof@365.is

Íslenskar rannsóknir benda til þess að 6% drengja og 18% stúlkna verði fyrir kynferðisofbeldi fyrir 16 ára aldur og að fjórðungur kvenna verði fyrir kynferðisofbeldi eftir 16 ára aldur. Skortur er á rannsóknum sem kanna algengi kynferðisofbeldis hjá íslenskum karlmönnum. Mest skortir rannsóknir er snúa að gerendum kynferðisofbeldis. Blaðamaður hafði samband við marga dæmda kynferðisbrotamenn til að varpa skýrara ljósi á málið. Þeir vildu ýmist ekki kannast við brotin sem þeir hlutu dóm fyrir, skelltu á þegar um brotin var rætt eða létu lögmann sinn um að svara fyrirspurnum blaðamanns. Fréttablaðið leitast við að veita innsýn inn í heim gerenda með hjálp sérfræðinga. Hvað einkennir gerendur kynferðisofbeldis og hvað eiga þeir sameiginlegt?

ÞAÐ SEM VIÐ VITUM UM GERENDUR

Í nýlegri íslenskrri rannsókn var farið yfir lögregluskýrslur á árunum 2008 og 2009. Sérstaða rannsóknarinnar felst í því að gögnin sem liggja til grundvallar greiningunni eru gögn allra tilkyntra mála sem bárust lögreglu á landsvísi á tveggja ára tímabili. Af þeirri ástæðu ættu niðurstöðurnar að geta gefið betri sýn en ef eingöngu væri stuðst við dóma, sem eru mun færri en þau mál sem lögregla hefur fengið til rannsókna.

Rannsóknin var gerð á vegum EDDU – öndvegisseturs við Háskóla Íslands í samstarfi við innanríkisráðuneytið og birt í apríl 2013. Rannsóknin var unnin af Hildi Fjólu Antonsdóttur, mann- og kynjafræðingi, og Þorbjörgu Sigríði Gunnlaugsdóttur lögfræðingi með aðstoð Maríönnu Þórðardóttur, mastersnema í lýðheilsuvísindum.



→ Aldur og kyn gerenda

Í ÖLLUM MÁLUNUM NEMA EINU VORU GERENDUR KARLAR EÐA DRENGIR



71%
GERENDA VORU ÍSLENSKIR

18-29
ÁR VAR ALDUR FLESTRA GERENDA

YNGSTI GERANDINN VAR **12 ÁRA**
ELSTI GERANDINN VAR **68 ÁRA**

→ Verknaðaraðferðir gerenda

Verknaðaraðferðir gerenda voru greindar eins og þeim var lýst í frásögnum brotþola í lögregluskýrslum. Gerendur beittu ólíkum aðferðum og oft var valdbeiting þeirra samsett úr mismunandi þáttum.

GERENDUR BEITTU LÍKAMLEGU AFLI Í **39%**

mála til að ná fram vilja sínum gegn brotþola.

GERENDUR BEITTU LÍKAMLEGU OFBELDI EÐA ÓGNUMUÐU MEÐ VOPNI Í

14%

mála. Með ofbeldi er átt við að gerandi ýmist barði, kýldi eða sparkaði í brotþola.

GERENDUR BEITTU ANNARRI OG VÆGARI LÍKAMLEGRI VALDBEITINGU Í


23%

mála, til dæmis drógu, ýttu, hrintu, héldu eða toguðu í brotþola.

- Í tveimur málum til viðbótar (1%) beittu gerendur jafnframt frelsissviptingu samfara ofbeldi eða líkamlegri valdbeitingu til að brjóta gegn þolendum.
- Í um fjórðungi mála, eða 27% mála, misnotuðu gerendur sér algjört rænuleysi brotþola eða að brotþolar voru undir of miklum áhrifum áfengis eða annarra vímuefna til að geta spornað við verknaðinum.

- Í um fimmtungi mála, eða 21% mála, einkenndist brotið helst af aðstöðumun aðila. Til að mynda var nokkuð um að brotþoli væri mjög ungur og áttaði sig illa á því sem gerst hafði.
- Þá var einnig algengt að gerandi bryti gegn brotþola í krafti aldurs- og þroskamunar og þá voru einnig nokkur mál þar sem gerendur voru fleiri en einn.
- Í sex málum voru brotþolar börn að aldri, á aldrinum 3-12 ára, og lýstu því að þær hefðu ekki fyllilega skilið þýðingu verknaðarsins fyrir en síðar.

→ Áfengis- og vímuefnaneysla gerenda



Hvorugur aðili undir áhrifum




Gerendur undir áhrifum

Upplýsingar um neyslu gerenda lágu fyrir í 139 málum af 189.


→ Tengsl gerenda og brotþola




Aðilar þekktust lítið eða ekkert í tæplega helmingi málanna




Brotþoli hafði fyrst kynnst sakborningi innan 24 stunda áður en brotið átti sér stað




Aðilar þekktust ekkert



Vinir eða kunningjar brotþola voru stærsti einstaki hópur gerenda



Fyrirverandi eða núverandi kærasti eða sambylíismaður



Fjölskyldu-meðlimur

www.hyundai.is

5 ára ábyrgð
Ótakmarkaður akstur

Opið í dag kl. 12-16



Frumsóning

Hyundai i30 TURBO

Hyundai i30 hefur aldrei verið meira spennandi. 184 hestafla Turbo bensínvél, Xenon aðalljós með LED skreytingum í grilli og LED stefnuljósum í hliðarspeglum. Þýr framendi og 10 arma álfelgur gefa nýjum i30 Turbo frísklegt útlit.

Verið velkomin að skoða nýjan Hyundai i30 Turbo og upplifa af eigin raun af hverju Hyundai bílar koma alltaf framúrskarandi vel út í gæðakönnunum.

Hyundai i30 Turbo – verð frá 4.990.000 kr.

GE Bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilaka.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurl.
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

iB ehf.
Selfossi
www.ib.is
490 9090



HYUNDAI

Kauptúni 1 / Beint á móti IKEA / 575 1200

Fæstir hreinlega siðblindir

Anna Kristín Newton segir kynferðisbrotamenn ólíka öðrum brotamönnum í fangelsunum þar sem hún starfar.

Anna Kristín Newton er sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun. Hún hefur um árabil starfað með dæmdum kynferðisafbrotamönnum og haft þá til meðferðar. Hún segir vel hægt að skipta gerendum upp í hópa, bæði út frá þolendum en einnig eftir persónueinkennum. Hún segir þó mikilvægt að hafa í huga að stórt hlutfall kynferðislegra brota rati aldrei fyrir dómstóla, og því sé myndin kannski skökk. „En það fer eftir því hvernig og hvar maður leitar upplýsinga. Samkvæmt greiningarkerfi bandaríska geðlæknakerfisins er til að mynda hægt að skipta barnaniðingum upp í tvo hópa. Annars vegar þá sem leita á ung börn sem ekki eru orðin kynþroska, sem sagt um og undir 12 ára aldri, og svo þá sem leita á börn sem hafa náð kynþroska. Það er ein skiptingin. Svo hafa verið farnar aðrar leiðar, þá skipt upp eftir persónuleikaeinkennum hjá gerendum. En það þarf alltaf að gera ráð fyrir því þegar við ræðum um svona að myndin er svolítið skekkt, vegna þess að við vitum að stórt hlutfall kynferðislegra brota ratar aldrei fyrir dómstóla,“ segir Anna Kristín.

Barnaniðingar eru eldri

Í dag afplána átján fangar dóma fyrir kynferðisbrot í fangelsunum á Íslandi, þar af tíu vegna kynferðisbrots gegn barni. Þetta eru fimmtán Íslendingar og þrjár útlendingar á aldrinum 26–71 árs, en meðalaldur þeirra er 46 ár.

Anna Kristín segir að það sé vitað að kynferðisbrotamenn séu að mörgu leyti ólíkir öðrum brotamönnum. „Við sjáum sérstaklega í tilfellum þeirra sem brjóta gegn börnum að þeir brotamenn eru sjaldnast undir áhrifum þegar verknaðurinn er framinn. Það þarf líka að hafa í huga að það er annað að brjóta gegn barni en að brjóta gegn fullorðnum einstaklingi.“

Þeir sem brjóta kynferðislega gegn barni eru líka yfirleitt eldri en aðrir brotamenn. „Algengasti aldurinn við almenn afbrot er um tvítugt, en við kynferðisbrot er aldurinn oft um og yfir þrítugu. Oft og tíðum eru þetta menn sem eiga í kynferðislegum samböndum og eiga jafnvel sjálfir börn,“ útskýrir Anna Kristín og bætir við að þeir kyn-



EINFARAR Anna Kristín Newton, sálfræðingur hjá Fangelsismálastofnun, segir þá sem brjóta gegn börnum oft eiga í félagslegum örðugleikum og falli ekki vel inn í hóp.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

→ **Í dag afplána átján fangar inn í fangelsunum fyrir kynferðisbrot á Íslandi.** Þar af tíu vegna kynferðisbrots gegn barni. Þetta eru fimmtán Íslendingar og þrjár útlendingar á aldrinum 26 - 71 árs, en meðalaldur þeirra er 46 ár.

ferðisbrotamenn sem hafa eingöngu kynferðislegan áhuga á börnum séu erfiðasti hópurinn til að fá til meðferðar. „Þeirra skoðanir og viðhorf eru fastmótaðri en annarra hópa.“

Yfirstíga siðferðislegar hömlur

„Það sem við vitum líka, og nú er ég að tala aðallega um þá sem brjóta gegn börnum, er að þeir eiga oft enga eða stutta afbrotasögu, á meðan aðrir brotamenn eiga lengri afbrotasögu. Þeir eiga sjaldnar í áfengis- og vímuefnavanda en hinir. Þá eru þeir sjaldnar með önnur vanþroskatengd vandamál sem oft tengjast þeim sem lenda í fangelsi, margir fangar eiga það til að mynda sameiginlegt að vera með ADHD, en þeir sem brjóta gegn börnum mun

síður. Í þeirra hópi er meira um persónuleikavandamál, samskiptavanda og þeir eiga gjarnan erfitt með að falla inn í hóp. Eru frekar einfarar og eiga erfitt félagslega. Þeir eru síður líklegri til að koma aftur inn í fangelsi en aðrir hópar og við vitum að meðferð getur skipt þá miklu máli. Rannsóknir sýna að það að veita rétta meðferð, skipulagða og vel uppbyggða, dregur úr líkum á frekari brotum,“ útskýrir Anna Kristín og heldur áfram.

„Stóra markmiðið okkar er að koma í veg fyrir fleiri brot og það eru ólíkar leiðir farnar til þess – sem er auðvitað misjafnt eftir einstaklingum. Á meðan þú ert í fangelsi er erfitt að brjóta á öðrum, og þess vegna leggjum við líka áherslu

á að meðferðin sé í boði þegar þeir losna úr fangelsunum. Þá fer virkilega að reyna á. Til þess að þeir geti tileinkað sér bót og betrun þurfa þeir að breyta viðhorfum sínum. Það að þú sért tilbúinn að brjóta á barni kynferðislega, eða öðrum einstaklingi, þýðir að þú hefur þurft að yfirstíga ákveðnar siðferðislegar hömlur. Þeir vita alveg að þeir eiga ekki að brjóta gegn öðru fólki.“

Eru einhverjir þeirra hreinlega siðblindir?

„Það eru mjög fáir hreinlega siðblindir samkvæmt fræðilegri greiningu. En út frá siðferðislegum grunni þá eru þeir kannski allir siðblindir. Þeir hafa allavega einhverja siðferðislega blindu,“ segir Anna Kristín að lokum.

Líkir þráhyggjunni og atferlinu við fíkn

Óttar Guðmundsson geðlæknir hefur haft kynferðisglæpamenn til meðferðar. Hann segir nauðgara gjarnan eiga lengri ofbeldissögu en aðra kynferðisbrotamenn og segir mikilvægt að menn finni sér bjargráð þegar löngunin sækir að.

Kynferðisbrot eru mjög margvísleg. Þekktust eru brot þar sem nauðung gagnvart annarri manneskju eða barni er aðalmálið. Önnur brot særa blygðunarkennd samborgaranna svo sem sýniárátta, kíkjur og fleira. Klám er enn þá bannað í íslenskum lögum sem þýðir að neytendur kláms gera sig seka um brot á velsæmislögum líka,“ segir Óttar.

Innan geðlæknisfræðinnar eru til fjölmargar tegundir sem teljast óeðlilegar kynferðislegar hvatir. „Þær einkennast þá af þráhyggjukennendum hugsunum um einhverja tegund kynlífs eða kynlífsathæfis. Þessari þráhyggju hefur stundum verið líkt við fíkn,“ segir Óttar.

Einungis lítill hluti þessara kynferðislegu hvata varðar við lög eða fellur undir kynferðisbrot. „Gerendum er venjulega hægt að skipta upp eftir þessum greiningum þótt stundum sé um einhverja skör un milli hópa að ræða. Nauðgarar eiga sér venjulega stærri og meiri ofbeldissögu,“ útskýrir hann og heldur áfram.

„Einungis lítill hluti þeirra sem

hafa einhverja kynferðislega þráhyggju gerir sig sekan um einhver afbrot. Margir karlmenn sérstaklega láta sig dreyma um kynlíf með ungum einstaklingi en þeim myndi aldrei detta í hug að gera þann draum að veruleika.“ Óttar segir áfengi jafnframt oft með í för; það aflétti hömlum og gerir það að verkum að menn láta undan þráhyggjunni eða löngunum sínum. „Það er þó ekki algilt. Menn eru á öllum aldri. Félagslegar raskanir fara svo oft saman við alkóhólisma þegar hann er til staðar.“

Menn eiga erfitt með að hætta

Hann segir atferlið jafnframt minna mjög á fíkn. „Gerendurnir réttlæta hegðun sína og horfast ekki í augu við alvarleika hennar. Langflestir ofbeldismenn gagnvart börnum sem ég hef haft til meðferðar sögðu að viðkomandi barn hefði dregið þá á talar svo að þeir bæru eiginlega litla ábyrgð á hegðun sinni. Sama máli gegnir um marga nauðgara sem segja að þolandi hafi ögrað þeim eða daðrað við þá. Og meðferðin er flókin. Oft og tíðum er viðkomandi atferli forsenda kynferðislegar

Langflestir ofbeldismenn gagnvart börnum sem ég hef haft til meðferðar sögðu að viðkomandi barn hefði dregið þá á talar.

fullnægingar sem þýðir að menn eiga erfitt með að hætta,“ útskýrir hann.

„Viðtalsmeðferð sem gengur út á að menn átti sig á alvarleika brotsins og finni sér einhver bjargráð þegar löngunin kemur yfir þá. Lyf sem minnka eða draga úr þráhyggjunni. Fundir í SLAA (Sex and Love Addicts Anonymous) sem eru 12 spora samtök sem taka á lostanum sem fíkn,“ segir Óttar inntur eftir því hvaða meðferðir gefi besta raun.

„Svo eru einhverjar rannsóknir sem benda til þess að þeir sem hafi verið beittir ofbeldi beiti því síðar sjálfir, en það er svo spurning hvort það sé raunverulegt eða hluti af útskýringum og vörnum viðkomandi.“




GERENDUR HORFAST EKKI Í AUGU VIÐ VERKNAÐINN Óttar Guðmundsson geðlæknir segir þá gerendum sem hann hafi haft til meðferðar oft reyna að réttlæta hegðun sína.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Jafnlaunaúttekt
PwC
2015



Lausn í góðu jafnvægi

Actavis og Medis á Íslandi hlutu á dögunum gullmerki jafnlaunaúttektar PwC

Við erum stolt af þessari mikilvægu viðurkenningu á starfi okkar í jafnréttismálum og á því hvernig við framfylgjum stefnu okkar um að greiða sömu laun fyrir sambærileg störf óháð kyni. Konur eru rúmlega 60% starfsmanna hér á landi og svipað hlutfall kvenna er í stjórnunarstöðum. Þá er starfsstöð Actavis á Íslandi aðili að Jafnréttissáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Actavis er eitt af stærstu þekkingarfyrirtækjum landsins með um 700 starfsmenn hér á landi. Á Íslandi er mikilvægasta alþjóðlega þróunareining samstæðunnar utan Bandaríkjanna, skráningarsvið sem ber ábyrgð á skráningum og viðhaldi markaðsleyfa út um allan heim og öflug framleiðslueining. Einnig er hér starfsemi á sviði alþjóðlegra gæðamála, fjármála og sölu- og markaðsmála. Þá eru hér á landi höfuðstöðvar Medis sem selur lyf og lyfjahugvit til annarra lyfjafyrirtækja.


Actavis

medis

COSTA tungusófi



Stærð: 305x215 cm.
Dökkgrátt slitsterkt áklæði.
Hnakkapúði ekki innifalinn í verði.

Sumar
ÚTSALA
279.990
FULLT VERÐ: 399.990
KRÓNUR

KENYA hægindastóll

Sumar
ÚTSALA
39.990
FULLT VERÐ: 49.990
KRÓNUR

Slitsterkt
áklæði,
margir
litir.



MIDLAND tungusófi



Brúnt microfiber áklæði.
B: 280 D:170 H: 95 cm.
Hægri eða vintsri tunga.

Sumar
ÚTSALA
299.990
FULLT VERÐ: 449.990
KRÓNUR

ANDREW
borðstofustólar
hvítir, svartir og brúnir



DEVON svefnsófi



Slitsterkt áklæði, rósótt og dökk grátt.
Stærð: 150 x 88 H: 83 cm.

Sumar
ÚTSALA
99.990
FULLT VERÐ: 139.990
KRÓNUR

Sumar
ÚTSALA
13.993
FULLT VERÐ: 19.990
KRÓNUR



L A Z B O Y

IBIZA borðstofuborð
Ø 110 cm



Sumar
ÚTSALA
37.493
FULLT VERÐ: 49.990
KRÓNUR

Sumar
ÚTSALA
125.993
FULLT VERÐ: 179.990
KRÓNUR



PINNACLE La-z-boy stóll.
Svart og brúnt leður. Stærð: B:80 D:85 H:104 cm.

Í FULLU FJÖR!!

Sumar

ÚTSALA

ALLT AÐ

60%
AFSLÁTTUR

BROSTE valin ljós



MIKIÐ ÚRVAL – 50% AFSLÁTTUR



VIDIVI vasar
50% AFSLÁTTUR



Valdar gerðir.



HÚSGAGNAHÖLLIN

Opnar sál sína og hjarta á sviði

Sálarsöngvarinn **Charles Bradley**, sem er á leið til landsins að syngja á Secret Solstice-hátíðinni, fer yfir ferilinn í samtali við Fréttablaðið. Bradley, sem öðlaðist heimsfrægð á sextugsaldri, er einstakur karakter sem gefur allt í tónleikana sína. Hann er ákaflega hrifinn af Íslandi og þjóðinni sem hér býr. Bradley segir jafnframt frá því hvernig hann heldur sér ferskum.

Kjartan Atli Kjartansson
kjartanatti@365.is



Íklega er óhætt að kalla söngvarann Charles Bradley kempu. Kempu í lífinu. Bradley, sem öðlaðist heimsfrægð á sjötugsaldri, hefur séð flest það erfiða sem lífið hefur upp á að bjóða. Þessi barátta sem hann hefur háð skilar sér í tónlistina, enda er eins og hann leggi hjarta sitt og sál að veði í hverju lagi og syngi til að bjarga eigin lífi.

„Já, ég hef alltaf viljað gefa af mér,“ staðfestir söngvarinn þegar blaðamaður slær á þráðinn til hans. Bradley er staddur í New York og er að undirbúa komu sína til Íslands. Hann mun koma fram á Secret Solstice-tónlistarhátíðinni 19. til 21. júní sem fram fer í Laugardalnum. Hann segir þetta vera í annað sinn sem hann heimsækir landið, hann kom hingað síðast fyrir fáeinum árum. „Fólkið á Íslandi er rosalega hlýtt, ég hlakka alveg rosalega til að koma,“ útskýrir hann og má heyra reynsluna í röddinni.

Afturhvarf til klassíkur

Þegar maður hlustar á tónlist Bradleys er eins og maður fari í tímavél aftur til sjöunda og áttunda áratugar síðustu aldar. Bradley er hluti af hreyfingu sem stuðlar að endurvakningu gömlu sálar- og fönktónlistarinnar. Hann er með plötusamning við fyrirtækið Daptone, sem rekur upptökuverið Hús sálar-tónlistar í Brooklyn í New Yorkborg. Þar er tónlistin tekin upp á gamla mótum; segulbandið er notað í stað tölvutækninnar.

Þær raunir sem Bradley hefur sigrast á í lífinu má heyra í rödd hans þegar maður hlustar á lögin. „Þegar ég fer á upp á svið, þegar ég syng, þá opna ég hjarta mitt. Ég fel ekki hver ég er,“ segir hann og bætir við: „Ég fæddist í Gainesville í Flórída og var þar fram að átta ára aldri. Síðan flutti ég með móður minni til New York og bjó hjá henni þar til ég var 14 ára. Þá flutti ég að heiman og hef séð um mig sjálfur síðan.“

Erfiðar aðstæður

Bradley dreymdi um að fá að koma fram og sjá sér farborða sem tónlistarmaður. En leiðin að markmiðinu var löng og þyrnum stráð. Bradley, sem var um tíma heimilislaus, flutti til Maine og vann sem kokkur á meðan hann reyndi að setja saman hljómsveit. Um leið og byrjaði að ganga vel voru félagar hans í hljómsveitinni kallaðir í herinn og héldu til Víetnams. Bradley flutti þá til smábæjarinnar Wassaic í New York-ríki og starfaði sem kokkur á geðsjúkrahúsi. Bradley leiddist veran í Wassaic, leitað á önnur mið og húkkaði far yfir Bandarík-in þver og endilöng. Endastöðin var Alaska, þar sem hann hélt áfram að starfa sem kokkur og söng í hjáverkum. Hann var á leið að festa kaup á sínu fyrsta húsi þegar hann missti vinnu sína til sautján ára. Þá gafst hann upp og flutti aftur heim til New York.

Vildi alltaf ná til fólks

„Eftir að ég sá James Brown syngja í Apollo Theatre í New York, ungur að aldri, vissi ég að ég vildi ná til fólks á einn eða annan hátt,“ útskýrir Bradley með hrjúfri röddu. Hann er óhræddur við að tjá sig um forföð sína og varpar ljósi á hlutina af reynslu og ró. Það var í New York sem hann fann loks fjölinna sína og náði að láta drauminn rætast. Bradley var á sextugsaldri þegar annar eigandi Daptone Records heyrði hann syngja á litlu sviði í New York. Þar söng hann undir nafninu Black



PEKKTUR VÍÐA Charles Bradley hefur ferðast um heiminn og komið fram á sumum af stærstu tónlistarhátíðum heims. Hann kemur á Secret Solstice síðar í mánuðinum.

„Þegar ég stíg á svið þá fer ég út úr skelinni. Tónlist mín hjálpar mér að vita hver ég er og, það sem meira er, hún hjálpar oft öðrum að uppgötva hluti um sjálfa sig. Fær þá til að upplifa tilfinningar sem þeir vissu kannski ekki um. Ég hef alltaf viljað gefa af mér.“

Velvet og tók lög eftir hetjuna James Brown.

Upp frá því hefur leiðin í tónlistinni legið upp á við. Eftir að hann flutti til New York þurfti hann þó að takast á við fleiri áföll í lífi sínu, eins og þegar bróðir hans var skotin til bana. Bradley endurspeglar bróðurmissinn eftirminnilega í laginu Heartaches and Pain. Þar segir hann frá því þegar hann vaknaði heima hjá móður sinni við sírenu-væl og áttaði sig á að bróðir hans var látinn. Í textanum vitnar hann í vin sinn sem segir: „Your brother is gone,“ og syngur Bradley þessi orð af slíkrri innlifun að hlustendur geta

vart annað en fundið sársaukann sem söngvarinn hefur upplifað á þessu augnabliki.

Gefur allt í tónleikana sína

Að skilja sögu Bradleys og erfiðleikana sem hann hefur gengið í gegnum á langri og viðburðaríkri ævi bætir miklu við upplifunina af tónlist hans. Bradley er iðulega löðrandi sveittur á sviði, gefur allt í þetta eins og sagt er.

„Þegar ég stíg á svið þá fer ég út úr skelinni. Tónlist mín hjálpar mér að vita hver ég er og, það sem meira er, hún hjálpar oft öðrum að uppgötva hluti um sjálfa sig. Fær þá til að upplifa tilfinningar sem þeir vissu kannski ekki um. Ég hef alltaf viljað gefa af mér. Þannig er ég bara. Þannig að þegar ég stíg á svið þá legg ég allt í sölnar.“

Bradley er algjörlega einstakur karakter. Það skín í gegn þegar maður hlustar á hann tala og sér hann á sviði. Eitt af því sem maður tekur eftir er klæðaburðurinn. „Já, ég horfi kannski öðruvísi á fatnað en flestir. Stundum er ég kannski í búð sem selur notuð föt og ef ég sé kjól sem mér finnst flottur þá kaupi ég hann, fer með hann heim

og klippi hann til og bý mér til eitthvað sem ég get verið í. Síðan spyr fólk mig hvaðan ég fái þetta,“ segir hann og hlær.

Allt hægt þegar andinn kemur yfir mann

„Fólk spyr mig stundum hvernig ég geti gert allt sem ég geri á sviðinu á þessum tímamarki í lífinu,“ segir Bradley og vísar til líflegrar sviðsframkomu sinnar. Iðulega fer hann í splitt á sviðinu og hreyfir sig eins og ungmenni. „Leyndarmálið liggur í því að hugsa vel um líkama og sál. Æfa sig og borða rétt. Maður á að koma vel fram við andann sinn og hlusta á líkamann.“ Þegar blaðamaður spyr hann hvort hann ætli sér í splitt á sviðinu í Laugardalnum svarar hann um hæl: „Þegar andinn kemur yfir mann getur allt gerst.“

Eftir því sem Bradley útskýrir hugmyndir sínar og upplifun betur rennur upp fyrir blaðamanni hversu kröfuharður söngvarinn er við sjálfan sig. Það er eins og hann vilji alltaf meira. „Ég veit að ég get alltaf gert betur og það hjálpar mér að halda mér á tánum. Ég get alltaf gefið meira af líkama, hjarta og sál,“ segir hann auðmjúkur. Það er

einmitt orð sem hann notar mikið þegar hann horfir til baka. „Ég hef alla tíð verið mjög auðmjúkur. Ég var það strax sem barn. En ég vissi að ég gæti náð til fólks og gafst því aldrei upp.“

Hlakkar til að koma til Íslands

Bradley hefur ferðast víða um heim og komið fram á sumum stærstu tónlistarhátíðum heims. Hann getur ekki beðið eftir því að koma hingað til lands og koma fram á Secret Solstice-hátíðinni. „Ég vona að ég geti gefið áhorfendum góðar minningar. Ég vil gefa mikið af mér. Þannig er ég bara,“ útskýrir hann.

Að gefa af sér virðist einmitt vera helsta mottó Bradleys. „Ég sé mikið af fólki á mínum aldri sem hefur kannski unnið alla sína ævi, er nú hætt að vinna og það horfir kannski á ævi sína fjara rólega út. Ég vil endilega bara halda áfram. Ég vil syngja og koma fram. Halda áfram að gefa af mér og ég mun gera það þar til að minn góði guð segir að það sé kominn tími til að hætta. Og meira að segja þá mun ég reyna að halda áfram,“ segir sálar-kempan með sinni djúpu, hrjúfu og reynslumiklu röddu.

Gjafakort Miðborgarinnar okkar

Fáanlegt í bókaverslunum
miðborgarinnar

Sjávarsæla í Miðborginni okkar

LANGUR LAUGARDAGUR Í DAG

Júní er genginn í garð og veðurfræðingar þora nú loksins að láta sjá sig meðal fólks á ný. Sumar götur eru orðnar sumargötur og í tilefni af Hátíð hafsins bjóða fjölmargar verslanir upp á gómsæta fiskisúpu í dag.

Næg bílastæði og munið bílastæðahúsin!

Littu við á einhverjum af eftirtöldum stöðum og fáðu þér rjúkandi skál:

Íslenski barinn – Ingólfsstræti 1a

Gleraugnamiðstöðin – Laugavegi 24

Hrím Eldhús – Laugavegi 32

Reykjavík Sea Adventures – Ægisgarði 2

Kokka – Laugavegi 47

RAM – Laugavegi 72

Kjólur og konfekt – Laugavegi 92



20% afsláttur af pottum frá föstudegi til sunnudags.

Laugavegi 32



Ferðaleikur og 50% af sjóstangaveiðiferðum í júní.

Ægisgarði 2



15% afsláttur af Masai vörunum.

Laugavegi 49



Fiskisúpa, kaffi og brauð á 950 kr. frá 12:00 til 18:00.

Geirsgötu 7b

ILSE JACOBSEN
HORNÆK

20% afsláttur af allri Ilse snyrtilínunni. Einnig á Garðatorgi.

Laugavegi 33



Kauptu tvö pör af stíg-vélum og fáðu ódýrara parið á 30% afslætti.

Laugavegi 27

GEYSIR

20% afsláttur af öllum buxum.

Skólavörðustíg 16

BERGSTADIR
KOLAPORT
RÁÐHÚSIÐ
STJÖRNUPORT
TRADARKOT
VESTURGATA
VITATORG




ALMENNA
LEIGUFÉLAGIÐ



VERUM, VERSLUM OG NJÓTUM ÞAR SEM HJARTAÐ SLÆR!
MIDBORGIN.IS — FACEBOOK.IS/MIDBORGIN





FÓRNARKOSTNAÐUR uppbygging mannvirkja fyrir HM 2022 í Katar hefur kostað hundruð manns lífið. NORDICPHOTOS/GETTY

Hneykslið í Katar

Talið er að uppbyggingin fyrir HM í Katar muni kosta allt að 4.000 manns lífið.

FÓTBOLTI Sú ákvörðun að úthluta þessu fjáða smáriki við Persaflóann heimsmeistaramótinu 2022 var umdeild í meira lagi. Fyrir það fyrsta voru, og eru enn, uppi háværar raddir um að Katar hafi hreinlega keypt sér réttinn til að halda HM.

Í öðru lagi þótti það sérstakt að smáriki með svo til enga fótboltahefð væri úthlutað þessum heilaga gral fótboldans og sérstaklega í ljósi þess að ómögulegt er að spila fótbolta í Katar að sumri til sökum kæfandi hita.

Svo er það fórnarkostnaðurinn við uppbyggingu fótboldavalla og annarra mannvirkja fyrir HM. Samkvæmt rannsókn sem The Guardian gerði deyr að meðaltali einn farandverkamaður, sem eru flestir frá Nepal, Indlandi og Banglades, á tveggja daga fresti í Katar.


Í júlí 2012 fyrirskipaði FIFA rannsókn á spillingu innan sambandsins sem bandaríski lögmaðurinn Michael J. Garcia leiddi. Hann fór m.a. ofan í saumana á úthlutun HM 2018 og 2022 til

Rússlands og Katar. Tveimur mánuðum eftir að Garcia skilaði skýrslunni til FIFA var birtur útdráttur úr henni þar sem Rússland og Katar voru hreinsuð af öllum ásökunum um spillingu. Garcia gagnrýndi útdráttinn og sagði að mörgum mikilvægum atriðum hefði verið sleppt en önnur verið afbökðu. Í kjölfarið sagði Garcia sig úr síðanefnd FIFA.

Garcia-skýrslan hefur ekki enn verið birt og óvíst er hvort eða hvenær það gerist.

Farsakenndir dagar hjá FIFA

FIFA og forseti þess, **Sepp Blatter**, hafa verið eitt helsta umfjöllunarefni heimspressunnar síðustu dagana og ekki að ósekju. Blatter var endurkjörinn forseti á föstudeginum fyrir viku í skugga spillingarásakana og handtaka en tilkynnti svo afsögn sína á þriðjudaginn. Framtíð FIFA er því í lausu lofti.



Ingvi Þór Sæmundsson
sport@frettabladid.is

Það hefur oft gastað um FIFA, alþjóðaknattspyrnusambandið, en aldrei eins og nú. Atburðarás síðustu daga hefur verið lyginni líkust en hún hófst fyrir alvöru aðfaranótt miðvikudags þegar nokkrir háttsettir stjórnarmenn FIFA voru handteknir og ákærðir í kjölfar rannsóknar FBI, bandarísku alríkislögreglunnar, á spillingu innan sambandsins, m.a. í tengslum við úthlutun á HM 2018 og 2022 til Rússlands og Katar.

Prinsinn varð ekki kóngur

Sjö þessara manna voru handteknir á Baur au Lac-hótelinu í Zürich í Sviss þar sem 65. ársþing FIFA fór fram á föstudaginn. Þrátt fyrir að flest spjót stæðu á honum var Svisslendurinn Sepp Blatter endurkjörinn forseti FIFA fyrir rúmri viku. Blatter, sem tók við forsetaembættinu af lærimeistara sínum, Joao Havelange, árið 1998, hafði betur gegn Ali bin Hussein prins frá Jórdaníu.

Prinsinn, sem var einn af varaforsetum FIFA, naut stuðnings UEFA, evrópska knattspyrnusambandsins, Bandaríkjanna, Ástralíu, Nýja-Sjálands og fleiri sambanda en það dugði ekki til.

Allar 209 aðildarþjóðir FIFA hafa jafnan atkvæðarétt – atkvæði Bandaríkjanna hefur t.a.m. jafn mikið vægi og atkvæði Andorra – og Blatter nýtur víðtæks stuðnings, sérstaklega hjá löndum í þriðja heiminum, sem hann hefur tryggt sér með alls konar bitlingum til handa minni knattspyrnusamböndum.

Blatter segir af sér

Málið tók svo nýja stefnu á þriðjudaginn þegar Blatter tilkynnti að hann ætlaði að segja af sér sem forseti FIFA. „Það er ljóst að ég fæ ekki fullan stuðning í mínu embætti,“ sagði hinn 79 ára gamli Blatter í yfirlýsingu sinni.

„Ég er nátengdur FIFA og hagsmunum þess. Þetta eru tengsl sem eru mér dýrmæt og þess vegna hef ég tekið þessa ákvörðun. Það sem skiptir mig mestu máli er sambandið sjálft og knattspyrnan um víða veröld,“ sagði Blatter enn fremur en nýr forseti verður kosinn á

„Það sem skiptir mig mestu máli er sambandið sjálft og knattspyrnan um víða veröld.“

Sepp Blatter eftir að hann tilkynnti afsögn sína.

aukaþingi FIFA sem verður haldið í desember í fyrsta lagi og mars 2016 í síðasta lagi.

Jérôme Valcke, framkvæmdastjóri FIFA, hrósaði Blatter fyrir að sýna hugrekki með ákvörðun sinni. Leiða má líkur að því að Valcke hafi eitthvað haft með ákvörðun Blatters að gera en fram hefur komið að Valcke hafi vitað af og samþykkt mútugreiðslu upp á 10 milljónir punda til Jacks Warner, fyrrverandi varaforseta FIFA, sem var einn þeirra sem voru handteknir í síðustu viku.

FIFA þvottók fyrir aðild Valckes að málinu en skelli skuldinni þess í stað á Julio Grondona, fyrrverandi fjármálastjóra sambandsins og forseta argentínska knattspyrnusambandsins. Hann lést í lok júlí í fyrra og getur því, eðli málsins samkvæmt, ekki svarað fyrir ásakarnir.

Óljóst framhald

Þótt Blatter hafi tilkynnt um afsögn sína á hann eftir að sitja a.m.k. sjö mánuði á forsetastóli til viðbótar. Hvað gerist í millitíðinni og framhaldinu verður áhugavert að sjá en það er erfitt að ímynda sér að Blatter sé tilbúinn að sleppa tókunum á FIFA sem hann hefur unnið hjá síðustu fjóra áratuginna.

Þrátt fyrir að ormagryfjur FIFA séu að opnast og ímynd sambandsins hafi aldrei verið verri nýtur Blatter enn víðtæks stuðnings eins og áður sagði. Það þyrfti því ekki að koma á óvart Svisslendurinn brögðótti veldi sér eftirmann og nýtti öll sín sambönd og áhrif til að fá hann kjörinn. Blatter hefur fleiri líf en kötturinn og hefur eflaust ekki sagt sitt síðasta í heimi fótboldans.

Fimm líklegustu eftirmenn Blatters á forsetastóli FIFA



Ali bin Hussein prins

Jórdaníuprinsinn bauð sig fram gegn Blatter og fékk nógu mörg atkvæði (73) til að knýja fram aðra umferð í forsetakjörinu. Hann dró framboð sitt svo til baka áður en seinni umferðin hófst. Þá var Ali einnig kosinn úr framkvæmdanefnd FIFA og er því ekki lengur einn af varaforsetum sambandsins.

Ali þykir bjóða af sér góðan þokka og málflytningu hans hefur mælst vel fyrir en honum hefur orðið tíðrætt um nauðsyn þess að starfsemi FIFA verði gagnsærri og opnari en áður.

„Vonandi komumst við á þann stað að fólk viti ekki einu sinni hver forseti FIFA er. Þá vitum við að starfsemi sambandsins er í góðu lagi og rekin á réttum forsendum,“ sagði Ali í samtali við New York Times þegar hann lýsti framtíðarsýn sinni fyrir FIFA.



Michel Platini

„Ég myndi styðja hann heils hugar. Hann yrði rétti maðurinn til að sinna þessu starfi enda hefur hann gert frábæra hluti fyrir knattspyrnuna og myndi gera áfram á þessum vettvangi.“

Þetta sagði Geir Þorsteinsson í samtali við Vísi í vikunni um Platini sem þykir líklegastur til að taka við af Blatter. Platini hefur verið forseti UEFA frá 2007. Hann var á sínum tíma stuðningsmaður Blatters en snerist gegn honum eftir að Svisslendurinn ákvað að sækjast eftir endurkjöri í ár.

Platini studdi Ali prins gegn Blatter í forsetakjörinu í síðustu viku. Hann býr yfir mikilli reynslu af alþjóðafótbolda en helsta spurningin er hvort honum tekst að fá minni þjóðir, sem hafa í gegnum árin stutt Blatter, til að kjósa sig.

Luís Figo



Dró framboð sitt til forseta FIFA til baka nokkrum dögum fyrir kjörið síðasta föstudag og lét í kjölfarið þung orð falla um Blatter og stjórnarhætti hans.

„FIFA þarf að breytast og það strax. Þetta ferli líkist ekkert kosningum. Þetta snýst um að gera einn mann að alvaldi og ég neita að taka þátt í því,“ sagði Figo sem var kosinn besti fótboldamaður í heimi 2001.

Portúgalinn kemur vel fyrir og nýtur mikillar virðingar en er líklega of reynslulífur fyrir forsetaembættið.

Issa Hayatou



Kamerúninn beið lægri hlut fyrir Blatter í forsetakjörinu 2002 en er í dag í innsta hring forsetans.

Hefur verið forseti Knattspyrnusambands Afríku frá 1988 og er forseti framkvæmdastjórnar FIFA. Er með langan spillingarhala í eftirdragi og mun aldrei fá atkvæði frá andstæðingum Blatters.

Hinn 68 ára gamli Hayatou gæti þó komist eitthvað áleiðis með stuðningi Blatters (opinberum eða ekki) og samböndum sínum í Afríku.

Şenes Erzik



Tyrkinn hefur verið varaforseti UEFA síðan 1994 og meðlimur í framkvæmdanefnd FIFA síðan 1996.

Var áður forseti tyrkneska knattspyrnusambandsins og átti stóran þátt í því að koma tyrkneskri knattspyrnu á kortið í Evrópu. Nýtur stuðnings í Afríku sökum þátttöku sinnar í ýmsum þróunarverkefnum í álfunni.

Erzik verður 73 ára síðar á árinu og aldurinn gæti unnið gegn honum.



Markaðsmun ehf.
nettó

Kræsingar & kostakjör



GRÍSAKÓTILETTUR
RAUÐVÍNSLEGNAR/ÚRÞ.

-40%

1.493

ÁÐUR 2.488 KR/KG



GRÍSAHNAKKA-
SNEIÐAR

-35%

1.494

ÁÐUR 2.298 KR/PK



KJÚKLINGALEGGIR
BBQ

-40%

434

ÁÐUR 724 KR/KG



LAMBAFRAMHR.SNEIÐAR
FROSNAR Í POKA

-20%

1.650

ÁÐUR 2.063 KR/KG



ÞORSKNAKKAR
ROÐ OG BEINLAUSIR

1.798

KR/KG



**Ótrúlegt
verð!**

-40%

MAÍSKORN
HYTOP,
99

ÁÐUR 165 KR/STK



GRANDIOSA PIZZUR
4 TEGUNDIR

698

ÁÐUR 789 KR/STK



RAUÐSPRETTUFLÖK
ÓDÝR

998

KR/KG



BAI DRYKKIR
5 TEG

339

ÁÐUR 399 KR/STK



RÚSÍNUR/SALTHN.
500 GR, NÓI-SÍRÍUS

629

ÁÐUR 699 KR/PK

Melónur á 30% afslætti!
Vatns-gul-cantalope-græn




ÓDÝR ÍS, 900 ML
3 TEGUNDIR

-30%

279

ÁÐUR 399 KR/STK



PVOTTAEFNI 4,2 KG
DAZ, 65 PVOTTAR

2.578

ÁÐUR 2.998 KR/PK

Tilboðin gilda 4. júní – 7. júní 2015

Tilboðin gilda meðan birgðir endast. | Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. | Vöruúrval getur verið breytilegt milli verslana.



ÖRMAGNA OG HUNGRADIR Reykurinn inni í verksmiðjunni er kæfandi en þó betri en kuldirn fyrir utan. Margir flóttamenn hafa ekki borðað dögum saman og eru örmagna eftir langt ferðalag. Presturinn í nærliggjandi bæ, Subotica, kemur daglega í verksmiðjuna að veita neyðaraðstoð.

FLÓTTAMANNA- VERKSMIÐJAN

Í Serbíu, nálægt landamærum Ungverjalands, nota flóttamenn yfirgefna verksmiðju til að slappa af í einn dag eða tvo, áður en þeir halda áfram sínu hættulega ferðalagi. Þeir eru á flóttu frá stríði og fátækt og dreymir um betra líf. **Ólafur Steinar Gestsson** hitti þá, tók þá tali og myndaði.

Tveir menn eru á förum fyrir utan verksmiðjuna. Allir þeir sem eru innandyra verða þögulir. Þrír Sýrlendingar drífa sig að rykugum gluggunum og kíkja út. Þeim léttir mikið við það sem þeir sjá. „Þetta er ekki löggan, þeir eru okkar menn!“

Nokkrir menn bursta ryk og ösku af dýnu og setjast við bálið. Það ríkir þögn innandyra og ekkert heyrir nema snarkíð í eldinum. Sumir eru sofandi, aðrir skrifast á við fjölskyldu sína meðan einn maður hitar sokka sína við eldinn.

Yfirvöld á svæðinu áætla að 20-40 þúsund flóttamenn fari yfir landamærin árlega. Um það bil 40 manns nota verksmiðjuna daglega. Flóttamennirnir eru oftast frá Sýrlandi og Afganistan, en einnig frá öðrum löndum í Miðausturlöndum og Afríku. Flóttamennirnir hafa oftast flúið í gegnum Tyrkland, Grikkland eða Makedóníu og eru á leiðinni til Ungverjalands, og síðar til annarra Evrópulanda. Ferðalagið tekur minnst tvo mánuði og oft meira en ár, og kostar að minnsta kosti 5.000 evrur. Flóttamenn notast við staði eins og þessa tómu verksmiðju í litla bænum Subotica í Serbíu til hvíldar á ferðalaginu.

Samkvæmt Frontex – Evrópsku landamæraeftirlitinu – hefur

flóttamannastraumurinn færst frá hinni hættulegu ferð yfir Miðjarðarhaf og til Austur-Evrópu þar sem hann fer í gegn. Meira en helmingurinn af flóttamönnum sem koma til ESB fer yfir landamæri Ungverjalands frá Serbíu.

Minna á fjölskyldu í skógarferð

Fyrir utan verksmiðjuna er sólin byrjuð að skína. Lítil stelpa hleypur um svæðið og leitar eftir athygli frá öllum á svæðinu. Læknir frá Læknum án landamæra gefur henni súkkulaði og ungir menn kenna henni að slást með trjábútum, sem þeir láta eins og séu sverð. Muhammed er rétt um tvítugt og skylmist við stelpuna, sem hleypur aftur í fangið á foreldrum sínum. Hann brosir snöggt, en svipurinn verður fljótt alvarlegri. „Hún ætti ekki að vera hérna. Hún ætti að leika sér í leikskóla á öruggum stað,“ segir hann og lítur á snjallsímann sinn. Það er aðeins nokkurra prósentu hleðsla eftir, en hann notar hana til að hlusta á lag með Justin Bieber.

Þrátt fyrir smá óhreinindi á fötunum er erfitt að sjá að Muhammed sé flóttamaður. Hárið er stíft af geli, hann er vel rakadur og fötin hans eru kúl. Þetta gildir um fleiri. Þegar fjölskylda Muhammeds situr kringum bálið seinna um kvöldið, gætu þau alveg eins minnt á fjölskyldu í skógar-

ferð. En veruleikinn er harðari en svo. Fjölskyldan bíður eftir smyglara sem flytur þau yfir landamærin. Þau hafa borgað 1.200 evrur hvert fyrir ferðina yfir landamærin, en þau hafa beðið árangurslaust síðustu tvö kvöldin.

Serbía er síðasta landið áður en komið er til landa sem eru innan Evrópusambandsins. Samkvæmt Dyflinnarsamningnum verða flóttamenn að sækja um hæli í fyrsta landi innan sambandsins þar sem þeir komast í samband við yfirvöld. Ef lögreglan í Ungverjalandi tekur fingraför af flóttamönnum, verða þeir að sækja um hæli þar. En fátækt og slæmar aðstæður fyrir flóttamenn valda því að fæstir vilja sækja um hæli þar. Flestir vilja fara til Þýskalands eða Skandinavíu.

Mútur frá lögreglunni

Fólkssmyglarinn kemur að lokum að sækja fjölskylduna. Muhammed ber litlu stelpuna á bakinu og þau fara meðfram lestarteinunum í átt til Ungverjalands. Áður en þau komast yfir landamærin stöðvar lögreglan þau og krefst 50 evra á mann í mútur. Fjölskyldan borgar, en Muhammed neitar að borga og snýr aftur til verksmiðjunnar.

Daginn eftir stendur hann við lestarteinana sem liggja til Evrópu. Hann er nú einn á ferð. „Inshalla – ef Guð vill – kemst ég bráðum til Danmerkur.“



VINÁTTA Þrátt fyrir erfiða ferð, söknud og óvissa framtíð, reyna menn að halda góðri stemningu. Margir þróa vináttu sín á milli á ferðalaginu, og hjálpa hver öðrum á ferðinni.



→ Fjölskyldan bíður eftir smyglara sem flytur þau yfir landamærin. Þau hafa borgað 1.200 evrur hvert fyrir ferðina en hafa beðið árangurslaust síðustu tvö kvöldin.

ÓVISSAN Ferðalagið á milli landamæra fer fram á næturnar. Á gangi með lítil vasaljós eftir lestarteinum verður ferðin út í óvissuna ógnandi en draumurinn um betra líf gefur von.

Frá kr.

82.900

Bókaðu sól á Krít

Toxo Apartments



2FYRIR1

Frábært verð
Frá kr. 82.900

Netverð á mann frá kr. 82.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 89.900 m.v. 2 fullorðna í íbúð. 11. júní í 11 nætur. **Órfá sæti laus.**

Marina Sands



SÉRTILBOÐ

Frábært verð
Frá kr. 115.900 m/morgunmat

Netverð á mann frá kr. 115.900 m.v. 2 fullorðna og 1 barn í herbergi. Netverð á mann frá kr. 132.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 22. júní í 10 nætur. **Nokkur sæti laus.**

Porto Platania Village



SÉRTILBOÐ

Frábært verð
Frá kr. 146.900 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 146.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 186.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 22. júní í 10 nætur. **Nokkur sæti laus.**

Omega Apartments



Frábært verð
Frá kr. 128.900

Netverð á mann frá kr. 128.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 148.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 2. júlí í 11 nætur.

Porto Platania Village



SÉRTILBOÐ

Frábært verð
Frá kr. 149.900 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 149.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 189.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 2. júlí í 11 nætur.

Sirios Village



Frábært verð
Frá kr. 159.900 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 159.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi. Netverð á mann frá kr. 193.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 13. júlí í 10 nætur.

Galini Sea View



Frábært verð
Frá kr. 170.900 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 170.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í fjölskylduherbergi. Netverð á mann frá kr. 207.900 m.v. 2 fullorðna í herbergi. 23. júlí í 11 nætur.

Maleme Mare



Frábært verð
Frá kr. 141.900 m/allt innifalið

Netverð á mann frá kr. 141.900 m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð. Netverð á mann frá kr. 165.900 m.v. 2 fullorðna í stúdíó. 24. ágúst í 10 nætur.


Þitt með fyrirvara um prentvillur. Heimferðir ekkja sér rétt til leiðréttinga á silku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara. ENEMM/SA - NM8374



Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Akureyri • Sími 461 1099 • heimsferdir.is



NÝTT ÚTLIT - NÝIR TÍMAR NÝ VERSLUN



VORUM AÐ OPNA NÝJA VERSLUN ELKO Í LINDUM.
FRÁBÆR OPNUNARTILBOÐ FRAM Á SUNNUÐAG
SEM GILDA EINGÖNGU Í ELKO LINDUM.

ATH: Tilboðin gilda ekki í öðrum verslunum ELKO og ekki í vefverslun ELKO

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!



15 diskar

Yfir 26 klukkustundir af efni

30 stk.

Verð áður 10.995

5.995

45% afsláttur

pú sparar 20 þúsund

Whirlpool

UPPÞVOTTAVÉL

- Stafræn vél sem gerð er fyrir innréttingu
- Seinkuð ræsing og 30 mín. hraðkerfi
- Spar- og kraftkerfi og kerfi fyrir viðkvæmt
- Lekavörn og sjálfhreinsandi affallssía

ADPU108WH

Whirlpool

UPPÞVOTTAVÉL

- Stafræn vél sem gerð er fyrir innréttingu
- Seinkuð ræsing og 30 mín. hraðkerfi
- Spar- og kraftkerfi og kerfi fyrir viðkvæmt
- Lekavörn og sjálfhreinsandi affallssía

ADPU108WH

finish
UPPÞVOTTATÖFLUR FYLGJA ÖLLUM
SELDUM UPPÞVOTTAVÉLUM
ALLA OPUNARHELGINA

30 stk.

Kynningarverð

49.995

eða 4.702 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 56.425 kr. - ÁHK 25,9%

Verð eftir kynningu 69.995

A+ | 12 | 48
Orkuflokkur | Manna | db

10 stk.

Verð áður 114.995

79.995

eða 7.290 kr. á mánuði
miðað við 12 mánaða vaxtalaust kortalán,
alls 87.475 kr. - ÁHK 18,5%



GRUNDIG

LED SNJALLSJÓNVARP

- Full HD – upplausn 1920x1080
- 200Hz
- 4xHDMI, 1xSCART, 1xComponent, 1xOptical o.fl.
- Stafrænn móttakari – DVB-T2/C
- Gervihnattamóttakari – DVB-S2
- USB tengi fyrir myndbönd, tónlist og ljósmyndir
- 20W hátalarar
- Smart TV með innbyggðum netvafra og Dual Core örgjörva

48VLE5430BP

30% afsláttur



IPS 4,5" skjár

Full HD video 1080@30fps

4 kjarna örgjörvi

100 stk.

Verð áður 26.995

19.995

26% afsláttur

SONY

GSM-XPERIA E3

- IPS 4,5" snertiskjár (854x480)
- 5Mpix myndavél. Full HD video
- Quad-core 1,2 GHz örgjörvi
- 1GB vinnsluminni. 4GB minni

SONYE3(BLA/WHI/COP)

Skoðaðu fleiri tilboð í ELKO-blaðinu á elko.is

ELKO
LINDIR

8 UPPÁHALDS ÖPPIN




Georg Lúðvíksson forstjóri Meniga

MENIGA-APPIÐ
Appið „mitt“ sem ég er afar stoltur af og nota á hverjum degi. Ómissandi til að fylgjast með eyðslunni og fá frábær tilboð frá verslunum.

DUOLINGO
Að læra nýtt tungumál er leikur einn með Duolingo er orðinn lygilega góður í ítölsku (alveg satt). Molto bene!

QUIZUP
Ég er spurningakeppnisnörd og ég fæ einfaldlega ekki leið á því að keppa við vini mína í QuizUp. Nýja uppfærslan gerir góðan leik enn betri.

SWYPE
Byltingarkennt lykilorð þar sem maður dregur fingurinn milli stafa í stað þess að lyfta fingrinum. Virkar strax án nokkurrar þjálfunar og nær útrýmri innsláttarvillum.



SNAPCHAT
Myndrænn og einstaklega skemmtilegur samskiptamáti. Öll skilaboð eyðast sjálfkrafa stuttu eftir að þau eru skoðuð og e-n veginn eru allir frjálsglegri og léttari í samskiptum.

ENDOMONDO
Alger snilld fyrir þá sem hreyfa sig mikið. Skemmtilegasti fjósin er að geta keppt við sinn eigin besta tíma.

FOTMOB
Nauðsynlegt fyrir þá sem vilja fylgjast með boltanum. Maður stillir hvaða deildum eða liðum maður vill fylgjast með og fær tilkynningar um leið og eitthvað gerist.

WATCHBOX
Nýtt íslenskt app. Svipað og Snapchat en er sniðið fyrir hópa og byggir á „rásam“ þar sem hægt er að senda myndskilaboð til margra í einu.



HÖFUÐKÚPAN Vítisdrengurinn er einn merkasti fundur fornleifafræðinga á síðustu áratugum. MYND/EPA

Vítisdrengurinn nýjasta risaeðlan

Beindagrind risaeðlu reyndist ný og framandi tegund.

Fornleifafræðingar eru sannfærðir um að beindagrind risaeðlu sem fannst í fjallshlíð í Calgary í Kanada árið 2005 tilheyrir áður óþektri tegund sem var uppi fyrir um 70 milljónum ára. Lögun höfuðkúpunnar þótti óvanaleg en svo virðist sem risaeðlan hafi verið með nokkur þyk og stutt horn.

Fornleifafræðingar við háskólann í Calgary hafa nefnt þessa nýju tegund Regaliceratops peterhewsi. Vegna undarlegrar lögunar hornanna hefur risaeðlan fengið viðurnefnið Hellboy. Risaeðlan var 9 metrar að lengd, 3,6 metrar á hæð og vó 12 tonn. Hún tilheyrði tegund nashyrningseðla og var því jurtaeta.

Allir auglýsa á Instagram

Facebook hyggst stórefla auglýsingaflæði á Instagram og geta nú öll fyrirtæki nýtt þenna ört stækkandi miðil.

Auglýsingum á Instagram kemur til með að fjölga verulega á næstunni. Facebook hefur tilkynnt að öll fyrirtæki geti nú auglýst með samskiptaforritinu en ekki nokkur vel valin eins og hingað til. Í yfirlýsingu frá Facebook segir að fyrirtækið muni á næstunni efla greiningu sína á áhugamálum, aldri og lýðfræðilegum einkennum notenda sinna til að stækka gagnasöfn sín sem þegar eru risavaxin.

Þá verða auglýsingarnar gagnvirkar að hluta og notendur Instagram munu geta keypt vörur í gegnum smáforritið og náð þar í önnur smáforrit sem auglýsendur vekja athygli á.

„Þessar uppfærslur munu algjörlega breyta eðli og eiginleikum Instagram,“ segir Debra Aho Williamson, sérfræðingur hjá eMarketer. „Nýjar leiðir í markaðssetningu á Instagram eru einmitt það sem auglýsendur hafa beðið eftir.“

Snjallsímanotendur skipa sífellt stærri hluta af heildartekjum Facebook en þeir skilðu fyrirtækinu 968 milljörðum króna í tekjur á síðasta ári. Það er 135,7% aukning frá árinu 2013 og er 17,4% af heildartekjum snjallsímauglýsingageirans á heims-

SNJALLSÍMANOTENDUR SKILUÐU FACEBOOK

968 milljörðum króna í tekjur á síðasta ári.

Það er **135,7%** aukning frá árinu 2013.

TEKJULIND Facebook er stórhuga þegar framtíð Instagram er annars vegar. MYND/GETTY

vísu. Aðeins Google stendur betur að vígi. Í sameiginlegri yfirlýsingu frá stjórnendum Facebook og Instagram á dögunum kemur fram að greiningarfyrirtækið Nielsen metur auglýsingaherferðir á Instagram 2,9 sinnum líklegri til

að skila árangri en þær sem birtast á öðrum samfélagsmiðlum. „Fólk vill komast í kynni við fyrirtæki og þjónustu af öllum toga á Instagram, allt frá uppáhaldsfatabúðinni og veitingastöðum til stærstu vörumerkja veraldar.“

Hressandi en ekki gallalaus leikur fyrir marga að spila í einu

MARIO PARTY 10

★★★★★

Wii U. SMÁLEIKUR

Mario Party 10 er nýjasti leikurinn í samnefndri röð frá Nintendo og er gerður fyrir Wii U-leikjatölvuna.

Mario Party er hugsaður fyrir marga að spila saman í einu. Borðin

eru sett upp eins og borðspil og spilarar kasta sýndarteningi til að komast áfram og reyna að safna sér sem flestum stjörnum í mismunandi smáleikjum.

Hægt er að spila hann á nokkra vegu en leikurinn kynnir meðal annars til sögunnar Bowser Mode, þar sem einn spilaranna tekur sér GamePad-stýringuna í hönd og spilar

Bowser á móti hinum. Virkilega skemmtileg viðbót.

Þá styður leikurinn einnig Amiibo-figúrarnar. Hægt að spila með þeim og á hver figúra sér borð sem er hannað sérstaklega fyrir hana.

Leikurinn er fjölbreyttur og smekktullur af smáleikjum sem gaman er að spila. Það er hins vegar meinlegur galli á honum að

allt spilið er keyrt áfram á teningaköstum. Þetta gerir það að verkum að ekki er hægt að auka reglulega við árangurinn eftir því sem færnin eykst. Þetta getur verið pirrandi.

Mario Party er aftur á móti litríkur og uppfullur af hressandi húmor og er skemmtilegt að spila hann með vinum eða fjölskyldunni.

Tinni Sveinsson



CREATIVE HEYRNARTÓL

Mögnuð HQ1600 heyrnartól frá Creative snillingunum. Tilvalin í að skila sumarsmellunum í kristaltærum hljómi með þéttum bassa :)

6.990

4BLS

NÝR BÆKFLINGUR STÚTFULLUR AF SPENNANDI TÖLVUBÚNAÐI

SUMAR SMELLUR

ÚRVALIÐ ER Í STÆRSTU TÖLVUVERSLUN LANDSINS

0% VEXTIR

HEYRNARTÓL

6.990

4 LITIR

TÖLVUTEK

Reykjavík • Akureyri • Undirhlíð 2

OPIÐ Í DAG FRÁ 11-16

FERÐIR

LAUGARDAGUR 6. JÚNÍ 2015

Kynningarblað

Costa Blanca

Gönguleiðin Reykjavegur

Sjálfbóðaliðar í Naíróbí



Kastalinn Santa Bárbara í Alicante-borg stendur á Benacantil-fjalli í 166 metra hæð. Kastalinn er upprunalega frá 9. öld en hefur verið endurgerður nokkrum sinnum. Árið 1965 var kastalinn opnaður almenningi en hægt er að taka lyftu upp, skoða kastalann og njóta útsýnis.

Sólarfrí strandfælunnar

Íslendingar eru tíðir gestir í sólarlöndum og sækja sér þar hlýju sem skortir hér á Klakanum. Strandlengja Costa Blanca á Spáni er vinsæl meðal Íslendinga enda reglulega flogið héðan til Alicante allt árið. Þó að Costa Blanca hafi að geyma unaðslegar strendur eru ekki allir aðdáendur þeirra og finnst óþægilegt að liggja og bakast í sólinni. Það fólk getur tekið sér ýmislegt annað fyrir hendur.

Lífleg borg

Þrátt fyrir að Alicante-borg sé í aðeins tuttugu km fjarlægð frá flugvelli sem þúsundir Íslendinga fljúga til er aðeins lítill hluti þeirra sem hefur heimsótt borgina sjálfa. Íbúafjöldi er 340 þúsund og þar má finna allt sem sóst er eftir í borgarferð. Gott er að versla á meginverslunargötunum, þar má finna fjölda veitinga- og kaffihúsa og meðfram ströndinni er afar skemmtilegt göngusvæði, **Explanada de España**, sem lagt er marmara með pálmatrjám á báðar hendur. Helstu kennileiti borgarinnar eru kastalinn Santa Bárbara sem gnæfir yfir borginni og höfnin. Barrio de la Santa Cruz er litríkt hverfi í elsta hluta borgarinnar sem gaman er að þræða en smá húsin standa á hæðinni fyrir neðan kastalann. Í borginni má einnig finna fjölda safna.

Tapas og gleði

Í Alicante-borg hefur á síðustu

árum þróast skemmtilegur vikulegur viðburður sem kallast **tardeo**. Heitið er sett saman úr orðunum tarde (síðdegi) og tapeo (að borða tapasrétti). Þá hittast vinarhópar eftir hádegi á laugardegi, rölja milli staða og fá sér drykki og tapas.

Tardeo er afar vinsælt og fyllist miðborgin af göðglöðu fólki sem skemmtir sér frá sirka eitt um daginn og fram á kvöld og sumir fram á rauðanótt. Oftast hefst gleðin á torginu fyrir framan Mercado Central-matarmarkaðinn þar sem fólk kaupir sér hressingu á markaðnum og nýtur hennar í sólinni. Síðan dreifast hóparnir um nærliggjandi stræti, flakka á milli veitinga- og kaffihúsa, skála og skemmta sér.

Vatnasport

Ströndin og hafið er eitt aðalmerki Costa Blanca og þar má finna ýmsa afþreyingu. Við ströndina er að finna fjölmargar

smábátahafnir fyrir þá sem kjósa þann ferðamáta en töluverður uppgangur er í seglskútuferðamennsku á Costa Blanca. Gaman er að snorkla við ströndina og víða er hægt að finna köfunarskóla. Á Costa Blanca eru nokkur friðlýst hafsvæði sem geyma mikla neðanjarðarfjárjóði sem gaman er að skoða. Þar má nefna Cabo de San Antonio og hafsvæðið við eyjuna **Nueva Tabarca**.

Annað vatnasport sem hægt er að prófa er seglbrettabrun, kajakróður, flugdrekabrun þar sem flugdrekidregur áfram brimbretti og brettaróður þar sem fólk stendur á brimbretti og rær með ár. Einnig má leigja seglbáta, mótorbáta, sæþotur, fara á vatnaskíði og dráttarbretti.

Hjólað og klífrað

Göngugarpar ættu ekki að eiga í erfiðleikum með að finna afþreyingu á Costa Blanca sem er eitt



Brettaróður er vinsæl afþreying. Þar stendur fólk á brimbretti og rær áfram með einni ár.

mesta fjallahérað Spánar. Þar er hægt að fara í léttu göngutúra um sléttlendi, kletta- og fossaklifur og allt þar á milli.

Hjólreiðar eiga vaxandi vinsældum að fagna á Spáni líkt og í heiminum öllum. Hægt er að finna hjólaleigur víða þar sem

leigja má bæði fjallahjól og götu-hjól. Hjólaleiðirnar eru margar og mismunandi erfiðar.

Golf í sólinni

Á Costa Blanca er að finna fjölda golfvalla, í allt eru þeir 21 talsins en þar af eru þrír svokallaðir ►

ÞÚ GETUR FLOGIÐ!



MÍLANÓ flug frá
12.999 kr.
júni - júlí 2015

BARCELONA flug frá
18.999 kr.
júni 2015

RÓM flug frá
16.999 kr.
júni - júlí 2015

ALICANTE, BENIDORM flug frá
18.999 kr.
júni 2015


LYON flug frá
12.999 kr.
júni 2015

Gerðu verðsamanburð,
það borgar sig!



KATRÍNARTÚNI 12 | WOWAIR.IS | WOWAIR@WOWAIR.IS

*999 kr. bókunargjald leggst ofan á hverja bókun og töskugjald er ekki innifalið nema annað sé tekið fram.



Altea er heillandi gamall bær.

► Pitch & Putt. Hægt er að spila golf allt árið og því hentar það Íslendingum vel sem þurfa að taka hlé á golfiðkuninni yfir veturinn. Nánari upplýsingar má finna á www.golfcostablanca.org.

Gamlir bæir, kastalar og söfn

Sagan er við hvert fótímal í þeim fjölmörgu bæjum sem finna má á Costa Blanca. Svæðið hefur talsverða tengingu við mára sem lýsir sér bæði í ýmsum fornminjum og hátíðahöldunum **Moros y cristianos**, eða márar og kristnir menn. Rætur hátíðarinnar er hægt að rekja til sextánda aldar en hún er haldin í minningu átaka sem brutust út milli máriskra og kristinna hermanna á þrettánda öld um völdin á Spáni. Hátíðin hefur breiðst út um allan Spán er er þó vinsælust í Valencia og Alicante. Glæsilegustu sýningarnar er að finna í Alcoy og Villajoyosa en þær einkennast af skruðgöngum prúðbúinna karla og kvenna með bjúgsverð á lofti.

Altea er einn af þeim skemmtilegu bæjum við ströndina sem gaman er að heimsækja. Bærinn er heillandi og gaman að röltu

um þröng stræti milli hvítra húsa en göturnar í elsta hlutanum eru búnar til úr steinvölum af ströndinni. Hvolfþök skreytt bláum og hvítum flísum eru einkennandi fyrir bæinn.

Villena er önnur skemmtileg borg með sögu. Þar má finna gamlar kirkjur og söfn. Til dæmis er hægt að skoða fjársjóðinn frá Villena sem er 3.000 ára gamall og fannst í gömlu leirkeri á síðustu öld. Yfir bænum trónir Atalya-kastalinn sem stendur uppi á kletti eins og svo margir kastalar á svæðinu.

Rík matarmenning

Matargerðarlist Spánverja er þekkt um allan heim. Paella, tapas, bacalau og sangría eru orð sem flestir þekkjá. Á Costa Blanca geta matargúrúar fundið perlur á hverju götuhorni og pantað allt frá klassískum réttum upp í nýmóðins rétti úr ranni Michelin-kokka en sjö veitingahús á Costa Blanca hafa samtals áunnið sér níu Michelin-stjörnur.

Íbúar svæðisins stæra sig af ferskasta hráefninu, sérstaklega þegar kemur að sjávarréttum,



Fjallgöngufólk hefur úr fjölmörgum kostum að velja.



Spænsk matarmenning er heillandi.

enda nóg að hafa meðfram 200 km strandlengju Costa Blanca. Matarmarkaðir eru í nánast hverjum bæ en þar má kaupa osta, kjöt, fisk og bakkelsi.

Sætindi eru kapituli út af fyrir sig. Bærinn **Jijona** er sagður fæðingarstaður núggats og þar er hægt að skoða safn tileinkað því. Í **Villajoyosa** er hægt að skoða súkkuladísafn en í bænum er ein mikilvægasta súkkuladísframleiðsla heims sem hófst snemma á nítjándu öld.

Vínsmökkun

Vínmenning Spánverja á sér djúpar rætur og finna má fjölmargar vénekrur á Costa Blanca sem er hægt að heimsækja og komast í vínsmökkun. Oft er slík smökkun þöruð við heimagerðar pylsur og brauð sem dýft er í dýrindis ólífuolíu.

Sérstök vínleið, **La Ruta del Vino**, hefur verið mörkuð fyrir vínáhugamenn. Leiðin nær yfir Vinalopó í suðri en í norðri eru það svæðin Marina Alta og Baja.

Nánari upplýsingar má finna á www.vinosalicantedop.org og www.rutadelvinodealicante.com.



Hátíðin Moros y cristianos, eða Márar og kristnir menn, er afar hátt skrifuð í Alicante. Gaman er að fylgjast með glæsilegum skruðgöngum.



Explanada de España er marmaralögð göngugata meðfram ströndinni í Alicante-borg.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 Umsjónarmaður auglýsinga: Jónatan Atli Sveinsson, jonatan@365.is, s. 5125446
Ábyrgðarmaður: Svanur Valgeirsson.



Grillað nauta ribeye og kaldur í bala. Gos og súkkulaði fyrir káta krakka, veiðikonur og karla.

Veiðimessa

Veiðiflugna

Stórsýning fluguveiðimannsins

Nýjar áskoranir, ný markmið...

laugardag og sunnudag

6. - 7. júní 2015

FRÁBER TILBOÐ
ALLA
HELGINA
OG AFSLÆTTIR



GUIDELINE

NÝTT SUMAR 2015

Korkers

Vöðluskór fyrir allar aðstæður. Reimalausir með útskiptanlegum botnum.

LAXA vöðlur

Ný hönnun - 4 laga

20% afsláttur á línunum alla helgina!

Loop Opti Runner

Pú hefur ekki prófað alvöru fluguhjól fyrr en þú prófar þetta!

Bullet línun

og þú lengir köstin! Gerir gæfu muninn í veiðinni.

Töskur

sniðnar að þörfum veiðimanna

Nano Puff

Jakkar sem hafa einfaldlega slegið í gegn!

NÝTT SUMAR 2015

NÝ LÍNA FYRIR KONUR!

patagonia
vöðlur og jakki

Hannað af konum, fyrir konur!

Sérlega vandaður veiðifatnaður og nú eru sniðin eins og konur vilja hafa þau.

60g PRIMALOFT hin fullkomna einangrun!

Enn betri Fario frá hönnunarteymi Guideline

Hilmar ráðleggur við val á stöngum, línunum, hjólum og flugum fyrir laxveiðina.

Klaus Frimor kynnir LOOP og sýnir hvernig kasta á flugu.

Hákan Norling frá Guideline kynnir nýju LXI og Fario stangirnar



Langholtsvegi 111
www.veidiflugur.is
Sími: 527 1060
hilmar@veidiflugur.is



Í snertingu við fallega náttúruna

Reykjanesið er vanmetið og heillandi útivistarsvæði. Þar má meðal annars finna gönguleiðina Reykjaveg sem flestir ganga í sjö hlutum. Á Reykjavegi má meðal annars finna hraunsprungur, eldgíga, jarðhitasvæði, fuglabjörg og sérkennilegan mosa.

Reykjavegur er vinsæl gönguleið sem liggur frá Reykjanesvita að Nesjavöllum við Þingvallavatn. Leiðin er 114 km löng og skiptist í sjö hluta en hver hluti leiðarinnar er 14-20 km langur. Fyrir vikið hentar hver hluti vel sem stök dagleið enda ganga margir allan Reykjavegin



Trausti Pálsson
göngugarpur

í nokkrum hlutum, þá helst yfir sumartímamann en einnig yfir veturinn.

Reykjavegur er ein elsta merktá gönguleið landsins og auðvelt er að ganga hana enda vel merkt gulum og bláum stikum. Einn þeirra sem þekkja Reykjaveg vel er Trausti Pálsson en hann hefur gengið leiðina tvisvar á síðustu árum ásamt göngufélögum sínum. „Á Reykjavegi má sjá mörg einstök náttúrufrýrbrigði á borð við hraunsprungur, eldgíga, jarðhitasvæði, fuglabjörg og sérkennilegan og fallegan mosa. Að mínu mati er Reykjanesið stórlega vanmetið sem göngusvæði en það býður upp á stórkostlega náttúru, bæði ofan- og neðanjarðar. Jarðfræðilega er þar allt sem landið

hefur upp á að bjóða nema jökla og ár.“

Dagleiðirnar sjö sem mynda Reykjaveg markast við Reykjanesvita, Þorbjörn við Bláa lónið eða Eldvörp, Leirdal, Djúpvatn, Kaldársel, Bláfjöll, Hamragil og Nesjavelli. Lengsta dagsleiðin er 20 km en sú stysta 13 km.

„Í bæði skiptin gekk ég frá Valahnúk við Reykjanesvita að Nesjavöllum og gekk þá lengra vegna færðar, eða yfir 130 km. Það er svolítið teygjanlegt hvar er endað Þingvallamegin en oftast er endað í Dyrdal í Henglafjöllum. Sumir ganga alveg á Þingvelli en aðrir niður að vatni neðan Nesjavalla. Jarðfræðilega telst eldstöðin í Henglinum til Reykjanes og því liggur Reykjavegurinn alfarið á Reykjanesi.“

Gönguleiðin inniheldur eðlilega marga hápunkta. „Það er erfitt að draga út fallegustu hluta leiðarinnar en þó er hægt að nefna Sandvíkina, Eldvörpin, Skjónabrekkurnar undir Þorbjarnarfelli, Gálgakletta hjá Hagafelli og leiðina undir Núpshlíðarhálsinn. Einnig er stórkostleg upplifun að standa uppi á Grænavatnseggjum og horfa yfir Sogin í átt að Trölladyngju og Grænudyngju og snúa sér síðan við og horfa yfir Djúpvatn.“



Á gönguleiðinni Reykjavegi á Reykjanesi gefur að líta mjög fjölbreytta og fallega náttúru.

MYND/TRAUSTI PÁLSSON

Einnig nefnir hann Undirhlíðarnar, sléttar hraunhellurnar sunnan Helgafells, Eldborgirnar sem Kristnitökuhraunið kom úr og Hengladalina. „Síðan finnur maður svo sannarlega til smæðar sinnar þegar staðið er við mynni Hrutagjárdyngjunnar. Af nægu er að taka eins og sjá má. Einn stór kostur leiðarinnar er að hún er stutt frá þéttbýli en liggur um leið um óbyggð svæði þar sem hægt er að vera í náinni snertingu við fallega náttúruna í friði og ró.“

Reykjavegur er auk þess greiðfær flestu fólki, að sögn Trausta. „Síðast gengu með mér hjón sem höfðu tekið þá ákvörðun að koma sér upp úr sófanum og skella sér í göngu. Þau stóðu sig eins og hetjur allan tímann og ekki að sjá á þeim að gangan væri erfiðari en hjá þeim sem vanari voru. Ég myndi samt mæla með því að fólk prófaði sig áður í léttari göngum.“

Nánari upplýsingar um Reykjavegin má finna víða, meðal annars á www.ferlir.is.



Gengið yfir Núpshlíðarháls á Reykjavegi.

MYND/RANNVEIG L. GÁRDARSÓTTIR

Sparaðu tíma
– pantaðu gjaldeyrinn á netinu

Nú getur þú pantað gjaldeyri á arionbanki.is og sótt hann í útbúið þitt næsta virka dag.

Kynntu þér málið á arionbanki.is/gjaldeyrir

Arion banki

Hættulegustu dýrin

Flóðhestar, krókódílar, ísbirnir og hvítháfar eru með hættulegustu dýrum veraldar og er gott að glöggva sig á því hvar þau er helst að finna.

Krókódílar leynast gjarnan í lygnum vatni. Þeir sem eru yfir 1,8 metrar að lengd geta auðveldlega læst tonnnum í manneskju. Því næst snúa þeir bráðinni kröftuglega í hringi en sá gjörningur kallast dauðasnúningur. Þá verður ekki aftur snúið. Krókódíla er helst að finna í norðurhluta Ástralíu, í Afríku, á Amasónsvæðinu og víðar í Suður-Ameríku

Þó að ísbirnir séu mjög hættulegir mönnum verða ekki mörg dauðsföll af völdum þeirra enda lifa þeir flestir á fáförnum svæðum. Á vissum stöðum í Kanada eiga þeir það þó til að koma inn í þéttbýli og ráðast á fólk. Þar fara fæstir óvopnaðir út en það er helst að þeim takist að drepa fólk sem er rænulaust sökum drykkju. Ísbirni er aðallega að finna í Kanada, á Grænlandi og Svalbarða.

Brimbrettafólk er í mestri hættu á að verða fyrir hákarlaárás en hákarlarnir taka brettin oft í misgripum fyrir seli. Þegar þeir hafa læst kjaftinum í brettið og hugsanlega manneskjuna á því eru þeir yfirleitt fljótir að sleppa taki. Eitt bit getur þó hæglega orðið manneskju að bana. Hákarlar halda aðallega til við Suður-Ameríku, Ástralíu, Flórída og Kaliforníu.

Flóðhestar bana fleira fólk en ljón. Þeir geta verið mjög árásargjarnir og því ætti að forðast að vera á ferli nálægt stórfjótum í Afríku, sérstaklega að næturlagi. Verði manneskja fyrir flóðhestaárás er yfirleitt úti um hana. Þó flóðhestar séu grasætur eru þeir með gríðarlega beittar tennur. Þær geta verið fjórir til fimm sentimetrar á breidd og allt að 25 sentímetra langar.

Flóðhesta er aðallega að finna í Afríku.



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ




Sköpunarkraftur

Í Íshúsi Hafnarfjarðar vinna listamenn og hönnuðir að sköpun sinni. Mikið verður um að vera um helgina. SÍÐA 2

Bylting

Hverju skila brjóstabyltingar? er yfirskrift málstofu þar sem fjallað er um #freethe-nipple-aðgerðirnar. SÍÐA 6



Við kynnum
**Philips Ambilight
9000 sjónvörpin**
Engin venjuleg upplifun



PHILIPS

Heimilistæki ht.is

KÆLIKREM SEM MINNKAR VERKI

SJÖAN SPORTVÖRUR KYNNIR Sport-Gel frá Rowo minnkar verki í vöðvum og liðum. Það fæst án lyfseðils í einkareknum apótekum og á www.sjoan.is.

Þýska vörumerkið Rowo hefur verið þekkt fyrir gæði í mörg ár en Sport-Gelið frá fyrirtækinu hefur verið ein af þeirra vinsælustu vörum undanfarin ár, að sögn Viðars Ólafssonar, sölustjóra hjá Sjönni Sportvörum. „Sport-Gelið er kælikrem og hentar vel þeim sem eru með verki í vöðvum og liðum en það er einfaldlega borið á auma svæðið. Það sem Sport-Gelið gerir er að það kælir auma svæðið á áhrifaríkan hátt og dregur þannig úr sársauka og verkjum. Sport-Gelið getur einnig virkað vel við fótapirringi, bakverkjum og gigt.“

Sport-Gelið frá Rowo inniheldur Arnica Montana og hreina japanska myntuolíu. „Það muna margir eftir því þegar hægt var að kaupa Arnica Montana í apótekum fyrir nokkrum árum. Margir sækja í það enda gefur það góða virkni en Arnica Montana og japanska myntuolían kælir húðina og endurnærir þannig húðina, vöðvana og liðina. Fólk liður því betur þegar það er búíð að bera á sig Sport-Gelið.“

Viðtökurnar hafa verið góðar, að sögn Viðars. „Sport-Gelið virkar og það hentar öllum, jafnt íþróttamönnum sem fólk í dagleg störf. Svo er líka skemmtilegt að í sumum apótekum er Sport-Gelið kallað þrjónagelið því margar konur sem þrjóna kaupa það og bera á hendur og axlir og liður þannig betur. Þannig að það er mjög breiður hópur sem notar Sport-Gelið.“

Sjúkraþjálfarar og nuddarar nota Sport-Gelið mikið, þar á meðal Reginn Unason heilsunuddari. „Ég nota Sport-Gel og aðrar vörur frá Rowo mikið í meðferð á skjólstæðingum mínum og hvet þá líka til að nota það á milli tíma. Sport-Gelið hentar við



margs konar kvillum, t.d. við tognun, vöðvabólgu, bólgum í liðum og liðböndum en einnig við tennisbólga og sinaskeiðabólgu. Sport-Gelið virkar fljótt og fólk finnur strax mikinn mun á sér. Ég get mælt með vörum frá Rowo.“

Meðal annarra vara frá Rowo má nefna fótakrem, fóta- og æðakrem, fótabað, siggkrem, nuddolíu, nuddkrem, nuddlotion og kælisprey.

Sport-Gelið frá Rowo fæst í einkareknum apótekum og í vefverslun Sjöunnar Sportvara, www.sjoan.is.

VINSÆL VARA
Sport-Gelið frá Rowo hefur verið ein af vinsælustu vörum fyrirtækisins undanfarin ár, að sögn Viðars Ólafssonar, sölustjóra hjá Sjönni Sportvörum.
MYND/ERNIR

GOTT ÚRVAL
Hægt er að fá Sport-Gelið í túpu, spreyi og sem roll-on.
MYND/ÚR EINKASAFNI




Revolution Macalibrium macarót

fyrir hormónajafnvægi karlmannna

Kannastu við þessi einkenni?

- Preytu og orkuleysi
- Minni kynlöngun
- Þyngdaraukningu
- Svefntruflanir
- Depurð



40%
afsláttur

www.lyfja.is

Rafmagnssláttuvélar



- > Stærð mótors: 1000 wött
- > Sláttubreidd: 32 cm
- > Stærð grassafnara 30 ltr



- > Stærð mótors: 1800 wött
- > Sláttubreidd: 40 cm
- > 6 hæðarstillingar
- > Stærð grassafnara 45 ltr



Reykjavík:
Krókháls 16
110 Reykjavík
Sími 568-1500

Akureyri:
Lónsbakka
601 Akureyri
Sími 568-1555

Vefsíða:
www.thor.is

Opnunartími:
Opnið alla virka daga
frá kl 8:00 -18:00
Lokað um helgar

Chromium picolinate



„Ódýrt og gott efni sem getur dregið úr sykurþörf og minnkað blóðfitu!“



„Króm er steinefni sem finna má í ólíkum fæðutegundum. Það er lífsnauðsynlegt og mikilvægasta hlutverk þessa efnis er blóðsykurstjórnun en það dregur úr hættunni á því að sykur safnist fyrir í blóði. Króm hefur mjög lengi verið vinsælt sem þyngdarstjórnunarefni og það er í miklu uppáhaldi hjá mér.“

Hrönn Hjálmarsdóttir, heilsu- og markþjálfari

Alvöru græjur í verkið



Tryggðu þér
3500 kg vagn
á aðeins kr. 790.000,- án vsk

Erum að fá gám af þýskum
2700 kg og 3500 kg Stema
flutningavögnum. Almennt
verð er kr. 890.000,- án vsk
en hægt að festa verðið í
kr. 790.000,- án vsk með
kr. 100.000,- innborgun.

Sparaðu
kr. 100.000,-

Lengd á palli: 401x203
Heildarstærð: 568x216x70
Dekkjastærð: 4x33,02 (13")
Þyngd: 466 kg
Burður: 3034 kg



Takmarkað magn

STEMA býður breiða vörulínu af tengivögnum fyrir atvinnulíf og heimili og nafnið hefur í fjóra áratugi verið samheiti fyrir gæði og áreiðanleika.

STEMA eru stöðugt að bæta gæði og þróa nýjar gerðir sem bætast við vöruúrvalið. Stema hafa verið söluhæstu tengivagna í Evrópu í mörg ár.

STEMA eru sterkir, öflugir tengivagnar með sérstökum hliðarborðum, öflugum lómum og þola mikið álag.



Hjallhrauni 2 - 220 Hafnarfjörður
Sími 562 3833 - asafl@asafl.is - www.asafl.is

ASAFL



TEXTÍLHÖNNUN Guðrún Borghildur er með vinnustofu í Íshúsinu og líður vel þar.



FJÖLBREYTT VIÐFANGSEFNI Jóhanna Hauks verður ásamt öðrum úr Íshúsinu á Lifandi laugardegi í miðbæ Hafnarfjarðar.



KERAMIK Dagný Gylfadóttir er einn nokkurra keramikhönnuða sem starfa í Íshúsi Hafnarfjarðar.



GAMAN Í ÍSHÚSINU Jónína Ósk finnur vel fyrir þeim krafti sem myndast hefur á milli hönnuða og listamanna í Íshúsinu.



FALLEGIR HNÍFAR Evangelos Tsagkouras er grískur hnífasmíður sem selur framleiðslu sína víða um heim.

Betra blóðflæði

Rauðrófu kristall 100% náttúrulegt

Einstök virkni og gæði - **þú finnur muninn**



ATH: Breyting nítrats úr fæðu í **Nitric Oxide (NO)** byrjar í **munni**, þess vegna er SuperBeets tekið inn í vökvaformi, en ekki töflurformi.

Nitric Oxide Superbeets
allt að 5 sinnum öflugri
1. dós superbeets jafngildir
30 flöskum af 500 ml rauðrófusafa

Íslensk vottun á NO³ innihaldi

Sýni rannsóknarstofa
Nýsköpunarmiðstöð Íslands

Fæst í flestum apótekum
og heilsuþúðum

Upplýsingasími 896 6949

Nánari upplýsingar WWW.SUPERBEETS.IS Umboð: vitex ehf



MIKILL HAGUR AF SAMFÉLAGINU

SAMEINAÐUR SKÖPUNARKRAFTUR Í Íshúsi Hafnarfjarðar vinna listamenn og hönnuðir að sköpun sinni. Mikið verður um að vera hjá þeim um helgina.

Það verður mikið um að vera í Íshúsi Hafnarfjarðar um helgina. Í dag taka íbúar þess þátt í Lifandi laugardegi í miðbæ Hafnarfjarðar og á morgun verður Sjómannadagurinn haldinn hátíðlegur og þá verða opnar vinnustofur og gestum og gangandi boðið að kynna sér starfseminu. „Í Íshúsi Hafnarfjarðar leigja einstaklingar og smærri fyrirtæki vinnustofur eða verkstæði undir ýmiss konar starfsemi í hinum og þessum skapandi greinum,“ segir Anna María Karlsdóttir mannfraeðingur sem ásamt eiginmanni sínum, Ólafi Gunnari Sverrissyni, rekur Íshús Hafnarfjarðar. „Húsið okkar hér við smábátahöfnina var upprunalega reist undir fiskverkun og hér var starfrækt frystihús og netaverkstæði fram til ársins 2001. Nú hefur þessi fallega bygging fengið nýtt hlutverk en fyrir tæpu ári tókum við húsið á leigu og nú eru hér 23 vinnustofur þar sem starfa meðal annars grískur hnífasmíður, keramikhönnuðir, myndlistarkonur, tréskipasmíður, skósmíður, textílhönnuðir og innan hússins er einnig starfrækt verkstæði sem sérhæfir sig í þrívíddarskurði.“

Anna María segir meðbyrinn frá upphafi hafa verið mikinn og að áhugi á starfseminni fari síst minnkandi. „Við tókum á móti hópum í skipulagðar heimsóknir og kynnum starfseminu en gestum býðst einnig að kaupa vörur beint frá hönnuðum og listamönnum hússins. Við erum einnig með verslun sem er opin alla fimmtudaga en seinna á þessu ári opnum við verslun í nýju rými í húsinu og rýmkum þá afgreiðslutímann til muna.“

KRAFTMIKIL SAMFÉLAG

Hönnuðir og listamenn Íshússins mynda ákveðið samfélag enda eru rýmin opin. „Hér er mjög fjölbreytt starfsemi og bæði smærri fyrirtæki og einyrkjar sem sumir voru áður við eldhúsbörðið heima hjá sér að skapa. Hér hefur myndast samstarf milli fólks á ólíkum sviðum og við höfum öll mikið gagn og gaman af þessu samfélagi okkar. Við deilum hugmyndum og þótt allir séu að vinna að sínu þá koma upp óvæntir vinklar sem hægt er að vinna með öðrum. Íshús Hafnarfjarðar væri ekkert án fólksins okkar og það er

mikill kraftur í húsinu,“ segir Anna María og brosir.

Lifandi laugardagur er viðburður sem verslunareigendur við Strandgötu í Hafnarfirði standa saman að og hafa þeir þá opið hjá sér fyrsta laugardag mánaðarins. Í dag verður auk þess flóamarkaður á Thorsplani og tóninu á móti Eymundsson og skottisala verður á bílplaninu á milli Eymundsson og verslunarmiðstöðvarinnar Fjarðar. Sjómannadagurinn verður haldinn hátíðlegur á milli 13 og 17 á morgun í Íshúsi Hafnarfjarðar enda eru tengslin við sjómennsku og fiskverkun mikil og sterk.

„Í tilefni dagsins verða vinnustofurnar hjá okkur opnar sem og verslun Íshússins og ef veður leyfir kemur starfsemin til með að flæða út og langleiðina niður að smábátahöfn,“ útskýrir Anna María og bætir við að hún vonist til að sjá sem flesta í Hafnarfirði um helgina en Hafnarfjarðarbær stendur fyrir veglegri dagskrá við Flensborgarhöfnina á Sjómannadaginn og hafnarsvæðið iðar jafnan af lífi.

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is



S A F T



VINVEITTIR GERLAR

Dagleg inntaka vinveittra gerla styrkir ónæmiskerfið. OptiBac fæst í öllum apótekum og heilsuverzlunum á Íslandi. Nánari upplýsingar á www.raritet.is og www.facebook.com/optibaciceland



VELJA ÞARF RÉTTA MELTINGARGERLA

RARITET KYNNIR OptiBac Probiotics er meðal öflugustu meltingargerla á markaðnum í dag. Umsagnir þeirra sem nota þá segja sína sögu.

Ég hef prófað margar tegundir af meltingargerlum (acidophilus), en hef aldrei fundið jafn mikla virkni og þegar ég nota OptiBac,“ segir Víðir Þór Prastarson, íþróttfræðingur og heilsunuddari, en Víðir hefur meðal annars notað „For Every Day“ extra sterkan frá OptiBac.

Víðir Þór er menntaður íþróttfræðingur frá Háskóla Íslands og hefur starfað sem einkaþjálfari í yfir 15 ár og á þeim tíma byggt upp mikla og sérhæfða þekkingu varðandi hreyfingu og næringu. Auk þess sinnir Víðir stundakennslu við heilsunuddbraut Fjölbautaskólans við Ármúla og er aðstoðarkennari við íþróttfræðisetur Háskóla Íslands.



MÆLIR MEÐ OPTIBAC Víðir Þór Prastarson, íþrótt- og heilsufræðingur frá Háskóla Íslands, hefur notað OptiBac Probiotics með góðum árangri og mælir með þeim fyrir alla sem vilja tryggja að meltingin sé í lagi.

á borð við skyndibita og unnar matvörur ásamt sýklalyfjanotkun hefur neikvæð áhrif á þarmaflóruna. Þessir þættir valda skorti á ensímum og nauðsynlegum bakteríum fyrir þarmaflóruna og því er ráðlagt að taka daglega inn vandaða meltingargerla með sannaða virkni.

„Í þörmum fyrirfinnast bæði góðar og vondar bakteríur. Talið er mikilvægt að hlutfall góðra baktería sé yfir sjötíu prósent. Margir kannast við óþægindi í meltingarvegi vegna slæmra baktería; loft í maga, magakrampa, niðurgang og hægðatregðu. Ef slæmt ástand

í þarmaflórinni varir lengi er það talið geta leitt af sér ýmsa kvilla, eins og ofnæmi, óþol, minni vörn gegn umgangspæstum og sýkingum, bólgusjúkdóma og veikingu á ónæmiskerfinu, sem leitt getur af sér alvarlega sjúkdóma. Auk þess styrkjum við náttúrulegar varnir líkamans gegn kvefi, flensu og umgangspæstum með því að viðhalda meltingarflórinni,“ segir Víðir og bendir á að þó svo að við höldum að flóran sé góð þá sé raunveruleikinn oft annar og ýmis líkamleg einkenni sem við tengjum ekki beint við meltinguna eigi sér uppruna þar.

BREIÐ VIRKNI OG SÉRHÆFÐAR LAUSNIR

Það sem er einstakt við þessa vöru er hvað gerlarnir eru virkir og vel rannsakaðir. Bæði er hægt að velja gerlablöndu með breiða virkni sem inniheldur margar tegundir af gerlum en einnig hefur OptiBac þróað og sett saman nokkrar tegundir af sérhæfðum blöndum með virkni fyrir sérstök meltingarvandamál eins og til dæmis gegn hægðatregðu, til að losna við loft og þembu úr meltingarveginum, við niðurgangi eða bakteríusýkingu.

DAGLEG INNTAKA VINVEITTRA GERLA STYRKIR ÓNÆMISKERFIÐ

Streita, lélegt eða einhæft mataræði



EKKI MEIRI HÆGÐATREGÐA

OptiBac Bifidobacteria & Fibre eykur á náttúrulegan hátt meltingarvirkni og þarma-hreyfingar.



FLATUR MAGI Á 7 DÖGUM

OptiBac One Week Flat eykur ensímframleiðslu og brýtur niður fæðuna.



OPTIBAC PROBIOTICS EXTRA STRENGTH

Extra sterk Probiotic-formúla með 20 milljörðum af lifandi bakteríum í dagskammti. Inniheldur fimm ítarlega rannsakaðar bakteríutegundir, meðal annars L. acidophilus NCFM®.

NÁTTÚRULEG OG HRAÐVIRK LAUSN GEGN NIÐURGANGI OG BAKTERÍUSÝKINGUM

OptiBac Saccharomyces boulardii virkar hratt og örugglega við niðurgangi og bakteríusýkingu í meltingarvegi.



OptiBac probiotics

Flatur magi á sjö dögum
One Week Flat dregur úr lofti í maga og gerir þaninn kvið flitari.

@OptiBac f www.facebook.com/optibaciceland



„Ég mæli með því að nota vandaða meltingargerla eins og frá OptiBac Probiotics til að viðhalda heilbrigðri meltingu og bæta almenna heilsu“

Hanna Rún Bazev Óladóttir dansari.



Fæst í apótekum og heilsubúðum

ÚTSÖLUSTADIR:
Apótek um allt land



BESTA FLENSUVÖRN SEM ÉG HEF PRÓFAÐ

Sambucol er öflug fyrirbyggjandi lausn gegn kvefi og flensu fyrir alla fjölskylduna. Sambucol er náttúrulegt fæðubótarefni úr black elderberry-extrakt.

Þórarinn Þórhallsson, eigandi Raritet, hefur varla fengið flensu eða kvef undanfarin ár eða síðan hann kynntist Sambucol. „Ég prófaði Sambucol þegar ég fékk heiftarlega flensu fyrir nokkrum árum og það virkaði strax. Einkennin urðu mildari og það var mun auðveldara að takast á við veikindin. Ég var kominn aftur á ról eftir tvo til þrjú daga. Eftir það hef ég notað Sambucol markvisst allt árið um kring og hef hvorki fengið kvef né flensu síðan sem neinu nemur, 7-9-13,“ segir Þórarinn.

NÁTTÚRULEG VÍRUSVÖRN

Áratuga rannsóknir á Sambucol hafa sannað gagnsemi við t.d. influensu A og B og styrkingu á ónæmisviðbrögðum.

Dæmi um klínískar rannsóknir á Sambucol:

- 1995 – Inflúensa B rannsókn Miklu meiri bati hjá 93,3% þeirra sem tóku Sambucol en þeim sem notuðu lyfleysu.
- 2001 – Ónæmiskerfisrannsókn „In vitro“ Sambucol reyndist vera hjálplegt til að styrkja ónæmiskerfið hjá fólki sem hafði minnkuð ónæmisviðbrögð.
- 2004 – Inflúensa A rannsókn Sambucol sýndi góða verkun gegn flensu og fækkaði veikindadögum að meðaltali um fjóra. Þeir sem tóku Sambucol þurftu einnig á mun minni verkjalyfjum að halda.
- Fuglallensa H5N1 Sambucol virkaði í 99% tilfella til að vinna á móti H5N1 virusnum.

HVERNIG GETUR SAMBUCOL HJÁLPAÐ?

- Með því að taka Sambucol allan ársins hring er hægt að koma í veg fyrir kvefsmít og flensu. Mælt er með því að taka stærri skammt af Sambucol yfir vetrartímann.
- Sambucol getur hjálpað til við að forðast flensusmit á ferðalögum, á fjölförnum stöðum og í almenningsfarartækjum.
- Sambucol hefur fyrirbyggjandi áhrif, svo gott er að taka það inn þegar mikið stendur til.

SAMBUCOL ER FÁANLEGT Í ÞEMUR MISMUNANDI PAKKNINGUM

- Sambucol for Kids er bragðgott náttúrulegt þykki sem inniheldur svört ylliber og C-vítamín. Hentar börnum á aldrinum 3-12 ára. Þykkið er einstaklega bragðgott.
- Sambucol Immune Forte er sykurlaust, náttúrulegt þykki sem inniheldur svört ylliber og Antivirín sem kemur í veg fyrir að vírusar ná til frumnanna og fjölgi sér. Inniheldur auk þess C-vítamín og sink sem styrkja ónæmiskerfið.
- Sambucol Immune Forte – hylki: Fyrir þá sem ekki vilja mixtúru er hægt að fá Sambucol forte með C-vítamín og sinki í hylkjum. En forðahylki eru góður kostur þar sem innihaldsefnin eru í duftformi og eru þannig auðmeltanleg.

GÓÐ RÁÐ TIL AÐ FORÐAST SMIT

- Hreinlæti.
- Borðið engifer og hvítlauk og takið meltingargerla til að styrkja ónæmiskerfið.
- Takið inn Sambucol alla daga til að minnka líkur á smiti af kvefi og flensu.
- Best er að halda sig heima ef flensan bankar upp á.



NOSTALGÍA Á sýningunni má sjá marga glæsilega gamla bíla sem einungis eru teknir út við hátíðleg tækifæri.



HESTÖFL Níutíu þúsund hestöfl undir einu þaki. Sýningin er opin til klukkan 22 í kvöld og frá klukkan 10 til 17 á morgun. 19.30 hefst svo akstur á kvartmílubrautinni í Kapelluhrauni.

ADRENALÍNKIKKIÐ HEILLAR

BÍLASÝNING Í EGILSHÖLL Tvö hundruð tryllitæki fylla nú Egilshöll en þar stendur yfir 40 ára afmælisýning Kvartmíluklúbbs Íslands. Fire force 3, 10.000 hestafla bíll, fer aðra ferð um kvartmílubrautina annað kvöld. Einstakur viðburður, segir sýningarstjóri.

Það eru hátt í 90.000 hestöfl inni í þessum sal,“ segir Hannes Jakobsen, sýningarstjóri afmælisýningar Kvartmíluklúbbs Íslands, en 200 bílar fylla nú Egilshöll í til efni 40 ára afmælis klúbbsins nú um helgina. Sýningin er opin frá klukkan 10 til 22 í dag og frá 10-17 á morgun.

„Hér eru tryllitæki af öllum gerðum, aðallega „muscle cars“, við hleypum ekki bíl hingað inn undir 300 hestöflum. Þetta eru bæði gamlir og nýir bílar sem margir hverjir hafa aldrei áður sést á sýningum og þar að auki mótorkjól og fjarstýrðar flugvélar. Svona stór sýning verður ekki haldin aftur á næstunni. Þetta er einstakur viðburður,“ segir Hannes.

Herlegheitin hófust á fimmtudag með magnaðri sýningu á Fire force 3 sem endurtekin verður á sunnudagskvöldið á kvartmílubrautinni klukkan 20 en svæðið verður opnað klukkan 19.30.

„Þá gefst tækifæri til að sjá hraðskreiðasta tæki sem farið hefur upp á braut hjá okkur. Það er varla hægt að kalla Fire force bíl, þetta er kvartmílu tryllitæki með flugvélamótor. Hann er 10.000 hestöfl, fer 400 metra á 5 sekúndum og nær 500 km hraða á þessum 5 sekúndum,“ segir Hannes.

Sjálfur á Hannes bíl á sýningunni í Egilshöll enda forfallinn bílaáhugamaður.

„Já, já, ég er með þrjá bíla hérna, ég er alveg jafn ruglaður og hinir,“ segir hann hlæjandi.



MEÐ ALVARLEGA BÍLADELLU Hannes Jakobsen, sýningarstjóri afmælisýningar Kvartmíluklúbbs Íslands sem stendur nú yfir í Egilshöll, segir viðburðinn einstakan. 200 bílar fylla höllina en sýningunni lýkur annað kvöld með tilkomumikilli sýningu á kvartmílubrautinni í Kapelluhrauni.

„Ég er með fyrsta bílminn sem ég keypti 16 ára gamall, og tvo aðra, allt Mustanga. Ég er Mustang-maður í gegn. Hér á

sýningunni er einmitt frumsýning á Mustang 2015 og við hliðina á honum stilltum við upp Mustang 1965. Það fylgir þessu mikil

nostalgía og hér á sýningunni eru 40 ára gamlir bílar sem líta betur út en nýir, bílar sem eru varla teknir út fyrir bílskúrsdyrnar nema örfáa klukkutíma á ári og þá bíla sér fólk náttúrulega aldrei, nema á þessari sýningu. Þetta er okkar áhugamál, við eyðum peningunum okkar í þetta frekar en í golf eða hestamennsku,“ segir Hannes en viðurkennir að það sem titli mest sé hraðinn og krafturinn í bílunum.

„Það er adrenalínkikkið í þessu og svo eru bílarnir flottir. En Kvartmíluklúbburinn stendur fyrir það að ná hraðakstri af götunum og inn á örugg svæði. Hér á brautinni okkar getur fólk fengið útrás fyrir kraftinn í bílunum og ekið svo sallarólegt heim í umferðinni.“



Menntaskólinn í Kópavogi

Þekking- þroski- þróun- þátttaka



Stúdentsnám

- Alþjóðasamskipti
- Félagsgreinar
- Ferðagreinar
- Raungreinar
- Viðskiptagreinar
- Listgreinar-metið



Grunndeild matvæla og ferðagreina.

Fyrir þá sem vilja verða:

- Bakari
- Framreiðslumaður (þjónn)
- Kjötiðnaðarmaður
- Matreiðslumaður (kokkur) eða starfa í ferðaþjónustu.



Framhaldsskólabraut

Kynntu þér málið á www.mk.is og á facebooksíðu skólans

Menntaskólinn í Kópavogi
Hótel- og matvæla skólinn
Ferðamála skólinn og Leiðsöguskólinn
Digranesvegi 51
Sími 594 4000
www.mk.is

Stærðir
36-56

Þú finnur **GÓÐAR** stærðir
og **FRÁBÆRT** verð í ZIKZAK!
Full verslun af glænýjum vörum

ZIKZAK
TÍSKUHÚS



KJÓLL
4.990kr
st. 36-56

KJÓLL
5.990kr
st. 36-56

PEYSA
6.990kr
st. 36-52



PEYSA
ÁÐUR 12.990
NÚ 5.990
st. 42-56

Peysumar eru
komnar aftur!



KJÓLL
6.990kr
st. S-3XL

KJÓLL
4.990kr
st. S-XL

SKOKKUR
4.990kr
st. S-3XL



TÚNIKA
9.990kr
st. 42-56

BOLUR
ÁÐUR 5.990
NÚ 4.990
st. 42-56

TÚNIKA
ÁÐUR 7.990
NÚ 5.990
st. 42-56

GLEÐILEGT SUMAR.

MEÐ TUDOR



Eitt mesta úrval landsins af rafgeymum í allar gerðir farartækja. Mælum • skiptum um • traust og fagleg þjónusta • 30 ára reynsla

Bíldshöfða 12 • 110 RVK • 577 1515 • www.skorri.is



SKORRI

TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMU **TUDOR**

Inniheldur EKKI: sykur, glúteín, ger, laktósa eða gerviefni.

Mini Drops 20% afsláttur til 30. júní

natures aid

NÝ VÍTAMÍNLÍNA FYRIR BÖRN



Heilsuhúsið

FRÁBÆR SKEMMTUN FYRIR FJÖLBREYTTA HÓPA



HÓPEFLI ÖVISSUFERÐIR AFMÆLI FYRIRTÆKI VINAHÓPAR SAUMAKLUBBAR FELAGASAMTÖK

LASER TAG Coca-Cola zero

Salavegur 2 • 201 Kópavogur • sími: 564 6644 • lasertag@lasertag.is



NÝJAR BYLGJUR RÍSA MEÐ NÝJUM KYNSLÓÐUM „Konurnar sem tóku þátt í #freethenipple voru sumar ekki fæddar þegar rauðsokkurnar voru upp á sitt besta og eru alveg jafn gáttaðar á launamun kynjanna, fjölda karla á þingi og því að þurfa, ólíkt körlum, að hylja brjóst,” segir Njörður.

ER EITTHVAÐ BREYTT?

MÓTMÆLI SAMTÍMANS „Hverju skila brjóstabyltingar?“ er yfirskrift málstofu sem námslína í Byltingafræði við Háskólann á Bifröst stendur fyrir í hádeginu á þriðjudag. Þar verður fjallað um #freethenipple-aðgerðirnar í mars.

Málstofan fjallar um #freethenipple-aðgerðirnar sem hófust á Twitter í mars síðastliðnum og verður þeirri spurningu varpað fram hvort þær hafi komið einhverju til leiðar. Eins verður fjallað um hvað aðgerðirnar segja um mótmælamentningu samtímans svo eitthvað sé nefnt.

Þær Hulda Hólmkelsdóttir og Berglind Rós Magnúsdóttir taka til máls en Hulda tók virkan þátt í aðgerðunum í vor. Berglind Rós starfar hjá Menntavísindasviði Háskóla Íslands. „Markmiðið er að fá sjónarmið manneskju sem tók þátt og einhvers sem starfar við að greina aðgerðir sem þessar. Tilgangurinn er líka að fá fólk til að tala saman um þessa hluti,” segir Njörður Sigurjónsson, dósent við Háskólann á Bifröst. „Það er ekki langt liðið frá aðgerðunum og erfitt að segja hver endanleg útkoma verður. Fólk hefur hins vegar mjög ólíkar skoðanir á því sem gerðist og er að gerast í þessum efnum. Fræðin eru oft langt á eftir en þetta er tilraun til að ræða málin og greina aðgerðirnar á meðan á þeim stendur,” útskýrir Njörður.

En hvað segja fræðin? Skila svona aðgerðir árangri? „Aðgerðir eru notaðar til að vekja athygli á málstað og til að fá af stað umræðu og í kjölfarið einhverjar breytingar á samfélaginu. Ef við horfum til mannréttindabaráttu tuttugustu aldarinnar erum við með dæmi um miklar samfélagsbreytingar í kjölfar byltinga og má þar nefna frjálsræðisbyltinguna 1968 og kvenréttindabyltingu rauðsokkahreyfingarinnar. Með tímanum verður þó gjarnan bakslag og nú virðumst við aftur



LOKAÚT-KOMAN ÖLJÓS Aðgerðir eins og #freethenipple eru notaðar til að vekja athygli á málstað, fá af stað umræðu og í kjölfarið einhverjar breytingar á samfélaginu.

vera að festast í kynjarullum þar sem karlinn er fyrirvinnan og konan hefur umsjón með heimilinu, en þetta sjáum við einna skýrast á óútskýrðum launamun kynjanna,” segir Njörður.

Eftir bakslag er eðlilegt að nýjar bylgjur rísi en þær fylgja líka nýjum kynslóðum. „Konurnar sem tóku þátt í #freethenipple voru sumar ekki fæddar þegar rauðsokkurnar voru upp á sitt besta og eru alveg jafn gáttaðar á launamun kynjanna, fjölda karla á þingi og á því að þurfa, ólíkt körlum, að hylja brjóst.”

Njörður segir sérstaklega áhugavert að skoða hvernig baráttuaðferðirnar breytast en byltingar nútímans fara að miklu leyti fram á samfélagsmiðlum. #freethenipple fór til dæmis mestmegnis fram á Twitter. „Þátttakendur fóru vissulega í mótmælagöngu niður Laugavegin og að Alþingishúsinu, sem er þessi klassíska mótmælaleið, en það var aðallega í þeim tilgangi að skapa myndefni fyrir Twitter,” segir Njörður. Sams konar bylting fór svo af stað fyrir rúmri

viku á Facebook-síðunni Beauty tips þar sem konur hófu að deila sögum af kynferðismisnotkun.

En hvaða afleiðingar getur slík opinberun haft? „Það eru alltaf afleiðingar af baráttu en þeir sem taka þátt gera það í krafti fjöldans. Í byltingarham fer fólk hugsanlega yfir strikið en stundum er málstaðurinn stærri en einstök mál sem óhjákvæmilega fylgja.“

Það sem vakir fyrir fólk sem tekur þátt í byltingu er að breyta samfélagi og öllum byltingum fylgir að sögn Njarðar mikill baráttuhugur og von. „Ef við lítum á söguna er ljóst að þeim fylgir líka ofbeldi, valdbeiting, eyðilegging og dauði. Byltingar geta því líka haft í för með sér mikil vonbrigði. Það sem einkennir byltingu er að það stjórnar henni enginn eftir að hún er farin af stað og enginn veit hver lokaútkoman verður.“

Málstofan verður haldin í húsnæði Háskólans á Bifröst að Hverfisgötu 4-6, 5. hæð og stendur frá tólf til eitt.

ÖRYGGISÞJÓNUSTA & KERFI

Kynningarblað Securitas, forvarnir gegn innbrotum og nágrannavarsla.

Securitas sinnir öryggi landsmanna í víðu samhengi

Securitas býður upp á fjölbreytta þjónustu fyrir bæði einstaklinga og fjölskyldur og fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum. Securitas sér ekki eingöngu um öryggisgæslu á víðtækan máta heldur rekur einnig fyrirtæki sem meðal annars bjóða upp á geymslurými til leigu, sérhæfða akstursþjónustu og fleira. Viðskiptavinir Securitas geta nú pantað Götugrill Securitas og grillað fyrir vini og vandamenn.

Securitas er stærsta og rótgrónasta öryggisfyrirtæki landsins með um fjögur hundruð starfsmenn. Fyrirtækið fagnaði 35 ára starfsafmæli í fyrra en verkefni þess eru mörg og misjöfn og sífellt bætist við þau. „Við erum meðal annars í stóru og viðamiklu verkefni núna sem snýr að Smáþjóðaleikunum,“ segir Guðmundur Arason, forstjóri Securitas. „Þetta er með stærri gæsluverkefnum sem við höfum tekið að okkur en við gætum öryggis um tólf hundruð gesta og keppenda leikanna auk þess að sinna allri aðgangsstýringu. Í íslensku tungu er viss vöntun á nöfnum á mismunandi hlutverkum öryggisfyrirtækja en á ensku er talað um „security“ og „safety“ í þessu samhengi og erum við með öryggisverði sem eru þjálfaðir í hvoru tveggja. „Safety“ má þýða sem skyndihjálp, sjúkraflutninga og öryggi gesta almennt en „security“ er meira eins og öryggi svæðisins eða hússins, svo sem aðgangsstýringar og myndeftirlit. Í því felst meðal annars að ákveða hverjir eiga að fara hvert og að vakta eld Smáþjóðaleikanna.“

Innbrot ekki eina vandamálið

Í huga margra er Securitas fyrirtæki sem verndar húsnæði fólks fyrir innbrotum. Vissulega er það raunin en þjónusta fyrirtækisins snýst ekki aðeins um það heldur að veita allsherjar vernd fyrir heimilið. Ekki síður fyrir eldi, reyk og vatni en fyrir þjófnaði. Fyrirtækjaþjónusta Securitas hefur farið vaxandi undanfarið og að sögn Guðmundar eru eigendur fyrirtækja orðnir meðvitaðri um að þeir þurfi að huga að öryggismálum sínum. „Fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum eru í þjónustu hjá okkur og er myndeftirlitskerfi okkar mjög vinsælt enda okkar stærsta þjónustuvæðing,“ lýsir Guðmundur.

Luxury Transport og Geymslur24

Annað verkefni Securitas sem þessa stundina viðkemur einnig Smáþjóðaleikunum er sérhæfð akstursþjónusta en fyrirtækið hefur á sínum snærum glæsilegan bílaflota. „Við höfum verið að keyra með tigna gesti leikanna en við bjóðum upp á hvers kyns farartæki sem hæfa stórstjórnunum, þjóðhöfðingjum og öðrum sem hafa efni og áhuga á að borga fyrir slíka þjónustu. Þjón-



Öryggisverðir Securitas hafa undanfarið gætt öryggis gesta og keppenda Smáþjóðaleikanna. Verkefnið er með stærri gæsluverkefnum sem fyrirtækið hefur tekið að sér.

ustan kallast Luxury Transport og fer hún sífellt vaxandi.“

Geymslur24 er fyrirtæki sem Securitas opnaði nýlega og býður upp á geymslurými til leigu. Boðið er upp á geymslur sem henta flestöllum sem þurfa á geymsluhúsnæði að halda. Markmið fyrirtækisins er að tryggja aukið öryggi og þægindi með því að notast við nýjustu tækni í öryggis- og aðgangsmálum þannig að viðskiptavinir fyrirtækisins hafi aðgang allan sólarhringinn alla daga ársins. „Rekstur geymslufyrirtækja fellur vel að öðrum rekstri Securitas þar sem viðskiptavinir geymslufyrirtækja leggja mikið upp úr öryggi og vöktun. Viðskiptavinir Securitas hafa treyst fyrirtækinu til þess að vakta og gæta öryggis heimila, sumarhúsa og fyrirtækja í 35 ár og því var rökrétt skref að bjóða upp á geymslur með vöktun. Það er mikil eftirspurn eftir geymsluhúsnæði og ætlum við að mæta henni samhliða því að bjóða upp á aukið öryggi og þægindi með nýjustu tækni,“ segir Guðmundur.

Fleiri Rauðir jakkar

Enn fleiri verkefni eru í þróun hjá Securitas og var nýlega annar hópur öryggisvarða í Rauða jakk-

anum útskrifaður en þeir öryggisverðir hafa farið í gegnum strembið nám í Sjúkraflutningaskóla Íslands. Securitas hefur í áráraðir boðið viðskiptavinum sínum upp á Öryggishnapp og þjónustu í kringum hann. „Securitas tryggir að hnappþegar fái besta mögulegan undirbúning fyrir flutning á sjúkrahús eða komu sérfræðinga, svo sem sjúkraflutningamanna og lækna. Það var gaman að heyrja nýverid frá slökkviliðs- og sjúkraflutningamönnum að þeir finna greinilegan mun á þjónustu okkar þegar kemur að þessu. Stefnt er að því að öryggisverðir í Rauða jakknum verði orðnir þrjátíu á þessu ári.“

Gleðilegt Götugrill


Að lokum má segja frá því að Securitas heldur uppteknum hætti frá fyrri árum og býður viðskiptavinum að fá lánað Götugrill Securitas. „Við hjá Securitas vitum hvað það er gaman að grilla á björtum sumarkvöldum í góðra vina hópi. Við vitum líka hvað nágrannavarsla skiptir miklu máli og því betur sem nágrannarnir þekkjast því öruggara er hverfið. Grillið sem við lánnum er einstaklega veglegt kolagrill og er því hægt að slá



Guðmundur Arason, forstjóri Securitas, segir að verkefnum fyrirtækisins fjölgi stöðugt og að þau séu fjölbreytt, krefjandi og skemmtileg.

upp risagrillveislu fyrir ættingja, vini eða alla í götunni. Grillið er keyrt heim að dyrum innan höfuðborgarsvæðisins, ásamt öllu því sem þarf til að grilla eins og kol, kveikilög, eldspýtur, tangir, svuntu og hanska. Þetta hefur verið mjög vinsælt frá því við byrjuðum á þessu fyrir tveimur sumrum og við hvetjum því viðskiptavinum til að panta grillkvöld sem fyrst,“ segir Guðmundur og brosir.

Viðskiptavinir Securitas geta fengið Götugrill að láni. Það er tilvalið að bjóða nágrönnunum í grillveislu, því betur sem nágrannarnir þekkjast því öruggara er hverfið.



Sumarið er tími innbrotsþjófanna

Innbrotsþjófar láta gjarnan til skaras skríða yfir sumartímann þegar landsmenn eru á ferðalögum. Mikilvægt er að huga að forvörnum áður en lagt er af stað í frí til að koma í veg fyrir innbrot. Vel læstar hurðir og gluggar skipta miklu máli auk þess sem nágrannavarsla hefur færst sífellt meira í vöxt undanfarin ár meðal landsmanna. Forðast ber að tilkynna um sumarfrí á Facebook.

Nú er að renna upp sá árstími þegar margir landsmenn eru á ferðalögum innanlands eða erlendis. Því er mikilvægt að huga vel að öryggismálum heima fyrir áður en lagt er af stað þannig að íbúar komi að heimilinu eins og það var fyrir brottför.

Innbrot á heimili koma í bylgjum eins og aðrir glæpir að sögn Ásgeirs Karlssonar, aðstoðaryfir-lögregluþjóns hjá ríkislögreglustjóra, en sumarið sé vissulega sá árstími þar sem heimilin eru hvað mest berskjölduð gagnvart innbrotsþjófum.

„Landsmenn eru eðlilega meira að heiman yfir sumartímann og þá sjá innbrotsþjófar sér frekar leik á borði og heim-sækja heimili án vitundar íbúa þeirra. Því er mikilvægt að huga vel að öryggismálum fyrir brottför til að lágmarka möguleika á innbrotum.“

Nágrannavarsla virkar

Slíkar forvarnir eru að mestu leyti einfaldar auk þess sem flestir eru vel meðvitaðir um þær að sögn Ásgeirs. „Fyrst og fremst þarf að tryggja að allar hurðir á íbúðinni séu vel læstar og að enginn gluggi sé opin, sérstaklega í sérbylum og íbúðum sem eru á jarðhæð. Gott er að hafa heimilið upplýst að utan svo óvelkomnir aðilar sjáist betur og passa þarf upp á að verkfæri og stigar séu ekki fyrir utan húsið enda getur slíkt beinlínis hvatt til innbrots eða hjálpað innbrotsþjófum að klára ætluð verk sitt.“

Einnig hefur sífellt meira færst í vöxt undanfarin ár að nágrannar sjái um svokallaða nágrannavörslu, hvort sem um er að ræða íbúa í sama húsi eða nágranna í götunni. „Reynslan hefur sýnt að nágrannavarsla er mjög skilvirkt eftirlit en þá hafa nágrannar eftirlit með viðkomandi íbúð eða húsi meðan íbúar eru fjarverandi og tilkynna strax ef þeir sjá eitthvað óeðlilegt, til dæmis óeðlilegar mannaferðir. Þeir gætu einnig, ef við á, sett einn og



Sumarið er sá árstími þar sem heimilin eru hvað berskjölduðust gagnvart innbrotsþjófum, að sögn Ásgeirs Karlssonar, aðstoðaryfir-lögregluþjóns hjá ríkislögreglustjóra.

MYND/PJETUR

einn ruslapoka í ruslatunnuna svo hún standi ekki tóm í langan tíma.“

Önnur góð regla er að stilla heimasímann þannig að símtöl áframsendist í farsíma íbúðar-eiganda. „Innbrotsþjófar fylgjast gjarnan með ákveðnum hverfum og húsum. Ef þeir þykjast sjá mannlausar íbúðir og hringja þangað nokkrum sinnum og enginn svarar er hætt við að þeir álykti sem svo að heimilisfólk sé í sumarfrí og láti til skaras skríða. Sé síminn hins vegar áframsendur virkar það eins og einhver sé

í raun heima fyrir. Þeir sem búa svo vel að hafa tímaskynjara á ljósum í íbúðinni eða á útvarpinu geta sett viðeigandi stillingar á svo það líti út eins og einhver sé innandyrá.“

Facebook bönnuð

Sé um langt frí að ræða er hætt við að póstur hlaðist upp og standi jafnvel út úr bréfalúgunni. „Það er klár vísending um að enginn sé heima og því er góð regla að fá ættingja eða vini til að hreinsa reglulega til ef fríð er langt. Að sama skapi má huga

að því að láta einhvern slá grasíð ef íbúar eru nokkrar vikur að heiman.“

Einnig er gott að hafa í huga að auglýsa ekki of víða að fjölskyldan sé á leið í sumarfrí. „Algeng mistök eru að auglýsa sumarfríin til dæmis á Facebook eða öðrum samfélagsmiðlum. Að sama skapi ættu þeir sem eiga símsvara að sjálfsgöðu ekki að lesa slíkar tilkynningar inn á hann.“

Frekari upplýsingar um forvarnir fyrir sumarfrí má finna á www.logreglan.is og á síðum tryggingafélaganna.



Áður en farið er að heiman

Innbrot á heimili koma alltaf illa við fólk, veraldlega þegar miklum verðmætum er stolið en ekki síður andlega þar sem ónotalegt er að vita til þess að óprúttir hafi komist inn og farið um griðastað fjölskyldunnar og rótað í eignum.

Áður en farið er að heiman ætti að:

- Loka öllum gluggum og krækja aftur
- Læsa útihurðum
- Ekki ætti að geyma lykil að útihurðum utandyra
- Ekki láta sjást í hluti sem þjófar ásælast að utan svo sem farsíma, tölvur, skartgrip, sjónvörp
- Hafa kveikt á ljósum eða útvarpi inni líkt og einhver sé heima
- Setja upp öryggiskerfi og hafa góða lýsingu utandyra
- Ekki geyma hluti úti sem auðveldi innbrot, stiga eða verkfæri
- Ekki tilkynna á netinu að þið verðið ekki heima
- Virkja nágrannavörslu
- Gott er að skrá niður raðnúmer reiðhjóra og rafmagnstækja og auka þannig líkur á að endurheimta þau eftir þjófnad
- Einnig er gott að eiga myndir af málverkum og skartgripum og kynna sér hvort verðmæti muna sé meira en fjölskyldutrygging bætir

Heimild www.vis.is





PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Sérfræðingur í netöryggissveit PFS (CERT-ÍS)

Póst- og fjarskiptastofnun óskar eftir að ráða sérfræðing í netöryggissveit PFS. Netöryggissveitin hefur það hlutverk að fyrirbyggja, draga úr og bregðast við hættu vegna netárása eða hliðstæðra öryggisátvika í þeim tölvukerfum sem falla undir starfsvið hennar. Sveitin leitast við að greina atvik af þessu tagi, takmarka útbreiðslu þeirra og tjón af þeirra völdum. Þá tekur netöryggissveitin þátt í því að tryggja virkni almennra fjarskiptaneta, vernd, virkni og gæði IP fjarskiptabjónustu og vernd upplýsinga í almennum fjarskiptanetum.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Þátttaka í þróun starfs netöryggissveitarinnar
- Meðhöndlun öryggisátvika (e. incident handling)
- Skýrslugerð um öryggisógnir og atvik
- Yfirferð öryggismála hjá ytri aðilum
- Upplýsingaskipti við þjónustuhóp
- Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi um öryggi Internetsins
- Ráðgjöf og upplýsingar varðandi öryggismál á netinu

PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.

Umsjón með starfinu hefur Þorleifur Jónasson forstöðumaður tæknideildar.
Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu PFS www.pfs.is

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní nk. Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Krafist er sakavottorðs og þarf viðkomandi að standast öryggisvottun Ríkislögreglustjóra.

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstpjónustu og efla virka samkeppni á markaði. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál. Hjá PFS starfa 23 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar. Sjá nánari upplýsingar á www.pfs.is

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í verk-, tækni- eða tölvunarfræði eða öðrum raungreinum.
- Sérmenntun eða starfsreynsla á sviði tölvu- og netkerfa er nauðsynleg.
- Þekking á fjarskiptamarkaðnum er æskileg.
- Menntun og reynsla í upplýsingaöryggi eru kostir
- Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og jafnframt búa yfir þeim sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er til að ná árangri í starfi.
- Gerð er krafa um mikla greiningarhæfni, öguð og skipulögð vinnubrögð, sem og vinna vel undir álagi.
- Umsækjendur þurfa jafnframt að búa yfir skilningi á internettækni ásamt færni til að meta upplýsingar um áhættu og áhrif ásamt getu til að miðla tæknilegum upplýsingum til annarra.
- Góð íslensku- og enskukunnátta, bæði í ræðu og riti



Landsnet hf. leitar að reynslumiklum launafulltrúa í 80% starf

Starfssvið

- Umsjón með og ábyrgð á launabókhalda Landsnets, þ.m.t. útreikningi og greiðslu launa og skilum launatengdra gjalda.
- Upplýsingagjöf til starfsmanna vegna kjaramála.
- Ýmsar greiningar, samantektir og úrvinnsla á sviði kjaramála.
- Ráðgjöf til stjórnenda á sviði kjaramála.
- Samskipti við starfsmenn, lífeyrissjóði, stéttarfélag og opinbera aðila.
- Útreikningar á kjörum og réttindum starfsmanna skv. kjarasamningum.
- Túlkun kjarasamninga og eftirlit með framkvæmd þeirra.
- Ýmis önnur tilfallandi störf.

Landsnet

Landsnet hf. annast flutning raforku á Íslandi og stýrir uppbyggingu flutningskerfisins. Landsnet stýrir jafnframt raforkukerfi landsins og tengir þannig saman framleiðendur og notendur raforku. Landsnet leggur ríka áherslu á þjónustuhugsun og að vera öflugur og eftirsóknarverður vinnustaður þar sem umhyggja fyrir þörfum viðskiptavina og starfsfólks er í fyrirrúmi.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð reynsla af launabókhalda er nauðsynleg.
- Menntun sem nýtist í starfi.
- Þekking á H3 launa- og mannauðskerfi er kostur.
- Góð kunnátta og færni í Excel.
- Þekking á kjarasamningum og lögum um réttindi og skyldur starfsmanna.
- Nákvæmni, skipulagshæfni og sjálfstæð vinnubrögð.
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum.

Umsóknarfrestur er til og með 17. júní 2015. Umsækjendur eru beðnir að sækja um starfið á heimsíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is. Umsóknum þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is).

VIÐ VITUM HVAÐ FÓLKIÐ OKKAR SKIPTIR MIKLU MÁLI

Sérfræðingur í LEAN teymi

Við leitum að liðsmanni í öflugt og samhent teymi sem vinnur að innleiðingu straumlínustjórnunar hjá VÍS. Teymið heyrir undir þróunarsvið og vinnur í samræmi við langtíma stefnumarkandi markmið um að gera LEAN að grunninum að menningu fyrirtækisins.

Helstu verkefni:

- ▶ Verkefnastjórn LEAN verkefna
- ▶ Ráðgjöf við stjórnendur og starfsmenn
- ▶ Frumkvæði að umbótum
- ▶ Greiningar og rannsóknir
- ▶ Skjölun á verklagi og ferlum

Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Háskólamenntun á sviði verk- eða viðskiptafræði eða sambærileg menntun, meistaraþráða er kostur
- ▶ Framúrskarandi samskiptahæfni og rík þjónustulund
- ▶ Greiningarhæfni
- ▶ Leiðtogahæfni, frumkvæði og drifkraftur
- ▶ Skipulögð og fagleg vinnubrögð

Þjónusturáðgjafi á einstaklingssviði

Við leitum að þjónusturáðgjafa með framúrskarandi þjónustulund og samskiptahæfni til að veita viðskiptavinum úrvals þjónustu á sviði váttrygginga.

Helstu verkefni:

- ▶ Að veita framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina í gegnum síma, netspjall, tölvupóst og á skrifstofu
- ▶ Fagleg og persónuleg ráðgjöf í samræmi við þarfir hvers og eins fyrir váttryggingavernd
- ▶ Sala trygginga
- ▶ Ráðgjöf um greiðsluleiðir og innheimtumál

Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Gerð er krafa um stúdentspróf og háskólamenntun er kostur
- ▶ Framúrskarandi þjónustulund, ástríða og metnaður fyrir því að veita úrvals þjónustu.
- ▶ Frumkvæði og sjálfstæði
- ▶ Skipulögð og fagleg vinnubrögð

Þjónustufulltrúi barnabílstóla

Við leitum að þjónustufulltrúa með framúrskarandi þjónustulund til að veita úrvals ráðgjöf og þjónustu varðandi barnabílstóla. Viðkomandi byggir upp þekkingu og reynslu til að verða sérfræðingur á sviði barnabílstóla sem VÍS leigir til viðskiptavina.

Helstu verkefni:

- ▶ Alhliða þjónusta og ráðgjöf vegna barnabílstóla
- ▶ Ráðgjöf við val á barnabílstól
- ▶ Aðstoð við ísetningu bílstóla
- ▶ Ráðgjöf til viðskiptavina um festingar og umgengni um bílstóla
- ▶ Viðhald, þríf og önnur tilfallandi störf við umsýslu barnabílstóla

Menntunar- og hæfniskröfur:

- ▶ Almenn menntun sem nýtist í starfi
- ▶ Framúrskarandi þjónustulund
- ▶ Handlagni og útsjónarsemi
- ▶ Frumkvæði og sjálfstæði
- ▶ Skipulögð og fagleg vinnubrögð

Í samræmi við jafnréttisstefnu VÍS hvetjum við konur jafnt sem karla til að sækja um störfin.

capacent

Nánari upplýsingar veita Agla Sigríður Björnsdóttir (agla.bjornsdottir@capacent.is) og Ragnheiður Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is). Umsóknarfrestur er til og með 14. júní nk. og skulu umsækjendur sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is.

VÍS er þjónustufyrirtæki með þjónustuskrifstofur víðsvegar um landið. Markmið VÍS er að vera alltaf í fremstu röð tryggingafélaga á Íslandi og er ánægja starfsfólks og viðskiptavina lykilatriði í velgengni félagsins. Hjá VÍS starfar framúrskarandi hópur einstaklinga sem saman myndar sterka liðsheilid. Mikil áhersla er lögð á að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu til að veita viðskiptavinum góða þjónustu. VÍS vill fela starfsfólki störf við hæfi, þannig að hæfileikar þess og frumkvæði fái notið sín við áhugaverð og krefjandi verkefni.

VÍS | ÁRMÚLA 3 | 108 REYKJAVÍK | SÍMI 560 5000 | VIS.IS

VÍS



Lögfræðingur

Gildi-lífeyrissjóður óskar eftir að ráða lögfræðing til að sinna fjölbreyttum og krefjandi lögfræðistörfum hjá sjóðnum. Um nýtt starf er að ræða sem heyrir undir framkvæmdastjóra sjóðsins.

Starfssvið:

Lögfræðistörf sem lúta að öllum þáttum í starfsemi sjóðsins, einkum á sviði eignastýringar. Meðal verkefna á því sviði eru skjala- og samningagerð, álitsgerðir, skýrslugerðir og samskipti við eftirlitsaðila. Undir starfið heyrir einnig ýmis verkefni tengd lífeyrisréttindum og lánveitingum til sjóðfélaga auk annarra tilfallandi verkefna. Starfsmaðurinn mun jafnframt sinna regluvörslu innan sjóðsins.

Menntunar - og hæfniskröfur:

- Meistarapróf eða embættispróf í lögfræði, málflutningsréttindi eru kostur
- Reynsla af störfum á fjármálamarkaði
- Góð færni í íslensku og ensku
- Nákvæm og öguð vinnubrögð
- Jákvætt viðmót og hæfni í samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Gildi-lífeyrissjóður er þriðji stærsti lífeyrissjóður landsins og nema eignir hans rúmlega 420 milljörðum króna. Sjóðurinn rekur bæði samtryggingar- og séreignardeild. Á árinu 2014 greiddu um 4.400 launagreiðendur iðgjöld til sjóðsins fyrir 41.500 sjóðfélaga og rúmlega 18.000 einstaklingar fengu greiddan lífeyri frá sjóðnum. Samtals eiga um 195.000 einstaklingar réttindi hjá Gildi.

Umsóknarfrestur er til og með 10. júní nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent



Sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs



FISKISTOFA

Laus er til umsóknar staða sviðsstjóra upplýsingatæknisviðs Fiskistofu á aðalskrifstofunni í Hafnarfirði.

Sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs heyrir beint undir fiskistofustjóra og situr í yfirstjórn Fiskistofu. Um fullt starf er að ræða og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun taka mið af kjarasamningi ríkisins við viðeigandi stéttarfélag. Samkvæmt jafnréttisstefnu Fiskistofu eru konur jafnt sem karlar hvattar til að sækja um. Tekið skal fram að upplýsingatæknisvið verður staðsett á höfuðborgarsvæðinu óháð fyrirhuguðum flutningum höfuðstöðva Fiskistofu til Akureyrar.

Helstu verkefni:

- Stjórnun og daglegur rekstur upplýsingatæknisviðs
- Ábyrgð á upplýsingatæknimálum Fiskistofu og tölvubjónusta við Hafrannsóknarstofnun
- Stefnumótun tölvumála
- Samskipti við birgja og samningagerð í samstarfi við fjármálastjóra
- Þátttaka í stefnumótun og daglegri stjórnun Fiskistofu

Menntunar - og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða skyldum greinum. Framhaldsmenntun sem nýtist í starfi er kostur
- Árangursrík reynsla af stjórnun upplýsingatæknimála
- Árangursrík reynsla af skipulagningu, þróun og rekstri upplýsingatæknikerfa
- Leiðtogahæfileikar
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæði, skipulagshæfni og ögun í vinnubrögðum
- Góð samskiptahæfni og lipurð í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku

Fiskistofa er þjónustu- og eftirlitsstofnun sem annast stjórnsýsluverkefni á sviði sjávarútvegsmála, lax- og silungsveiði, hvalveiðar o.fl. ásamt því að safna upplýsingum um framangreinda málaflokka. Nánari upplýsingar um Fiskistofu má finna á www.fiskistofa.is. Gildi Fiskistofu eru **traust**, **framsækni** og **virðing**.

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní nk.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent, www.capacent.is.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Nánari upplýsingar veita Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) og Jóna Björk Sigurjónsdóttir (jona.sigurjonsdottir@capacent.is) hjá Capacent ráðningum.

capacent



Capacent Ráðningar

Ráðgjafar Capacent búa yfir víðtækri þekkingu á íslensku atvinnulífi og veita bæði fyrirtækjum og einstaklingum persónulega þjónustu þar sem fyllsta trúnaðar er gætt.

Kynnið ykkur þjónustuna á www.capacent.is

capacent

Við stækkum og styrkjum hópinn

Löggiltur endurskoðandi

Við óskum eftir löggiltum endurskoðanda til starfa á endurskoðunarsviði PwC.
Menntunar- og hæfniskröfur: Löggildingarpróf í endurskoðun.

Starfsfólk á endurskoðunarsviði

Við leitum að reynslumiklu starfsfólki á endurskoðunarsviði til starfa við uppgjör, bókhald og í endurskoðunarverkefnum. Í boði eru bæði framtíðarstörf og afleysingar.
Menntunar- og hæfniskröfur: Háskólamenntun, reynsla sem nýtist í starfi og góð starfsreynsla.

Bókari í viðskiptaþjónustu

Óskum eftir starfsfólki sem hefur mikla reynslu af bókhaldi og tengdri þjónustu. Möguleiki er á hlutastarfi.
Menntunar- og hæfniskröfur: Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi. Einungis aðilar með mikla reynslu koma til greina.

Umsóknarfrestur er til 16. júní 2015 og skal senda umsóknir til Guðbrands Sigurðssonar á netfangið storf@pwc.is. Með umsókn skal fylgja hvaða starf er verið að sækja um og ferilskrá þar sem tilgreint er um nám og fyrri störf ásamt upplýsingum um meðmælendur.



PwC er framsækið og traust fyrirtæki á sviði endurskoðunar, reikningsskila, fyrirtækjaráðgjafar og skatta- og lögfræðiráðgjafar. Félagið er íslenskt en er jafnframt hluti af alþjóðlegu neti PwC sem er eitt það stærsta sinnar tegundar í heiminum. PwC á Íslandi hefur starfað í meira en 90 ár og er með starfsstöðvar í Reykjavík á Selfossi, Hvalsvellir, Húsvík og Akureyri.



Sérfræðingar óskast

Sérfræðingar óskast í fullt starf hjá Rannís. Um tvær stöður er að ræða sem felast í umsjón með fagráðum Rannsóknasjóðs, auk annarra sjóða og verkefna. Menntun umsækjenda verður metin út frá þörfum Rannís og skilgreiningum Rannsóknasjóðs fyrir fagsvið.

Sækja skal um störfin á heimasíðu Rannís, á www.rannis.is/starfsemi/laus-storf/, en þar er að finna nánari upplýsingar um menntunar- og hæfniskröfur. Umsókn skal fylgja ferilskrá, kynningarbréf og prófskírteini.

Umsóknarfrestur er til kl 16:00 þann 18. júní 2015

Sigurður Björnsson, sviðsstjóri rannsókn- og nýsköpunarsviðs veitir nánari upplýsingar í síma 515 5801 eða netfanginu sigurdur.bjornsson@rannis.is.

Rannís er miðstöð stuðningskerfis vísinda- og tæknisamfélagsins, menntunar og þróunar mannaúts, menningar og skapandi greina. Rannís stuðlar að þróun þekkingarsamfélagsins í gegnum rekstur samkeppnissjóða, aðstoð og kynningu á alþjóðlegum sóknarfærum og samstarfsmöguleikum. Hlutverk Rannís er að veita faglega aðstoð og þjónustu við undirbúning og framkvæmd vísinda- og tæknistefnu Vísinda- og tækniráðs.



rannís

Laugavegi 13, 101 Reykjavík,
Borgartúni 30, 105 Reykjavík,
sími 515 5800, rannis@rannis.is
www.rannis.is



Umboðsmaður
skuldara

Umboðsmaður skuldara - lögfræðingur

Umboðsmaður skuldara auglýsir eftir lögfræðingi til starfa hjá embættinu

Helstu verkefni og ábyrgð

Þjónusta við einstaklinga í greiðsluferfiðleikum. Vinnsla umsókna um úrræði vegna greiðsluferfiðleika. Umsjónarmennska vegna greiðsluaðlögunarumleitana.

Hæfniskröfur

Embættis- eða meistaraþróf í lögfræði. Fullt vald á íslensku og færni í að tjá sig í ræðu og riti. Sjálfstæð og öguð vinnubrögð. Færni og lipurð í mannlegum samskiptum. Frumkvæði, sveigjanleiki og skipulagshæfni. Geta til að vinna undir álagi. Marktæk reynsla úr opinberri stjórnslu skilyrði. Marktæk reynsla og þekking á lögum um greiðsluaðlögun æskileg.

Frekari upplýsingar um starfið

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags lögfræðinga.

Umsóknir berist á netfangið ums@ums.is. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests. Umsóknum skulu fylgja ferilskrá og kynningarbréf.

Frekari upplýsingar um starfið veitir Jón Óskar Þórhallsson fjármálastjóri. Fyrirspurnir berist á netfangið jon.thorhallsson@ums.is.

Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 22.06.2015

Embætti umboðsmanns skuldara er ríkisstofnun sem umboðsmaður skuldara veitir forstöðu. 30 starfsmenn starfa hjá stofnuninni, sem heyrir undir félags- og húsnæðismálaráðherra. Meginmarkmiðið er að bæta stöðu einstaklinga sem eiga í skulda- og greiðsluferfiðleikum og auðvelda þeim að koma greiðslubyrði og skuldastöðu í ásættanlegt horf. Umboðsmaður skuldara skal hafa hagsmuni skuldara og réttindi þeirra að leiðarljósi. Umboðsmanni er einnig ætlað viðamikil hlutverk varðandi greiðsluaðlögun. Lög um umboðsmann skuldara eru nr. 100/2010.

Sérfræðingur í eignastýringu

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga óskar eftir að ráða sérfræðing í eignastýringu. Leitað er eftir einstaklingi með reynslu af fjármálamarkaði.

LSS er einn af stærstu lífeyrissjóðum landsins og hjá sjóðnum starfar metnaðarfullur hópur starfsmanna sem vinnur af heilum hug að hagsmunum sjóðfélaga.

Helstu verkefni:

- Greining markaða og fjárfestingakosta með áherslu á skuldabréfamarkað
- Samskipti við aðila á fjármálamarkaði
- Skýrslugerð og upplýsingagjöf til stjórnenda og stjórnar
- Upplýsinga- og kynningarfundir

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Greiningarhæfni og hæfni til að setja fram upplýsingar á greinargóðan hátt
- Próf í verðbréfamíðlun er kostur
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði
- Skipulögð vinnubrögð og frumkvæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Gott vald á íslensku og ensku



Linnetsstigur 1 | 220 Hafnarfjörður | talent@talent.is | Sími 552-1600

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, lind@talent.is

Umsóknarfrestur til og með 17.júní nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, www.talent.is

ÍSTAK

Framkvæmdagleði í fyrirrúmi

Ístak Ísland hf. er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Starfsfólk Ístaks starfar víðsvegar um landið sem og erlendis. Ístak var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnargerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Ístak hefur mikla hefð fyrir samvinnu við dönsk verktakafyrirtæki og er í eigu danska verktakans Per Aarsleff, sem er með yfir 4.500 starfsmenn í ýmsum heimsálfum. Ístak leggur áherslu á verkefni á Íslandi, Færeyjum og á Grænlandi.



SPENNANDI STÖRF Í BOÐI

Ístak leitar að starfsmönnum til að starfa við spennandi verkefni í höfuðstað Grænlands, Nuuk. Þar byggir Ístak, ásamt danska verktakafyrirtækinu Per Aarsleff, nýja gámahöfn. Meðal verkefna er að byggja 50.000 fermetra gámamiðstöð, 310 metra langa bryggju og sprengja þarf 300.000 rúmmetra af bergi. Einnig eru laus störf á framkvæmdasvæðum á Íslandi og á aðalskrifstofu Ístaks í Mosfellsbæ.

Borari

Leitað er að dugmiklum aðila með reynslu af námuvinnslu, til að starfa á Atlas borvagni.

Vélastjórnendur

Leitað er að reyndum vélastjórnendum bæði til starfa á gröfupramma sem og á landi.

Jarðvinnuverkstjóri

Leitað er að öflugum og reyndum verkstjóra, til að stýra jarðvegsvinnu við námuvinnslu og fyllingar.

Tæknifræðingar og verkfræðingar

Vegna aukinna verkefna eru laus störf við tilbudsgerð sem og á framkvæmdasvæðum.

Umsóknarfrestur er til 14. júní.

Nánari upplýsingar um störf er að finna á heimasíðu Ístaks, www.istak.is, undir "Starfsúmsókn". Þar má einnig finna upplýsingar um önnur laus störf.

Upplýsingar um störf veitir mannauðsdeild Ístaks í gegnum tölvupóst á mannauður@istak.is.
Ístak Ísland hf - Bugðufjótí 19 - 270 Mosfellsbær - Sími 530 2735 - www.istak.is

Viltu þjóna flugi með okkur?

Óskað er eftir öflugum fólki til að bættast í kraftmikinn hóp starfsmanna Flugstöðvar Leifs Eiríkssonar. Leitað er að sveigjanlegum og úrræðagóðum einstaklingum sem búa yfir lipurri og þægilegri framkomu og getu til að vinna undir álagi.

Verkefnastjóri

Starfið felst í verkefnastjórn smærra verkefna og umsjón með daglegum rekstri mannvirkja eignarumsýsludeildar. Úrlausn úrbóta og umbótaverkefnum í rekstri, viðhaldi og fjárfestingum er lykilþáttur í starfi.

Menntunar og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði byggingarfræði, tæknifræði, verkfræði eða önnur menntun sem nýtist í starfi er skilyrði
- Reynsla af verkefnastjórnun er nauðsynleg
- Reynsla af viðhaldi mannvirkja er æskileg
- Reynsla af innkaupum er kostur

Þjónustuliðar

Við leitum að glaðlyndum og snyrtilegum einstaklingum sem búa yfir góðum samskiptahæfileikum. Meðal helstu verkefna eru þjónusta við farþega í brottfarar- og komusal og umsjón og eftirlit á þjónustuborði í Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Um framtíðarstörf er að ræða. Umsækjendur þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur:

- Aldurstakmark 20 ár
- Góð þjónustulund
- Gott vald á íslenski og enski tungu, bæði rituðu og mæltu máli

Umsóknnum skal skilað inn á rafrænu formi á www.isavia.atvinna. Umsóknarfrestur er **til og með 21. júní**.



Gildi Isavia eru öryggi, þjónusta og samvinna

Hjá Isavia og dótturfélögum starfa um 940 manns. Helstu verkefni fyrirtækisins eru umsjón með uppbyggingu og rekstri flugvalla og að veita flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug, jafnt sem millilandaflug, auk yfirflugsþjónustu fyrir Norður-Atlantshafið. Isavia leggur áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

ISAVIA

Laugarásinn meðferðargeðdeild



VERKEFNASTJÓRI/AÐSTOÐARMAÐUR DEILDARSTJÓRA

Við leitum eftir öflugum liðsmanni í fjölbreytt, krefjandi og skapandi starf á góðum vinnustað. Laugarásinn er sérhæfð meðferðargeðdeild fyrir einstaklinga á aldrinum 18-25 ára sem hafa nýlega greinst með geðrofssjúkdóm. Deildin sinnir um 80 einstaklingum hverju sinni.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ýmis sérhæfð verkefni sem tengjast samskiptum og samhæfingu
- Ritun og úrvinnsla fundargerða og annarra gagna sem tengjast starfseminni
- Umsjón með vaktaskipulagi og vinnustundum
- Umsjón með sjúklingabókhalði
- Ritstjórn og umsjón með kynningarefni deildarinnar og öðrum mikilvægum gögnum
- Skipulagning funda og viðburða

Hæfniskröfur

- Vandvirkni, snyrtimennska og skipulagshæfileikar
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði í starfi og skapandi hugsun
- Stúdentspróf skilyrði og viðbótarmentun sem nýtist í starfi er kostur
- Afburðafærni í íslensku og ensku – töluðu og rituðu máli
- Góð almenn og víðtæk tölvukunnátta

Umsóknarfrestur er til og með 27. júní 2015.

Starfið er 100%, laust frá 1. ágúst og eru laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og stéttarfélags. Umsókn fylgi náms- og starfsferilsskrá. Sótt er um starfið á landspitali.is undir „Laus störf“.

Nánari upplýsingar veitir Magnús Ólafsson deildarstjóri (magnuso@landspitali.is, 824 5537).

Landspítali er lifandi og fjölmennur vinnustaður með um 5.100 starfsmenn. Hann er aðalsjúkrahús landsins og miðstöð menntunar og rannsókna í heilbrigðisvísindum. Á Landspítala er lögð áhersla á öryggi, jafnrétti, skilvirka verkferla, ábyrgan rekstur, góðan starfsanda og bættan húsakost.

Verslunarstarf hjá GG Sport

Óskum eftir jákvæðum starfsmanni með ríka þjónustulund í framtíðarstarf. Um er að ræða mjög fjölbreytt starf í ört vaxandi útivistarbrú. Þekking á fjalla- og sjóbúnaði nauðsyn. Starfið felst aðallega í afgreiðslu og sérþekkingu á útivistarbrúnaði ásamt fjölbreyttum störfum innan fyrirtækisins.

Umsóknir ásamt ferilsskrá berist á leifur@ggsport.is fyrir 15. júní.

Viltu vinna að betri heimi? Sumarstarf hjá Amnesty International

Mannréttindasamtökin Amnesty International vilja ráða einn starfsmann til viðbótar við þann góða hóp sem þegar hefur verið ráðinn í kynningar á sms-aðgerðaneti okkar á götum úti. Við leitum að opnum, jákvæðum og ábyrgum einstaklingum, sem hafa áhuga á mannréttindum.

Upplýsingar gefur Torfi Jónsson verkefnastjóri (tgj@amnesty.is)

AMNESTY INTERNATIONAL



PARFAPING HF.
www.tharfathing.is

Smiðir óskast

Óskum eftir að ráða vana trésmiði í fjölbreytt verkefni, framtíðarstörf.

Parfaping hf. er traust verktakafyrirtæki sem hefur verið starfandi frá árinu 1993. Fyrirtækið óskar eftir vönum trésmiðum sem geta starfað sjálfstætt í fjölbreytt verkefni. Um framtíðarstörf er að ræða.



Umsóknir ásamt ferilsskrá sendist á netfangið eggert@tharfathing.is



HRAFNISTA REYKJAVÍK HAFNARFIRÐI KÓPAVOGI REYKJANESBÆ

Vilt þú starfa á Hrafnistu og vera í forystu í þróun hjúkrunar fyrir aldraða?

Staða hjúkrunardeildarstjóra á Báruhrauni, Hrafnistu í Hafnarfirði er laus til umsóknar:

Starfs- og ábyrgðarsvið hjúkrunardeildarstjóra er að hafa faglega, stjórnunarlega og rekstrarlega ábyrgð á daglegum rekstri á deildinni. Hann sér um að framfylgja stefnu og markmiðum Hrafnistu í starfsemi sem og í þeirri þjónustu sem boðin er.

Um er að ræða 100% starf á dvalar- og hjúkrunardeild.

Staðan er laus frá 1. september 2015.

Nánari upplýsingar veitir Árdís Hulda Eiríksdóttir forstöðumaður Hrafnistu í Hafnarfirði í síma 693 9502.

Umsóknir skulu berast fyrir 22. júní á netfangið ardishulda@hrafnista.is.

Umsóknum skal fylgja náms- og starfsferilsskrá ásamt afritum af prófskirteinum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Íslenskt hjúkrunarleyfi
- Starfsreynsla í hjúkrun og stjórnun.
- Viðbótarnám er kostur.
- Góð þekking og reynsla af Rai mælitækni.
- Frumkvæði og metnaður í starfi.
- Jákvæðni og framúrskarandi samskiptahæfileikar.



Framhaldsskólakennari á húsasmiðabraut við FB

Fjölbrotaskólinn í Breiðholti óskar eftir að ráða kennara við húsasmiðabraut frá 1. ágúst 2015.

Laun eru samkvæmt stofnanasamningi FB og kjarasamningi KÍ og fjármálaráðherra. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð.

Umsóknum skal skilað fyrir 22. júní 2015 til Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur skólameistara ghg@fb.is. Stefán Rafnar Jóhannsson fagstjóri gefur upplýsingar um starfið í síma 898 5884.

Áskilinn er réttur til að nýta auglýsinguna í 6 mánuði frá ráðningu.

Skólameistari.



Íþróttakennara vantar á Vopnafjörð

Vopnafjarðarskóli auglýsir eftir íþróttakennara fyrir næsta skólaár. Skólinn er heilsuefandi grunnskóli og er með fleiri íþróttatíma en ætlast er til. Við skólann er ágætt íþróttahús með heilsurækt.

Einherji, íþróttafélag, heldur uppi öflugu íþróttastarfi í byggðarlaginu og góðir möguleikar eru á íþrótt- og einkaþjálfun samhliða íþróttakennslunni.

Flutningsstyrkur og húsnæðishlunnindi í boði.

Upplýsingar hjá skólalastjóra í síma 861 4256, adalbjorn@vopnaskoli.is og aðstoðarskólalastjóri í síma 848 9768, sirra@vopnaskoli.is



Þú?

ERT ÞÚ SÁ ÖFLUGI LEIÐTOGI SEM VIÐ LEITUM AÐ TIL AÐ STÝRA HJARTANU Í STARFSEMI BLÁA LÓNSINS?

Við leitum að framúrskarandi stjórnanda og góðri fyrirmynd sem hugsar í lausnum. Viðkomandi þarf að eiga það sameiginlegt með okkur hinum að hafa óbilandi þörf og metnað til að gleðja gesti okkar og skapa ævilangar minningar.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af stjórnunarstörfum nauðsynleg, alþjóðleg reynsla æskileg
- Fáguð framkoma og framúrskarandi samskiptafærni
- Góð tungumála- og tölvukunnátta
- Svigrúm og vilji til að vinna óreglulegan vinnutíma

Starfið heyrir beint undir framkvæmdarstjóra félagsins. Viðkomandi verður einn af lykilstjórnendum Bláa Lónsins og stýrir um 100 manna teymi. Umsóknarfrestur er til **23. júní** n.k. Nánari upplýsingar á www.bluelagoon.is/leidtogi

Bláa Lónið hefur um árabil verið í hópi bestu heilsulinda heims og hlotið fjölmargar alþjóðlegar viðurkenningar fyrir framúrskarandi aðstöðu og einstaka upplifun. Bláa Lónið er eitt af 25 undrum veraldar að mati National Geographic.

BLUE LAGOON
ICELAND

Hagstofa Íslands er miðstöð opinberrar hagskýrslugerðar á Íslandi. Hlutverk hennar er að vinna hlutlægar hagskýrslur, hafa forystu um samhæfingu hagtalna, stunda rannsóknir og stuðla þannig að upplýstri umræðu og faglegum ákvörðunum.

Hagstofa Íslands

óskar eftir að ráða metnaðarfullan og áhugasaman starfsmann

Starfsmaður við gagnasöfnun

Hagstofa Íslands leitar að þjónustuglöðum og kraftmiklum einstaklingi sem hefur ánægju af samskiptum til starfa í gagnasöfnunardeild. Deildin hefur umsjón með gagnasöfnun og framkvæmir úrtaksrannsóknir á vegum Hagstofu Íslands. Starfið felur í sér samskipti við gagnaveitendur Hagstofunnar í gegnum síma eða með pósti. Í því felst meðal annars að sannfæra gagnaveitendur um mikilvægi þess að skila inn gögnum og leiðbeina þeim við skilin. Að auki felst starfið í því að slá inn gögn, gera grunnathugun á gögnum og koma að hreinsun gagna.

Hæfniskröfur

- ✓ Reynsla af gagnasöfnun, símasölu eða annarri þjónustu við notendur í gegnum síma
- ✓ Góð almenn tölvuþekking er nauðsynleg
- ✓ Stúdentspróf eða sambærileg menntun er kostur
- ✓ Reynsla af vinnu við gagnagrunna er kostur
- ✓ Góð enskukunnátta og færni í að vinna með texta er kostur
- ✓ Þjónustulund, færni í mannlegum samskiptum og samstarfshæfni
- ✓ Frumkvæði, nákvæmni og sjálfstæð skipulögð vinnubrögð

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní 2015.

Um er að ræða fullt starf og er æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Laun eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðuneytis og hlutaðeigandi stéttarfélags. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Umsóknir gilda í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Póstáritun Hagstofa Íslands, starfsumsókn, Borgartúni 21a, 105 Reykjavík
Netfang starfsumsokn@hagstofa.is
Upplýsingar Helga Hauksdóttir [helga.hauksdottir@hagstofa.is]



Hagstofa Íslands

Borgartúni 21a · 105 Reykjavík
Sími: 528 1000 · Bréfasími: 528 1099
www.hagstofa.is



Ný störf ræstingastjóra og skólaliða í FB

Frá og með hausti 2015 ætlum við í FB að sjá sjálf um ræstingar í skólanum í stað þess að kaupa þjónustu ræstingafyrirtækis. Við munum ráða ræstingastjóra og 3-4 skólaliða til að sjá um ræstingar og hafa almennt eftirlit með umgengni í skólanum. Einnig ætlum við að gefa nemendum skólans kost á vinnu við ræstingar meðfram námi sínu.

Nú auglýsum við eftir fólki sem hefur áhuga á að starfa að því að halda skólanum hreinum og fallegum.

Ræstingastjóri hefur yfirumsjón með ræstingum skólans. Hann/hún sér um verkstjórn og skipulagningu og starfar við hlið skólaliða og ræstitækna úr hópi nemenda. Umsækjandi þarf að hafa góða samskiptahæfileika, skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum, jákvæðni, samvirkusemi og vera vanur mannaforráðum og ákvarðanatöku. Ráðið er frá 4. ágúst 2015.

Skólaliðar sjá um ræstingu skólans á dagvinnutíma, svo og eftirlit með umgengni nemenda inni í skólanum og á skólalóðinni. Umsækjandi þarf að hafa reynslu af ræstingum eða sambærilegu starfi. Ráðið er frá 10. ágúst 2015.

Laun eru samkvæmt kjarasamningum. Karlmennt jafnt sem kvenmennt eru hvattir til að sækja um. Við ráðningu skal liggja fyrir sakavottorð.

Nánari upplýsingar veitir Stefán Andrésson rekstrarstjóri í síma 570 5612 eða stand@fb.is.

Ekki þarf að sækja um á sérstökum umsóknareyðublöðum. Öllum umsóknum verður svarað.

Umsóknarfrestur er til 22. júní 2015.

Áskilinn er réttur til að nýta auglýsinguna í 6 mánuði frá ráðningu.

Skólameistari

Alcoa Fjarðaál hefur stöðugar umbætur að leiðarljósi. Umhverfi, heilsa og öryggi eru forgangsmál. Mikið er lagt upp úr teymisvinnu, góðum aðbúnaði, öflugum félagsstarfi og stuðningi við samfélagið. Starfsmönnum bjóðast fjölbreytt tækifæri til starfsþróunar.

Sérfræðingur í upplýsingatækniteymi

Alcoa Fjarðaál leitar að jákvæðum og drífandi sérfræðingi til að hafa umsjón með notendabjónustu í Microsoft umhverfi. Tölvukerfi Fjarðaáls er tæknilega fullkomið og vinnan við það krefjandi.

Í upplýsingatækniteymi Fjarðaáls starfar öflugur hópur sérfræðinga.

Ábyrgð og helstu verkefni

- Almennur rekstur tölvukerfa
- Uppsetning á tölvum, IP-símtækjum og hugbúnaði
- Þjónusta og samskipti við notendur
- Að tryggja að upplýsingatæknistöðlum Alcoa sé fylgt
- Samstarf með alþjóðlegum stoðteymum Alcoa

Menntun og hæfni

- Kerfisfræði eða sambærileg menntun
- Microsoft vottanir æskilegar
- Minnst tveggja ára starfsreynsla við þjónustu tölvukerfa
- Þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Hæfni til að miðla og þjálf
- Góð íslensku- og enskukunnátta

Áhugasamir eru hvattir til að afla sér frekari upplýsinga um starfið hjá Stefáni Karli Guðjónssyni í gegnum netfangið stefan.gudjonsson@alcoa.com eða síma 470 7700.

Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um. Umsóknarfrestur er til og með mánuðeginum 22. júní. Skriflegri umsókn skal skilað á www.alcoa.is.

FJARÐAÁL
alcoa.is



STÖRF HJÁ GARÐABÆ

Sjálandsskóli

- sérkennari
- forstöðumaður frístundaheimilis
- stuðningur og aðstoð

Alftanesskóli

- umsjónarkennari á yngsta stigi

Leikskólinn Bæjarból

- sérkennslustjóri

Leikskólinn Krakkakot

- deildarstjóri

Hjúkrunarheimilið Ísafold

- hjúkrunardeildarstjóri

Nánari upplýsingar á vef Gardabæjar,
www.gardabaer.is



Starfsmaður á bílrúðuverkstæði

Við leitum að einstaklingi sem

- Er duglegur og sjálfstæður til verka
- Hefur reynslu af verkstæðisvinnu
- Er jákvæður og þjónustulundaður
- Hefur frumkvæði og metnað í starfi
- Getur unnið í hóp án vandkvæða
- Er móttækilegur fyrir nýjungum
- Er reyklaus
- Kostur ef viðkomandi hefur menntun í bílgreininni

Við bjóðum

góða vinnu með góðu starfsöryggi og jákvæðum anda hjá fjölskyldufyrirtæki sem hefur verið starfrækt í 105 ár

Við hvetjum fólk af báðum kynjum að sækja um

Allar umsóknir skulu sendar á
ragnar@poulsen.is
fyrir 12.06.2015.



Skeifan 2
S: 530 5900 | poulsen.is

Poulsen er söluaðili á vörum fyrir málningar- og réttingarverkstæði. Bjóðum upp á heimsþekkt vörumerki eins og bílalökk frá Cromax, Spies Hecker og öðrum tengdum vörum frá Farécla, 3M, DeVillbiss, Evercoat, Pilkington, og AGC svo fátt eitt sé nefnt.
Poulsen hefur þjónustað viðskiptavinum sínum yfir 105 ár.



Fastus ehf er framsækið þjónustufyrirtæki sem sér fyrir tækjum og stofnunum á heilbrigðisviði og í rekstri tengdum matvælum og iðnaði fyrir tækjum, búnaði og rekstrarvörum.
Nánari upplýsingar á www.fastus.is.

Sölu ráðgjafi

Þar sem Fastus ehf hefur tekið við umboðum fyrir stór fyrirtæki á heilbrigðisviði óskum við eftir öflugum sölu ráðgjafa til starfa. Um er að ræða gefandi starf fyrir kröftugan einstakling sem getur unnið sjálfstætt en líka í teymi með öðrum. Starfið býður upp á áskoranir í uppbyggingu samskipta erlendis og hérlendis þar sem frumkvæði viðkomandi fær að njóta sín í líflegum hópi samstarfsmanna.

Starfið felur í sér:

- Almenn sölu- og ráðgjafastörf
- Gerð útboða og tilboða
- Heimsóknir til viðskiptavina
- Samskipti við birgja erlendis

Hæfniskröfur:

- Menntun á raungreinasviði eða heilbrigðisviði
- Framúrskarandi samskiptahæfileikar
- Góð tölvufærni
- Gott vald á ensku bæði í ritmáli og talmáli
- Haldgóð reynsla af solumennsku er kostur

Upplýsingar veita:

Katrín S. Óladóttir
katrin@hagvangur.is

Elísabet Sverrisdóttir
elisabet@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á
hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk.



SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is



Grunnskólinn í Borgarnesi er skóli með um 300 nemendum í 1.-10. bekk og um 70 starfsmenn. Starfsemi skólans skal einkennast af fjölbreytni, sveigjanleika og viðsýni, þar sem tekið er tillit til mismunandi þarfa, áhuga og getu nemenda. Gildi skólans eru **sjálfstæði – ábyrgð – virðing og samhugur**.

Frekari upplýsingar má sjá á heimasíðu skólans www.grunnborg.is

Skólastjóri Grunnskólans í Borgarnesi

Staða skólastjóra við Grunnskólann í Borgarnesi er laus til umsóknar. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem sýnt hefur árangur í störfum sínum og leggur áherslu á árangur og vellíðan nemenda í góðu samstarfi við starfsmenn.

Starfssvið

Skólastjóri ber faglega- og rekstrarlega ábyrgð á starfi skólans, stjórnar honum og hefur forgöngu um mótun og framgang faglegrar stefnu.

Menntunarkröfur

- Leyfi til að nota starfsheitið grunnskólakennari
- Viðbótarmenntun í stjórnun eða reynsla af kennslu og stjórnun á grunnskólastigi
- Menntun á sviði rekstrar er æskileg

Hæfniskröfur

- Reynsla af faglegri forystu á sviði kennslu og þróunar í skólastarfi
- Reynsla af störfum á sviði stjórnunar og rekstrar er æskileg
- Vera reiðubúinn til að leita nýrra leiða í skólastarfi
- Frumkvæði og samstarfsvilji
- Góðir skipulagshæfileikar
- Færni í starfsmannastjórnun
- Lipurð og færni í samskiptum
- Sveigjanleiki og viðsýni
- Vammleysi

Umsókninni skal fylgja greinargóð skýrsla um störf umsækjanda og menntun, stjórnunarreynslu og hver þau verkefni sem hann hefur unnið að og varpað geta ljósi á færni hans til að sinna starfi skólastjóra.

Upplýsingar veita:

Pórir Þorvarðarson
thorir@hagvangur.is

Sigurjón Þórðarson
sigurjon@hagvangur.is

Ráðið verður í stöðuna frá og með 1. ágúst 2015.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi KÍ og Launanevndar sveitarfélaga.

Umsóknir óskast fylltar út á
www.hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní nk.



SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700
www.hagvangur.is

Vegna aukinna umsvifa

Þjónustusvið HEKLU hf óskar að ráða í eftirtaldar stöður:

Bifvélavirki

Starfslýsing:

- Viðgerðir og viðhald á bifreiðum í háum gæða- og tækniflokki.
- Þátttaka í námskeiðum og símenntun á vegum HEKLU.

Hæfniskröfur:

- Menntun á sviði bíla-, véla- eða rafmagnsviðgerða.
- Reynsla af viðgerðum á Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi æskileg.
- Góð íslensku-, ensku- og tölvukunnátta.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður og vandvirkni.
- Liðlegheit í samskiptum og létt lundarfar.
- Stundvísi og almenn reglusemi.

Nánari upplýsingar veitir Brynjar Páll Rúnarsson, verkstæðisformaður, í síma 590 5000 eða bpr@hekla.is.

Starfsmaður á smurstöð

Starfslýsing:

- Almenn smurþjónusta.

Hæfniskröfur:

- Góð reynsla af smurþjónustu.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður og vandvirkni.
- Góð íslensku- og tölvukunnátta.
- Liðlegheit í samskiptum og létt lundarfar.
- Stundvísi og almenn reglusemi.

Nánari upplýsingar veitir Gísli Eliasson, hópstjóri, í síma 590 5000 eða gel@hekla.is.

Sölumaður varahluta

Starfslýsing:

- Sala á varahlutum til verkstæða um allt land.
- Markmiðasetning og eftirfylgni.
- Greina varahlutamarkaðinn og leita nýrra sölutækifæra.
- Kynning á nýjungum til samstarfsaðila.
- Þátttaka í markaðs- og sölumálum vegna varahluta og önnur tilfallandi verkefni.

Hæfniskröfur:

- Reynsla og menntun sem nýtist í starfi.
- Framúrskarandi söluhæfileikar.
- Skipulagshæfni, frumkvæði og metnaður.
- Rík þjónustulund og hæfni í samskiptum.
- Geta til að geta unnið sjálfstætt.

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðjón Ingi Guðmundsson, deildarstjóri varahluta, í síma 590 5000 eða gigu@hekla.is.

Starfsmaður á hjólbarða- verkstæði

Starfslýsing:

- Almenn dekkþjónusta.
- Umsjón með dekkjasölu og birgðahaldi.

Hæfniskröfur:

- Góð reynsla af þjónustu og sölu dekkja.
- Sjálfstæð vinnubrögð, metnaður og vandvirkni.
- Góð íslensku- og tölvukunnátta.
- Liðlegheit í samskiptum og létt lundarfar.
- Stundvísi og almenn reglusemi.



HEKLA hf er leiðandi fyrirtæki í innflutningi, sölu og þjónustu við nýjar bifreiðar.

HEKLA er með fimm söluumboð á Íslandi – á Akureyri, Selfossi, Reykjanesbæ, Akranesi og Ísafirði. Höfuðstöðvar félagsins eru við Laugaveg 170-174 í Reykjavík.

Um 130 manns starfa hjá HEKLU hf. Félagið er með umboð fyrir Volkswagen, Audi, Skoda og Mitsubishi og annast þjónustu við þessar tegundir.

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störf á heimasíðu HEKLU, www.hekla.is

Traust fyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða í stöðu skrifstofumanns sem fyrst. Um er að ræða 100% starf. Gerð er krafa um mjög góða almenna tölvuþekkingu ásamt starfsreynslu í uppgjörs- og bókhaldsvinnu.

Umsóknarfrestur er til og með 12 júní n.k.
Vinsamlegast sendið inn umsóknir á **box@frett.is** merkt *Skrifstofa*.



Móttökustjóri

Fjölbreytt og skemmtilegt starf á líflægum vinnustað.

Óskum eftir að ráða móttökustjóra í fullt starf.

Starfið felst í yfirumsjón með móttöku hótelsins, starfsmönnum, bókunum, samskiptum við innlenda og erlenda viðskiptavini, skipulagningu, áætlanagerð, ofl.

Umsækjandi þarf að hafa haldgóða menntun, ríka þjónustulund, góða framkomu, færni í samskiptum, haldgóða tölvukunnátta, tala og skrifa íslensku, hafa gott vald á ensku og helst einu öðru tungumáli. Starfsreynsla er kostur.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá og mynd merkt „Móttökustjóri“ fyrir 9. júní nk. á Hótel Óðinsvé, Óðinstorgi, 101 Reykjavík, eða á bh@odinsve.is.



DISTICA LEITAR AÐ INNKAUPAFULLTRÚA

DISTICA óskar eftir að ráða metnaðarfullan einstakling sem vill tilheyra öflugum hópi starfsmanna innkaupadeildar og sinna með þeim krefjandi verkefnum.

Distica sérhæfir sig í dreifingu á lyfjum, heilsuvörum, neytendavörum og vörum fyrir heilbrigðisþjónustu og rannsóknarstofur og hefur verið í fararbroddi á sínu sviði í tæp 60 ár. Fyrirtækið er með um 70% af lyfjadreifingu á Íslandi auk þess sem það sinnir dreifingu á rannsóknartækjum, rekstrarvörum og fleiru til sjúkrahúsa, hjúkrunarheimila, tannlækna og dýralækna. Distica sinnir einnig dreifingu á neytendavörum til verslana.

HELSTU VERKEFNI:

- Umsjón með pöntunum.
- Vaktanir á birgðastöðu og veltuhraða.
- Gerð verðútreikninga.
- Samskipti við innlenda og erlenda birgja.
- Samskipti við innri viðskiptavini.
- Önnur tilfallandi verkefni.

MENNTUN OG HÆFI:

- Menntun sem nýtist í starfi.
- Reynsla af innkaupum.
- Reynsla af notkun Navision eða sambærilegra kerfa.
- Góð íslensku- og enskukunnátta.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð.
- Greiningarhæfni, nákvæmni og samviskusemi.
- Mjög góðir samskiptahæfileikar og rík þjónustulund.

Nánari upplýsingar um starfið veita Guðmundur Árni Árnason, deildarstjóri innkaupadeildar s. 665 7526 og Vilborg Gunnarsdóttir, mannauðsstjóri s. 824 7136. Aðeins er tekið við umsóknum rafrænt í gegnum heimasíðu Distica og eru umsækjendur beðnir um að láta ferilskrár og kynningarbréf fylgja með.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum verður svarað. **Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Distica. Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk.**



Við leitum að rafvirkja eða rafiðnfræðingi

Viðhaldsþjónusta OR Veitna leitar að rafvirkja eða rafiðnfræðingi til starfa með ríka þjónustulund og góða samskiptafærni. Um er að ræða fjölbreytilegt starf sem unnið er í samvinnu við góðan hóp fagfólks sem annast rekstur og viðhald í öllum rafkerfum OR Veitna.

Starfs- og ábyrgðarsvið

- Viðhald og endurnýjun á rafbúnaði
- Viðhald og endurnýjun á tölvu- og stýrilögnum
- Viðhald og endurnýjun á stjórnstækjum til fjarstýringa
- Viðhald, eftirlit og endurnýjun rafbúnaðar í dælukerfum

Menntunar- og hæfnikröfur

- Rafiðnfræðingur, rafvirki eða sambærileg menntun
- Reynsla af sambærilegum störfum æskileg
- Metnaður, frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Nánari upplýsingar veitir Bryndís Ernstsóttir mannauðsráðgjafi í netfanginu starf@or.is.

Þú sækir um á ráðningavef Orkuveitunnar starf.or.is. Umsóknarfrestur er til og með 15. júní 2015.

Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um starfið.

Stefna fyrirtækisins er að jafna hlut kynjanna með tilliti til starfstækifæra.



Orkuveita Reykjavíkur hlaut jafnréttisviðurkenningu 2002 og 2013

Orkuveita Reykjavíkur er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi, vinnuumhverfi og möguleika til að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð.

Nánari upplýsingar um þjónustu okkar má finna á www.or.is



HSN

HEILBRIGÐISSTOFNUM NORDURLANDS

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) auglýsir stöður sérfræðilækna í heimilislækningum við starfsstöðvarnar á Akureyri, Húsavík og Sauðárkróki.

HSN auglýsir eftir sérfræðingum í heimilislækningum í 100% stöður eða skv. samkomulagi við HSN á Sauðárkróki, Akureyri og Húsavík.

Heimilislæknar sem starfa hjá HSN eru með aðalstarfstöð á heilsugæslustöð og sinna móttöku sjúklinga og heilsuvernd ásamt því að sinna vaktþjónustu í héraði skv. vaktaskema hverju sinni. Störfín á Sauðárkróki og Húsavík fela einnig í sér störf á sjúkra- og hjúkrunarsviði. Störfín fela í sér þverfaglega samvinnu innan sem og út fyrir stöðina.

Næsti yfirmaður er yfirlæknir á starfstöð.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Íslenskt lækningaleyfi og sérfræðileyfi eru skilyrði.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni, óskað er meðmæla
- Faglegur metnaður í starfi og árangursmiðuð viðhorf
- Áreiðanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Ökuleyfi

Helstu verkefni:

- Almennar lækningar og heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Læknisþjónusta á sjúkra- og hjúkrunarsviði
- Kennsla starfsfólks og nema
- Þróun og teymisvinna

Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) auglýsir eftir almennum lækni til starfa á Akureyri, Húsavík og Sauðárkróki.

Auglýst er eftir almennum lækni í 100% stöður eða skv. samkomulagi við HSN á Sauðárkróki, Akureyri og Húsavík.

Almennir læknar sem starfa hjá HSN eru með aðalstarfstöð á heilsugæslustöð og sinna móttöku sjúklinga og heilsuvernd ásamt því að sinna vaktþjónustu í héraði skv. vaktaskema hverju sinni. Störfín á Sauðárkróki og Húsavík fela einnig í sér störf á sjúkra- og hjúkrunarsviði. Störfín fela í sér þverfaglega samvinnu innan sem og út fyrir stöðina.

Næsti yfirmaður er yfirlæknir á starfstöð.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Íslenskt lækningaleyfi
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum og jákvæðni, óskað er meðmæla
- Faglegur metnaður í starfi og árangursmiðuð viðhorf
- Áreiðanleiki, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Reynsla og hæfileiki til að vinna í teymi
- Ökuleyfi

Helstu verkefni:

- Almennar lækningar og heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Læknisþjónusta á sjúkra- og hjúkrunarsviði
- Kennsla starfsfólks og nema
- Þróun og teymisvinna

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.
Umsóknarfrestur um störfín eru til 1. júlí 2015 og eru störfín veitt skv. nánara samkomulagi
Tekið er á móti rafrænum umsóknum á heimasíðu stofnunarinnar
www.hsn.is eða á síðunni <http://www.starfatorg.is/>

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknisstörf og vísinda- og rannsóknarstörf ásamt staðfestu afriti af opinberu starfsleyfi. Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum, meðmælum og viðtölum við umsækjendur. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast í tvíriti til mannauðsstjóra HSN, Hafnarstræti 99, 600 Akureyri.

Nánari upplýsingar um störfín veita:

Á Sauðárkróki Þorsteinn M. Þorsteinsson, yfirlæknir HSN Sauðárkróki í síma 455-4000, netfang: thorsteinn@hskrokur.is

Á Akureyri Jón Torfi Halldórsson, yfirlæknir Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri í síma 460-4600, netfang: jon.torfi.halldorsson@hsn.is

Á Húsavík Unnsteinn I. Júlíusson, yfirlæknir HSN Húsavík í síma 464-0500, netfang: unnsteinn.ingi.juliusson@hsn.is

Fyrir allar starfstöðvar HSN Örn Ragnarsson, framkvæmdastjóri lækninga HSN í síma 455-4000 eða orn.ragnarsson@hsn.is og Þórhallur Harðarson, mannauðsstjóri í síma 892-3091 eða thorhallur.harðarson@hsn.is

Aðgengi að tölvu og aðstoð við innskráningu umsókna stendur til boða.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands tók til starfa þann 1. október 2014 við sameiningu heilbrigðisstofnana á Norðurlandi annarra en Sjúkrahússins á Akureyri og nokkurra hjúkrunar- og dvalarheimila.

Þær heilbrigðisstofnanir sem mynduðu Heilbrigðisstofnun Norðurlands voru eftirfarandi stofnanir:

Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Heilsugæslan á Akureyri, Heilsugæslan á Dalvík, Heilbrigðis-stofnunin Fjallabyggð, Heilbrigðisstofnunin Sauðárkróki og Heilbrigðisstofnunin Blönduósi.

Starfsemi Heilbrigðisstofnunar Norðurlands nær því frá Blönduós í vestri til Þórshafnar í austri. Á upptökusvæðinu búa um 35.000 manns og starfsmannafjöldi er rúmlega 500 talsins. Heildarvelta HSN er um ríflega 4,3 milljarðar króna.

Heilbrigðisstofnun Norðurlands veitir heilsugæsluþjónustu, sjúkráhusþjónustu auk öldrunarþjónustu í formi hjúkrunar- og dvalarrýma. Fjöldi þjónusturýma hjá stofnuninni er eftirfarandi 21 sjúkrarými, 110 almenn hjúkrunarrými og 18 dvalarrými. Eins rekur stofnunin dvalarheimilið Hvamm á Húsavík.

Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí 2015

VIÐ BÆTUM Í HÓPINN



Bifvélavirkjar óskast utan hefðbundins opnunartíma

Ertu B-týpa og bifvélavirki?

Okkur hjá BL ehf. vantar bifvélavirkja vegna vinnu utan hefðbundins opnunartíma á verkstæði okkar að Sævarhöfða 2.

Um er að ræða vinnutíma frá kl. 17:00-23:00 virka daga. Möguleiki er einnig á vinnu á laugardögum frá kl. 8:00-14:00.

Í boði er björt og glæsileg vinnuástaða og möguleiki á sérhæfingu eftir getu og áhuga starfsmanna.

Hæfniskröfur:

- Bifvélavirkjamenntun. Nokkurra ára starfsreynsla nauðsynleg
- Gott tölvulæsi. Unnið er með rafrænar verkbeirnar
- Sjálfstæð, skipulögð og fagleg vinnubrögð eru nauðsynleg

Umsækjendur eru beðnir um að fylla út umsókn á heimasíðu BL ehf. undir léninu www.bl.is/atvinna

Umsóknarfrestur er til 16. júní nk.

Nánari upplýsingar veitir Hrafnhildur Hauksdóttir, starfsmanna- og gæðastjóri í starf@bl.is.

Starfsfólk BL leitast eftir að ráða til sín samstarfsfólk sem hefur gaman af að veita góða þjónustu, löngun til að skara framúr, hefur nægjanlegt sjálfstæði til að grípa inn í og stýra málum í réttan farveg, hefur gaman af samvinnu og mannlegum samskiptum og síðast en ekki síst er létt í lund.

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Stakfell fasteignasala auglýsir starf sölumanns laust til umsóknar

Stakfell er rótgróin og traust fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu í fasteignaviðskiptum.

Við leitum aðila sem þekkir vel til sölustarfa og er vel tengdur inn í fasteignamarkaðinn, eða hefur reynslu í sambærilegum störfum.

Um er að ræða starf með árangurstengdum launum þar sem tekjur geta verið mjög góðar í samræmi við vinnuframlag og frammistöðu. Viðkomandi mun starfa með öflugum hópi starfsmanna sem eru vel menntaðir og hafa mikla reynslu af sölustörfum.

Starfsstöð Stakfells er í glæsilegum húsakynnum að Borgartúni 30 og er starfsaðstaða eins og best verður á kosið.

Umsóknarfrestur er til 15. júlí næstkomandi.

Allar nánari upplýsingar veitir Stefán Hrafn Stefánsson hdl., í síma 895-2049, eða stefan@stakfell.is

Stakfell fasteignasala Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími 535 1000 | stakfell@stakfell.is | stakfell.is



Viltu verða sérfræðingur í heimilislækningum?

Lausar eru til umsóknar 5 sérnámsstöður í heimilislækningum við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Námsstöðurnar eru veittar til 5 ára frá 1. september 2015 eða eftir nánara samkomulagi.

Umsóknarfrestur er til og með 22. júní 2015.



Sérnámið:

Sérnám í heimilislækningum hefur verið starfrækt í 20 ár og verið leiðandi í sérfræðinámi fyrir lækna á Íslandi. Námið tekur alls 5 ár og byggir á marklýsingu Félags íslenskra heimilislækna og virkri handleiðslu mentora sem fylgir sérnámslækni eftir allan námstímann.

Sérnámslæknir skipuleggur nám sitt í samráði við mentor og kennslustjóra sérnáms. Námið fer fram á heilsugæslustöð og sjúkrahúsi.

Frekari kynningu á sérnáminu má finna á vef heilsugæslunnar, www.heilsugaeslan.is.

Kostir sérnáms:

- Starfsnám undir virkri handleiðslu reyndra sérfræðinga
- Einstaklingsmiðuð námsáætlun
- Þátttaka í vísindavinnu
- Blokkasamningur við Landspítala varðandi sjúkrahúshluta sérnámsins
- Sameiginlegar námsferðir innanlands sem utan

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélags.

Stéttarfélag er Læknafélag Íslands.

Umsókn skal fylgja ítarleg náms- og starfsferilsskrá. Jafnframt skal leggja fram staðfestar upplýsingar um læknismenntun, læknistörf og vísinda- og rannsóknarstörf ásamt staðfestu afriti af opinberu starfsleyfi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Almennar lækningar og heilsuvernd
- Vaktþjónusta
- Nám samhliða starfi
- Vísindavinna

Hæfniskröfur:

- Íslenskt lækningaleyfi
- Miklir samskiptahæfileikar
- Vilji til að vinna náið með skjólstæðingum og samstarfsfólki
- Frumkvæði, faglegur metnaður og geta til að starfa sjálfstætt
- Vilji til að vinna í þverfaglegri teymisvinnu
- Áhugi á vísindavinnu æskilegur

Frekari upplýsingar um starfið

Nánari upplýsingar veita Margrét Ólafía Tómasdóttir staðgengill kennslustjóra sérnáms í síma 585-1800, netfang: margret.olafia.tomasdottir@heilsugaeslan.is og Ófeigur T. Þorgeirsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs HH í síma: 585-1340, netfang: ofeigur.t.thorgeirsson@heilsugaeslan.is.

Mat á hæfni umsækjenda byggist á innsendum gögnum, umsögnum og viðtölum við umsækjendur.

Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast Svövu Þorkelsdóttur, mannauðsstjóra Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, Álfabakka 16, 109 Reykjavík.

Öllum umsöknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins við ráðningu. Umsókn getur gilt í 6 mánuði.



HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

Varðstjóri sjúkraflutninga

Heilbrigðisstofnun Suðurlands auglýsir laust til umsóknar starf varðstjóra sjúkraflutninga við starfsstöð á Selfossi. Varðstjóri stýrir einni af fjórum sjúkraflutningavöktum á Selfossi og ber faglega og starfsmannalega ábyrgð á þeirri vakt ásamt stjórnun ýmissa verkefna sem honum eru falin. Næsti yfirmaður er yfirmaður sjúkraflutninga við HSU.

Helstu viðfangsefni og ábyrgð

- Leiðtoga- og verkstjórnarhlutverk ásamt starfsmannahaldi á sinni vakt
- Framkvæmd þjálfunaráætlana og vinnureglna/vinnuferla innan einingar
- Utanumhald og eftirfylgni almennrar skráningar og skýrslugerðar
- Starfsmannaviðtöl
- Þátttaka í þróun og uppbyggingu þjónustu
- Þátttaka í áætlanagerð, fræðslu- og símenntunarmálum

Umsækjandi þarf að uppfylla menntunarkröfur sem gerðar eru til sjúkraflutningsmanna við HSU og eftirfarandi grunnskilyrði:

Menntun- og hæfniskröfur

- Menntun á sviði sjúkraflutninga
- Fagleg þekking og reynsla í sjúkraflutningamálum
- Stjórnunarleg kunnátta og skipulagshæfni
- Tungumálakunnátta og almenn tölvukunnátta
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Hæfni í mannlegum samskiptum gagnvart samstarfsmönnum og skjólstæðingum
- Frumkvæði, áreiðanleiki, jákvæðni og árangursmiðað viðhorf
- Hafa staðist þrek- og styrktarpróf
- Greiningarhæfni og öryggi undir álagi
- Hæfni í að leiðbeina öðrum

Starfið er laust frá 1. september nk. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna eða viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veita Stýrmir Sigurðsson, yfirmaður sjúkraflutninga, netfang: stymir.sigurdsson@hsu.is og Hjörtur Kristjánsson framkvæmdastjóri lækninga, netfang: hjortur.kristjansson@hsu.is. Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur er til og með 1. júlí nk. Umsókn óskast fyllt út á umsóknarblað á www.hsu.is og henni þarf að fylgja staðfestar upplýsingar um menntun, fyrri störf og reynslu. Umsöknum er skilað rafrænt á hsu@hsu.is.

Heilbrigðisstofnun Suðurlands

Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) var stofnuð 1. október 2014, í viðfeðmasta heilbrigðisumdæmi landsins, við sameiningu Heilbrigðisstofnunar Suð-Austurlands (HSSa), Heilbrigðisstofnunar Suðurlands (HSU) og Heilbrigðisstofnunar Vestmannaeyja (HSVe). Formleg sameining tók gildi 1. janúar 2015. Heildarframlag til HSU á fjárlögum 2015 er um 3,6 milljarðar króna og hjá stofnuninni starfa ríflega 500 manns. Fjöldi íbúa í umdæminu eru um 26.000 manns. Hlutverk HSU er að leggja grunn að skipulagi almennrar heilbrigðisþjónustu og tryggja íbúum í heilbrigðisumdæmi Suðurlands og öðrum þjónustugegum, s.s. ferðamönnum á svæðinu, jafnan aðgang að bestu heilbrigðisþjónustu sem á hverjum tíma er tók á að veita.

Starf í boði.

Húsbíllaleiga í Kópavogi leitar að öflugum starfsmanni. Starfið felur í sér afgreiðslu á húsbílum, svara fyrirspurnum, sækja og sendast með viðskiptavini, þríf á bílum og tilfallandi verkefni. Starfsmaður þarf að tala ensku og vera mjög sjálfstæður og ákveðinn. 100% starf í 3-4 mánuði önnur hver helgi þar sem starfsmaður er með yfirumsjón. Aðeins mjög öflugur og ákveðin(n) einstaklingur kemur til greina. Áhugasamir sendið umsóknir með meðmælum á gheimisson@gmail.com



Stakfell fasteignasala óskar eftir lögmanni í skjalagerð

Stakfell er rótgróin og traust fasteignasala sem byggir á áratuga reynslu í fasteignaviðskiptum.

Í boði er glæsileg vinnuástaða fyrir viðkomandi aðila.

Í starfinu felst skjalagerð af öllu tagi, þ.m.t. gerð kaupsamninga, afsala og allur annar frágangur er tengist fasteignaviðskiptum.

Gert er ráð fyrir að lögmaður geti jafnhliða þessu starfi starfrækt eigin lögmannstofu á staðnum með samnýtingu á húsnæði og allri aðstöðu. Föst laun í boði.

Allar nánari upplýsingar veitir Stefán Hrafn Stefánsson hdl., í síma 895-2049, eða stefan@stakfell.is

Stakfell fasteignasala Borgartúni 30, 105 Reykjavík
Sími 535 1000 | stakfell@stakfell.is | stakfell.is

Til hvers að flækja hlutina?

365

SJÁLFKRAFA Í BESTA PREP!

365.is | Sími 1817



Sviðsstjóri lögfræðisviðs Háskólans á Bifröst

Háskólinn á Bifröst leitar að öflugum leiðtoga til að taka að sér starf sviðsstjóra lögfræðisviðs til næstu tveggja ára. Sviðsstjórar sitja í framkvæmdastjórn skólans og taka þannig virkan þátt í að þróa og efla starfsemi Háskólans á Bifröst.

Starfssvið

- Stjórnun, þróun og áframhaldandi uppbygging á lögfræðisviði skólans
- Skipulagning og yfirumsjón námskeiða á lögfræðisviði
- Efling rannsókna á sviði lögfræði
- Önnur þróunarvinna í samstarfi við aðstoðarrektor og annað starfsfólk skólans

Reynsla og hæfniskröfur

- Meistarapróf í lögfræði, doktorsgráða æskileg
- Reynsla af rannsóknum og kennslu á háskólastigi
- Reynsla úr atvinnulífi, t.d. lögmenntu, er æskileg
- Frumkvæði, forystueiginleikar og lipurð í mannlegum samskiptum
- Reynsla af námi eða búsetu erlendis er kostur

Upplýsingar um starfið veitir Helga Kristín Auðunsdóttir, sviðsstjóri í síma 699 7409 eða með tölvupósti á netfangið: helgakristin@bifrost.is

Umsóknir óskast sendar til Önnu Elísabetar Ólafsdóttur, aðstoðarrektors á netfangið anna@bifrost.is. Umsóknarfrestur er til og með 21. júní nk.

Háskólinn á Bifröst | 311 Borgarnes | Sími: 433 3000 | bifrost@bifrost.is | bifrost.is



Síminn óskar eftir að ráða lögfræðing til starfa

Starfið felur í sér lögfræðilega ráðgjöf í tengslum við alla starfsemi Símanns, einkum á sviði fjarskipta, upplýsingatækni og afþreyingar. Helstu verkefni eru skjala- og samningagerð, álitserðir og samskipti við stjórnvöld.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meistara- eða embættispróf í lögfræði
- Þekking eða áhugi á fjarskiptarétti, hugverkarétti, persónuverndarrétti, samkeppnisrétti og verðbréfamarkaðsrétti
- Nákvæmni og vinnusemi
- Hæfni til að vinna sjálfstætt
- Mjög góð samskiptahæfni

Umsóknarfrestur er til og með 14. júní nk.

Sótt er um á siminn.is. Fyrirspurnum skal beint til Heiðísar Björnsdóttur á netfangið heidisb@siminn.is.



Síminn

Spennandi tækifæri fyrir lögfræðing



www.lyfja.is

Vörustjóri snyrtivöru

Lyfja hf. leitar að metnaðarfullum og sjálfstæðum einstaklingi í starf vörustjóra snyrtivöru.

Vörustjóri hefur umsjón með innkaupum og vörustjórnun fyrir allar verslanir Lyfju, Apótekið og Heilsuhúsið.

Í starfinu felast m.a. ákvarðanir um vöruúrval, innkaup og samskipti við birgja auk almennrar vörustjórnunar. Einnig felast í starfinu ákvarðanir um markaðs- og sölugerðir, umsjón með útliti verslana, framsetning á vörum og fleira.

Um er að ræða spennandi tækifæri fyrir metnaðarfullan einstakling.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst, í síðasta lagi 4. ágúst.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Lyfju hf. eru karlar jafnt sem konur hvattir til þess að sækja um stöður hjá fyrirtækinu.

Hæfniskröfur:

Háskólapróf sem nýtist í starfi og/eða áralöng reynsla af vörustjórnun og markaðsmálum.

Rík þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum.

Áreiðanleiki, metnaður og skipulögð vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til 20. júní nk. og farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Nánari upplýsingar veitir Hallur Guðjónsson, starfsmannastjóri, sími 530-3800, hallur@lyfja.is

Matreiðslumaður

Hollusta og heilbrigði í leikskóla

Við leitum að jákvæðum og drífandi einstaklingi sem er tilbúinn að stýra eldhúsi í leikskólanum Hjalla í Hafnarfirði. Í boði er áhugavert og krefjandi starf fyrir einstakling með metnað fyrir matargerð og heilbrigðum lífsstíl.

Í skólum Hjallastefnunnar er mikið lagt upp úr gæðum og hollustu matar, heilbrigði og vellíðan. Í skólanum eru um eitthundrað og sjötíu börn og rúmlega þrjátíu starfsmenn. Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst.

Frekari upplýsingar fást hjá skólastýru Árný Steindórsdóttur í síma 565 3060 eða með því að senda tölvupóst í netfangið hjalli@hjalli.is.



MOSFELLSBÆR

Vilt þú vinna hjá framsæknu bæjarfélagi?

Laust er til umsóknar starf í þjónustu- og samskiptadeild á bæjarskrifstofum Mosfellsbæjar.

Verkefnastjóri skjalavörslu og rafrænnar þjónustu

Bæjarskrifstofur Mosfellsbæjar eru í Kjarna að Þverholti 2 og þar starfa að jafnaði um 45 menn. Í boði er hvetjandi starfsumhverfi og haft að leiðarljósi að vinnustaðurinn sé eftirsóknarverður og aðlaðandi.

Helstu verkefni

Verkefnastjóri skjalavörslu og rafrænnar þjónustu hefur faglega umsjón með þróun og notkun skjalavörslukerfis og Íbúagáttar. Hann ber ábyrgð á daglegri umsjá með erindi og skjöl ásamt því að sjá um viðhald og mótun á verklagsreglum við móttöku og meðferð erinda. Hann gegnir lykilhlutverki í ráðgjöf og fræðslu til starfsfólks um málefni tengd skjalavörslu og rafrænni stjórnsýslu. Hann sér enn fremur um kostnaðareftirlit og tekur þátt í vinnu við gerð og innleiðingu gæðakerfis.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði bókasafns- og upplýsingafræði með áherslu á skjalastjórnun eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi er áskilin.
- Mjög góð alhliða tölvu- og tæknikunnátta er skilyrði.
- Mjög góð samskiptahæfni, jákvætt viðhorf og í ausnamiðuð hugsun er skilyrði.
- Skipulagshæfni, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum er skilyrði.
- Reynsla af notkun rafrænna skjalavistunarkerfa er æskileg.
- Reynsla og/eða þekking á gerð og innleiðingu gæðakerfis er kostur.

Umsóknarfrestur er til 8. júní 2015.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast á netfangið mos@mos.is.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Indriðadóttir, mannauðsstjóri í síma 896 4546. Um framtíðarstarf er að ræða. Öllum umsóknum verður svarað.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og aðildarfélaga BHM.

Við hvetjum karla jafnt sem konur til að sækja um starfið.

Þverholti 2 • 270 Mosfellsbær
Sími 525 6700 • mos@mos.is • www.mos.is

VIRÐING • JÁKVÆÐNI • FRAMSÆKNI • UMHYGGJA

VILT ÞÚ SPENNANDI OG LÍFLEGT SUMARSTARF Í FERÐAÞJÓNUSTU?

Bílaleigur AVIS og Budget leita að öflugum starfsmanni á verkstæði á leigustöð félagsins í Reykjavík.

Helstu verkefni:

- Öll almenn vinna á bifreiðaverkstæði
- Léttar viðgerðir bifreiða

Almennar hæfniskröfur:

- Reynsla af viðgerðum bifreiða skilyrði
- Bílpróf og hreint sakavottorð
- Enskukunnátta
- Lipurð í mannlegum samskiptum ásamt framúrskarandi þjónustulund
- Jákvæðni, frumkvæði og dugnaður
- 25 ára lágmarksaldur

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Avis, www.avis.is.

Umsóknarfrestur er til 15. júní 2015

AVIS

Budget

Bílaleiga AVIS og Budget er ein stærsta bílaleiga í heimi og starfar í 180 löndum með yfir 5.000 leigustöðvar. Á Íslandi er AVIS og Budget ört vaxandi fyrirtæki með leigustöðvar um allt land og geta viðskiptavinir AVIS og Budget leigt bíla við öll tækifæri. Hjá AVIS og Budget starfar öflugur og reyndur hópur fólks sem vinnur ávallt með þjónustu og áreiðanleika að leiðarljósi. Leitast er við að skapa starfsfólki gott starfsumhverfi og aðstöðu en ánægja starfsfólks og viðskiptavina er lykilatriði í velgengni AVIS og Budget.



CCP IS HIRING

» Financial Analyst

Please apply at:
ccpgames.com/jobs




Ferðapjónusta bænda leitar að öflugum einstaklingi í starf markaðsstjóra. Viðkomandi mun leiða markaðsstarf fyrirtækisins á innlendum sem og erlendum mörkuðum.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Stefnumótandi vinna í markaðsmálum
- Uppbygging vörumerkja
- Gerð markaðsáætla
- Markmiðasetning og samhæfing markaðsmála
- Öflun og greining markaðsupplýsinga
- Umsjón með miðlun markaðsskilaboða
- Samskipti við fagaðila
- Eftirfylgni og árangursmat

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í markaðsfræðum eða önnur háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla af markaðsstarfi er skilyrði sem og þekking á stafrænni markaðssetningu
- Reynsla eða þekking á ferðapjónustu eða markaðssetningu á erlendum mörkuðum
- Framúrskarandi færni í íslensku og ensku, talaðri sem ritaðri
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hugmyndaauðgi og geta til að tileinka sér nýjungar
- Greiningarhæfileikar
- Frumkvæði, metnaður og sjálfstæð vinnubrögð

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Áhugasamir umsækjendur sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið atvinna@farmholidays.is fyrir 17. júní 2015.

Nánari upplýsingar má finna á farmholidays.is/atvinna.


Ferðapjónusta bænda er leiðandi fyrirtæki í íslenski ferðapjónustu. Fyrirtækið á sér yfir 30 ára sögu og býður upp á breitt úrval ferða og afþreyingar ásamt gistingu allt í kringum landið á um 180 gististöðum af ýmsu tagi. Einnig eru í boði innihaldsríkar pakkaferðir með íslenski fararstjórn um allan heim, þar sem farþegar njóta góðs félagsskapar og kynnast menningu og náttúru merkra áfangastaða.


Icelandic Farm Holidays | Ferðapjónusta bænda | Bændaferðir | www.farmholidays.is | www.sveit.is | www.baendaferdir.is

17 June

We are looking for


Apply before





LS Retail

www.LSRetail.com



Who We're Seeking:

An energetic
Graphic Designer
ready to create
the ongoing look, feel
and inspiration
behind the brand.

for more info visit:
LSRetail.com/about-us/career-opportunities
or write to:
eloise@LSRetail.com

Join our international team!



KRANAMAÐUR ÓSKAST

ÁB Lyfting óskar eftir að ráða starfsmann á Krana fyrirtækisins.

Umsóknir óskast sendar á netfangið astthor@ablyfting.is

ÁB Lyfting er dótturfyrirtæki VHE og rekur í dag 7 bílkrana.

Er þú leikskólakennari? Viltu ganga í lið með okkur?

Leikskólarnir Fossakot og Korpukot í Grafarvogi óska eftir skemmtilegu og drífandi starfsfólki sem býr yfir hæfni í mannlegum samskiptum, áreiðanleika og frumkvæði.

Við leitum að:

- Deildarstjóra
- Leikskólakennurum
- Öðru uppeldismenntuðu fólki
- Leiðbeinendum

Áhugasamir sendi ferilskrá á umsoknir@lfa.is



Fossakot Korpukot

Fossakot og Korpukot · Fossaleyni · 112 Reykjavík



Blikksmiðir

Ísloft Blikk & Stálsmiðja ehf óskar eftir blikksmiðum til starfa.

Um er að ræða fjölbreytt störf við blikk- og málmsmiði bæði innan og utan verkstæðis. Mjög góð verkefnastaða er framundan.

Umsóknir sendist í tölvupósti á isloft@isloft.is. Einnig er hægt að fylla út umsókn á heimasíðu Íslofts www.isloft.is með því að smella á link efst á síðunni.

Nánari upplýsingar í síma 587 6666.



Viltu ganga til liðs við FYRIRTÆKI Í SÓKN?

Valka hefur vaxið mikið á undanförunum árum og er ljóst að framhald verður á þeim vexti. Við leitum því að öflugum einstaklingum í hópinn. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um.

Sölustjóri

Starfssvið:

- Sala á tækjum og hugbúnaði á innlendan sem og erlendan markað
- Uppbygging á öflugu söluneti erlendis
- Gerð söluáætlana
- Samningagerð

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Reynsla og þekking á fiskiðnaðinum mjög æskileg
- Gott vald á íslensku, ensku og einu norðurlandamáli
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð
- Jákvæðni og keppnisþæg

Forritari í vefforritun

Starfssvið:

- Vinna í vefforritun við uppbyggingu á RapidFish kerfinu auk forritunar á tækjabúnaði

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í tölvunarfræði eða verkfræði er æskilegt
- Gott vald á íslensku, ensku og jafnvel einu norðurlandamáli
- Reynsla í forritun í PHP, C, Java, C#, C++ eða sambærilegum málum
- Reynsla í gagnagrunnsforritun og þekking á gagnagrunnum, td Mysql
- Þekking á Linux
- Frumkvæði, skipulagshæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð eru mikilvæg

Bókari og aðstoð á skrifstofu

Starfssvið:

- Bókun og afstemmingar
- Símavarsla, innheimta og ýmis skjalagerð
- Önnur aðstoð á skrifstofu

Hæfniskröfur:

- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Þekking á Navision
- Tölvukunnátta (Excel, Word, Outlook)
- Gott vald á íslensku og ensku
- Jákvæðni, lipurð og frumkvæði í starfi

Valka er hátæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í hönnun og smíði á tækjum og hugbúnaði fyrir fiskvinnslu og býður margskonar lausnir og búnað frá stökum tækjum til heildarkerfa.

Vélvirki

Starfssvið:

- Smíði og samsetning á tækjum sem Valka framleiðir
- Þáttaka í uppsetningu á tækjabúnaði innanlands og erlendis

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Vélsmiði eða sambærileg iðnmenntun
- Reynsla af smíði á ryðfríu stáli er nauðsynleg
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði og metnaður
- Nákvæm vinnubrögð og góðir skipulagshæfileikar
- Góð þekking á vélum og tækjum er æskileg

Valka leggur mikla áherslu á nýsköpun og hlaut Nýsköpunarverðlaunin árið 2013. Félagið var stofnað árið 2003 en þar starfa nú yfir 30 manns við hönnun, þróun, verkefnastýringu, framleiðslu og sölu. Góður starfsandi og öflugt starfsmannafélag.

Sótt er um á www.hagvangur.is. Umsóknarfrestur er til og með 15. júní nk.

Nánari upplýsingar um störfin veita:
Elisabet Sverrisdóttir, elisabet@hagvangur.is
Þórir Þorvarðason, thorir@hagvangur.is

Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál og öllum umsóknum verður svarað.

HAGVANGUR

Valka



Lögmaður

Starf lögmanns hjá embætti ríkislögmanns er laust til umsóknar. Viðkomandi mun aðallega sinna málflytningisstörfum fyrir hönd íslenska ríkisins, sbr. lög nr. 51/1985, um ríkislögmann. Umsækjendur þurfa að hafa réttindi til málflytninga fyrir héraðsdómi. Um er að ræða fullt starf.

Launakjör eru miðuð við kjarasamning Félags háskólamenntaðra starfsmanna stjórnarráðsins.

Umsóknum, með upplýsingum um menntun og starfsferil, þarf að skila til embætti ríkislögmanns Hverfisgötu 6 í Reykjavík eigi síðar en 24. júní næstkomandi. Miðað er við að ráðið verði í starfið frá og með 1. september 2015.

Skrifstofa embættisins og ríkislögmaður veitir allar nánari upplýsingar í síma 545 8490. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.
Netfang: postur@rlm.is



WWW.EXTREMEICELAND.IS

Forritari óskast

Við óskum eftir .NET og JavaScript forritara í framtíðarstarf. Meðal verkefna er að þróa og smíða sérsniðinn hugbúnað fyrir utanumhald bókana, bíla og fleira; ýmis forritunarvinna fyrir aðal vef okkar, forrita viðbætur við bókunarkerfi ásamt fleiri verkefnum. Um spennandi og fjölbreytt starf er að ræða í skemmtilegu starfsumhverfi. Starfsstöð er í höfuðstöðvum Extreme Iceland, Vatnagörðum 12. Samkeppnishæf laun í boði fyrir réttan aðila.

Nauðsynlegar kröfur:

ASP.NET, C#, JavaScript, jQuery, JSON, CSS, HTML Sjálfstæð vinnubrögð

Æskilegar kröfur:

Reynsla af forritun í ASP.NET MVC C# Borðtennis- og foosballkunnátta vel séð.

Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlegast sendið á: steinar@extremeiceland.is

Gítarkennari

Tónlistarskóli Árnésinga óskar eftir að ráða til starfa gítarkennara í 60% starf á Selfossi, Hveragerði og Þorlákshöfn með áherslu á klassískan gítar.

Kennt er samkvæmt Aðalnámskrá tónlistarskóla.

Upplýsingar fást hjá skólustjóra í síma 861-3884. **Umsóknarfrestur framlengist til 11. júní 2015.** Senda má fyrirspurnir og umsóknir í tölvupósti til robert@tonar.is.

Tónlistarskóli Árnésinga er einn af stærstu tónlistarskólum landsins með starfsemi á 12 kennslustöðum í sýslunni. Fjöldi nemenda er um 600 og starfa 30 kennarar við skólann.



Umsjónarkennari á miðstigi

Tálknafjarðarskóli óskar eftir grunnskólakennara, í umsjónarkennslu, til starfa á komandi skólaári. Um er að ræða samkennslu á miðstigi og er þekking og reynsla í raungreinakennslu æskileg en ekki skilyrði.

Tálknafjarðarskóli er sameinaður leik-, tónlistar- og grunnskóli með um 50 nemendum. Þróunarstarf við innleiðingu Hjallastefnunnar hefur nú staðið í þrjú ár í samvinnu Tálknafjarðar og Hjallastefnunnar og er skólinn viðurkenndur þróunarskóli skv. 44. gr. grunnskólalaga. Því þarf umsækjandi að vera áhugasamur og reiðubúinn í nýjungar, teymisvinnu og þróunarstarf með Hjallastefnunni. Auk þess er mikilvægt að umsækjandi hafi góða færni í mannlegum samskiptum svo og búi yfir sveigjanleika og jákvæðni í öllu starfi.

Flutningsstyrkur og stuðningur við húsnæðisöflun getur verið í boði fyrir réttan aðila. Við hvetjum karla jafnt sem konur að sækja um.

Umsóknarfrestur er til 3. Júlí 2015 og nánari upplýsingar veitir Helga Birna Berthelsen, skólustjóri, í síma 8617085 og með tölvupósti; helgabirna@hjalli.is.



UTÁNRIKISRÁÐUNEYTIÐ

Starfsmaður í eldhúsi

Starf í eldhúsi ráðuneytisins er laust til umsóknar.

Eldhús heyrir undir rekstrar- og þjónustuskrifstofu ráðuneytisins. Starfið er undir daglegri stjórn bryta og felst í aðstoð við matargerð fyrir starfsmenn ráðuneytisins og frágang og þrif í eldhúsi. Vinnutími er á dagvinnutíma virka daga, auk tilfallandi vinnu utan þess. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi fjármálaráðherra og Félags starfsmanna stjórnarráðsins. Upphaf ráðningar er frá 1. september nk.

Umsækjendur skulu hafa reynslu af almennum störfum í eldhúsi, hafa góða íslenskukunnáttu og búa yfir samskiptalipurð, frumkvæði, færni til að vinna sjálfstætt og þjónustulund.

Umsóknarfrestur er til og með 21. júní 2015. Umsóknir skulu berast á netfangið umsokn@mfa.is, merkt „Eldhús 2015“. Lítið verður svo á að umsóknir gildi í sex mánuði frá því að umsóknarfresti lýkur.

Karlar jafnt sem konur eru hvattir til sækja um framangreind störf.

Nánari upplýsingar veita Helga Hauksdóttir (helga.hauksdottir@utn.stjr.is) og Anna Ósk Kolbeinsdóttir (anna.osk.kolbeinsdottir@utn.stjr.is) í síma 545-9900. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

BLÓMASKREYTI ÓSKAST TIL STARFA Í BLÓMAVAL SKÚTUVOGI



Blómaval í Skútuvogi leitar að blómaskreyti.

Um er að ræða fullt starf og þyrfti viðkomandi að hefja störf fljótlega.

Ábyrgðarsvið

- Gerð blómaskreytinga af öllum stærðum og gerðum
- Sala og þjónusta við viðskiptavinum
- Vöruframsetning, útstillingar og önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur

- Starfsreynsla úr blómaverslun nauðsynleg
- Sjálfstæð og vönduð vinnubrögð
- Samskiptahæfni og rík þjónustulund

Umsóknir berist á netfangið umsokn@husa.is fyrir 17. júní n.k.

Öllum umsóknum verður svarað.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Díana í netfanginu dianaa@husa.is

Metnaður Þjónustulund Sérþekking



SÉRFRÆÐINGUR Í UMHVERFISMÁLUM

Össur er með vottað ISO 14001 umhverfisstjórnunarkerfi á starfsstöðvum á Íslandi, í Evrópu og Ameríku. Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi í gæðateymi Össurar til að leiða umhverfismál á Íslandi; auk þess að leiða samræmingu á umhverfisstjórnunarkerfinu á starfsstöðvum Össurar.

STARFSSVIÐ:

- Viðhalda ISO 14001 vottuðu umhverfisstjórnunarkerfi
- Leiða innleiðingu á umhverfisstefnu og ferlum
- Samstarf við erlendar starfsstöðvar og utanumhald á sameiginlegum (global) mælikvörðum
- Þróa og skilgreina mikilvæg markmið og áfanga tengd umhverfismálum
- Tryggja að lög og reglugerðir sem tengjast umhverfismálum séu uppfylltar
- Efla umhverfisvitund starfsmanna og tryggja að farið sé eftir umhverfisstöðlum

HÆFNISKRÖFUR:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi
- Að minnsta kosti 3 ára starfsreynsla
- Þekking og reynsla af umhverfisstjórnunarkerfum
- Þekking og reynsla af 14001
- Mjög góð enskukunnátta
- Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð

Umsókn ásamt ferilskrá skal senda á work@ossur.com fyrir 15. júní næstkomandi. Vinsamlegast setjið í fyrirsögn tölvupóstsins hvaða starf er sótt um. Nánari upplýsingar veitir mannauðsdeild í síma 515 1300.



Jafnlaunaúttekt
PwC
2014

Össur er leiðandi alþjóðlegt fyrirtæki á sviði stoð- og stuðningstækja. Hjá félaginu starfa um 2300 manns í 18 löndum. Gildi félagsins eru: Heiðarleiki – Hagsýni – Hugrekki.



WWW.OSSUR.COM

EY

Building a better
working world

© 2015 Ernst & Young ehf. All Rights Reserved.

**Ernst & Young ehf. óskar eftir nemum
sem stefna að löggildingu í endurskoðun**

Við leitum að fólki sem skráð er í meistaranám í reikningshaldi og endurskoðun og stefnir að því að verða löggiltir endurskoðendur.

Störf á endurskoðunarstofu byggja á gæðum og faglegum vinnubrögðum og umsækjendur þurfa því að hafa frumkvæði og getu til að starfa sjálfstætt og hafa ríka þjónustulund.

Við hjá EY erum sveigjanleg og reynum að koma til móts við ólíkar þarfir hvers starfsmanns og bjóðum m.a. nemum okkar upp á hlutastarf meðan á námi stendur.

EY er alþjóðlegt endurskoðunar- og ráðgjafarfyrtæki með yfir 190.000 starfsmenn í 150 löndum.

Umsóknir ásamt einkunum sendist til Hildar Pálsdóttur,

hildur.palsdottir@is.ey.com

Umsóknarfrestur er til og með 15. júní n.k.

www.ey.is

miðlun

**Miðlun óskar eftir kraftmiklum og
metnaðarfullum sölufulltrúum.**

Við erum að leita að fólki sem er jákvætt, vandvirkt, með góða tölvukunnáttu og góða íslenskukunnáttu.

Um hlutastarf á kvöldin er að ræða. Vinnutíminn er frá 17:30-21:45 en vaktafyrirkomulagið er sveigjanlegt. Það er gert ráð fyrir að starfsmenn vinni að minnsta kosti 2 vaktir á viku en frjálst er að vinna eins mikið og hver vill. Starfið hentar sérstaklega vel með námi.

Við bjóðum upp á skemmtilegt vinnuumhverfi, gefandi verkefni, góð laun fyrir gott fólk og frábær laun fyrir frábært fólk.

Umsóknir ásamt ferilskrá sendist til Júlíu Birgisdóttur, sölustjóra, á julia@midlun.is**HEILSULEIKSKÓLINN GARÐASEL REYKJANESBÆ
STARFSFÓLK ÓSKAST**

Heilsuleikskólinn Garðasel í Reykjanesbæ auglýsir tvær stöður lausar til umsóknar. Annars vegar stöðu aðstoðarleikskólastjóra og hins vegar stöðu aðstoðarmatráðs.

GARÐASEL

**AÐSTOÐAR-
LEIKSKÓLASTJÓRI**

Garðasel auglýsir stöðu aðstoðarleikskólastjóra lausa frá 11. ágúst 2015. Leitað er að einstaklingi sem býr yfir leiðtogaþæfileikum, jákvæðni, samskiptahæfni, þjónustulund og áhuga á þróun nýjunga í leikskólastarfi.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun og leyfisbréf sem leikskólakennari
- Reynsla af stjórnun æskileg
- Stjórnunarþæfileikar og vilji til að leita nýrra leiða
- Lipurð og hæfni í samskiptum
- Sjálfstæði og frumkvæði
- Góð tölvu- og íslenskukunnátta

Umsókn fylgi yfirlit yfir nám og fyrri störf og leyfisbréf til að nota starfsheitið leikskólakennari.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og KÍ vegna Félags stjórnenda leikskóla.

GARÐASEL

**AÐSTOÐAR-
MATRÁÐUR**

Garðasel óskar eftir að ráða aðstoðarmatráð frá 20. júlí 2015 eða eftir samkomulagi í 100% starf. Aðstoðarmatráður annast öll almenn störf í eldhúsi og þvottahúsi í samvinnu við matráð og leikskólastjóra leikskólans.

Hæfniskröfur:

Óskað er eftir sjálfstæðum, ábyrgum og jákvæðum einstaklingi sem hefur áhuga á að framreiða hollan og næringarríkan mat. Viðkomandi þarf að búa yfir góðri samskiptahæfni og vera tilbúinn að takast á við krefjandi og skemmtilegt starf.

Laun eru samkvæmt kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur fyrir bæði störf er til og með 16. júní n.k. Nánari upplýsingar veitir Ingibjörg Guðjónsdóttir leikskólastjóri í síma 420-3160 eða 896-5058 eða með tölvupósti á ingibjorg.gudjonsdottir@leikskolinngardasel.is Sækja skal um störf á vef Reykjanesbæjar: www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/laus-storf**Starfatorg.is**

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Innri endurskoðandi	Háskóli Íslands	Reykjavík	201506/606
Lögfræðingur	Innanríkisráðuneytið	Reykjavík	201506/605
Starfsmaður á skjalasafni	Innanríkisráðuneytið	Reykjavík	201506/604
Lögfræðingur	Lögreglustjórinn í Vestmannaeyjum	Vestm.eyjar	201506/603
Aðstoðarfólk í umönnun	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Seyðisfjörður	201506/602
Fulltrúi á þjónustuborði	Háskóli Íslands, Háskólatorg	Reykjavík	201506/601
Doktorsnemi	Háskóli Íslands, Raunvísindadeild	Reykjavík	201506/600
Doktorsnemi	Háskóli Íslands, Jarðvísindadeild	Reykjavík	201506/599
Sviðsstjóri upplýsingatæknisviðs	Fiskistofa	Hafnarfjörður	201506/598
Dýralæknþjónusta	Matvælastofnun	Ýmsir staðir	201506/597
Varðstjóri sjúkraflutninga	Heilbrigðisstofnun Suðurlands	Selfoss	201506/596
Sérfræðingur við rannsóknir	Rannsóknamiðstöð ferðamála	Akureyri	201506/595
Kórstjóri	Menntaskólinn í Reykjavík	Reykjavík	201506/594
Ljósmyndir	Heilbrigðisstofnun Suðurnesja	Keflavík	201506/593
Sérnámslæknar í heimilislækn.	Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins	Reykjavík	201506/592
Sérfræðingar	Rannís	Reykjavík	201506/591
Hjúkrunarfræðingur, afleysing	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Djúpvogur	201506/590
Vaktmaður í hússtjórn	Landsbókasafn Ísl. - Háskólab.safn	Reykjavík	201506/589
Almennir starfsmenn	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Hólmavík	201506/588
Sjúkraliði	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Hólmavík	201506/587
Ræstingastjóri og skólaliðar	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Reykjavík	201506/586
Framhaldsskólakennari	Fjölbrautaskólinn í Breiðholti	Reykjavík	201506/585
Vaktstjóri	Vegagerðin	Ísafjörður	201506/584
Sérfræðilæknar í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201506/583
Iðjupjálfi	LSH, Landakot	Reykjavík	201506/582
Lögfræðingur	Umboðsmaður skuldara	Reykjavík	201506/581
Ráðgjafi	Lánasjóður íslenskra námsmanna	Reykjavík	201506/580
Lífeindafræðingur	Heilbrigðisstofnun Vesturlands	Akranes	201506/579
Matráður	Fjölbrautaskóli Vesturlands	Akranes	201506/578
Sérfræðingur	Póst- og fjarskiptastofnun	Reykjavík	201506/577
Sérfræðilæknar í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Sauðárkrúkur	201506/576
Almennur læknir	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Akureyri	201506/575
Sérfræðilæknar í heimilislækn.	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Húsavík	201506/574
Lögmaður	Embætti ríkislögmans	Reykjavík	201506/573
Lyfjafræðingur, afleysing	LSH, sjúkrahúsapótek	Reykjavík	201506/572
Starfsmaður við gagnasöfnun	Hagstofa Íslands	Reykjavík	201506/571
Verkefnastjóri/aðst.m. deildarstj.	LSH, Laugarásinn meðferðargeðdeild	Reykjavík	201506/570
Náttúruvársérfræðingur	Veðurstofa Íslands	Reykjavík	201505/569
Atferlisfræðingur	Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins	Reykjavík	201505/568

REYKJANESBÆR
reykjanesbaer.is

STAY

110.000 KR.
FYRIR ÞRIF UM HELGAR
Gyða Valtýsdóttir hóf tónlistarferilinn á táningsaldri með hljóm-sveitinni múm. Hún yfirgaf sveitina til að einbeita sér að klassísku tónlistarnámi og lærði meðal annars í Rimsky-Korsakov Conservatory í St. Pétursborg og Hochschule für Music í Basel, þar sem hún lauk meistaranámi í sellóleik hjá Thomas Demenga og frjálsum spuna hjá Walter Fährdrich.

„Ég hætti í múm eftir að við gáfum út aðra plötuna okkar, Loksins erum við engin, og hóf nám í Listaháskólanum. Mig langaði að stúdera eitt hljóðfæri alla leið, það var einhver leit að frelsi held ég. En svo vaknaði ég upp einn daginn í klassísku tónlistarnámi í Sviss af öllum stöðum og hugsaði: Var ég ekki að leita að frelsi?“

En það getur verið gott að kynna-ast öllum áttum og andstæðum og verða smá áttavilltur til þess að finna sína leið. Maður lærir og aflærir, afklæðir sig svo og endar í raun alltaf nakinn, en þá er maður búinn að ganga í gengum svona alkemísku umbreytingu. Í þessu verki verð ég einmitt mjög fáklædd,“ segir Gyða og glottir.

Gyða er því að takast á við fjölbreytt og skemmtileg verkefni og

„Maður lærir og aflærir, afklæðir sig svo og endar í raun alltaf nakinn, en þá er maður búinn að ganga í gengum svona alkemísku umbreytingu. Í þessu verki verð ég einmitt mjög fáklædd.“

vinnan tekur hana víða. „Ég er að vinna mikið með Josephine Foster og var að klára upptökur með Colin Stetson. Ég hef einnig spilað með múm síðustu árin og spila reglulega með mannum mínum, Shahzad Ismaily.“ Hún þarf aðeins að hugsa sig um spurð að því hvar hún

búi. „Jú, ætli ég búi ekki á Íslandi en annars á ég heima á flakki. Ég fæst við ýmislegt og hef að undanförunu verið að vinna í Marokkó og New York og svo virðist ég oft enda óvart í Ístanbul. Ég veit ekki af hverju.“

Gyða telur að tónlistarheimurinn sé að breytast, þá sérstaklega milli klassískrar og ó-klassískrar tónlistar. „Í raun á þetta við um allt í heiminum, búið er að fara í öfgar með aðskilnað allra greina en nú er allt að renna saman, vísindin eru orðin mystík og mystíkina er nú loksins hægt að útskýra og sanna. Sýndarveruleikinn er orðinn að raunveruleika á sama tíma og við komumst að því að það er ekkert svo raunverulegt við veruleikann. við erum í raun áttavilltar leikandi verur á flakki í tíma og rúmi.“

VERKFÆRA SALAN

Síðumúla 11 - 108 Reykjavík
Sími 568-6899
Netsíða: www.vfs.is

Tilboð
36.900,-



M12BD
D-402C
Nett bor og skrufvél
2x4,0Ah rafhlöður
MW 4933 4419 35

M12 KAUPAUKI



Milwaukee Fleece
peysa fylgir öllum
Milwaukee settum
meðan birgðir eru.

Tilboð
49.900,-



M12 BPP2D-402B
Hleðsluborvél og tífél
2 x 4,0 Ah Red Li-Ion rafhl.
MW 4933 4412 50

Tilboð
179.900,-



M18 PP6D-502B
MW4933 4510 39



Milwaukee bíllinn verður með kynningar til 16. júní. Komdu og prófaðu nýjustu tækin. Bíllinn verður staddur sem hér segir:

6. júní Laugardagur	8. júní Mánudagur	9. júní Þriðjudagur	10. júní Miðvikudagur	11. júní Fimmtudagur
Patreksfjörður Vélsm. Logi kl. 09:00 - 11:00	Ísafjörður Vélsm. Þristur kl. 08:30 - 11:00	Hvammstangi Hvammst.br. kl. 08:30 - 10:00	Sauðárkrúkur KF Skagfirðing. kl. 09:00 - 11:00	Ólafsfjörður Vélav. Árna H. kl. 09:00 - 11:00
Tálknafjörður Trésm. Eik kl. 12:30 - 14:00	Bolungarvík Vélvirkinn kl. 12:30 - 14:00	Blönduós OLÍS kl. 13:00 - 14:30	Siglufjörður OLÍS kl. 16:00 - 18:00	Dalvík Vélvirki kl. 13:00 - 15:00
Bildudalur V/Höfnina kl. 15:00 - 17:00		Skagaströnd Vélaverkst. kl. 16:00 - 18:00		

Menningarveisla Sólheima 2015

6. júní til 22. ágúst

TÓNLEIKAR Í SÓLHEIMAKIRKJU

Alla laugardaga Menningarveislunnar kl. 14.00

Menningarveislan verður formlega opnuð
laugardaginn 6. júní kl. 13.00 við kaffihúsið Grænu könnuna.



6. júní

SÓLHEIMAKÓRINN leikur og syngur af innlifun undir stjórn Lárusar Sigurðssonar.




13. júní

DUO RIO leikur brasilíska sömbu og Bossa Nova tónlist sem þekkt er fyrir fjör og fegurð. Dúóið skípa þau: Sigrún Kristbjörg Jónsdóttir, fiðla og básúna og Ásgeir Ásgeirsson gítarleikari.



20. júní

VALGEIR GUÐJÓNSSON mætir með gítarinn og flytur sín þekktustu lög og fer með gamanmál þess á milli.



27. júní

MYRRA RÓS er söngvaskáld. Tónlist Myrru má lýsa sem melódísku þjóðlagapoppi þar sem gítarleikur og rödd eru í aðalhlutverki.



4. júlí

Söngkonan Lovísa Elísabet, betur þekkt sem **LAV LOW** mun flytja eigin tónsmíðar.



11. júlí

BJÖRN THORODDSEN gítarleikari leikur af fingrum fram og sprellar á gítarinn. Björn hefur sl. 30 ár verið einn af atkvæðamestu djasstónlistarmönnum Íslands.



18. júlí

Dúettinn **UNIJON** samanstendur af tónlistarfólkinu Unni Arndísar og Jón Tryggva. Tónlist þeirra er hjartnæm og miðar að því að fá áheyrandann til að njóta líðandi stundar í takt við angurværa tónlist.



25. júlí

KRISTJANA STEFÁNS & SVAVAR KNÚTUR verða með dúndurþétt dúettaprógram.



1. ágúst

HLÍN, PAMELA & EVA ÞYRI flytja draumkennda og töfrandi franska tónlist, og þjóðlög úr ýmsum áttum.



8. ágúst

ÞÓRDÍS JÓNSDÓTTIR & INGIBJÖRG HELGADÓTTIR eru nemendur við tónlistardeild Listaháskóla Íslands við einleik á selló og skapandi tónlistarmiðlun.



15. ágúst

MAGNEA TÓMASDÓTTIR & INGA BJÖRK INGADÓTTIR syngja og leika á lýru.



22. ágúst

RAGGI BJARNA & ÞORGEIR ÁSTVALDS lokatónleikar Menningarveislunnar.

Íslandsbanki er aðalstyrktaraðili
Menningarveislu Sólheima 2015



SÝNINGAR MENNINGARVEISLU

INGUSTOFA: Lyst á list; **SESSELJUHÚS:** Sjálfbærni Sólheima & Sjálfbæra heimilið;

ÍÞRÓTTALEIKHÚS: Íslandsganga Reynis Péturs í máli og myndum;

ÚTISÝNINGAR: Skátáfélag Sólheima 30 ára og Minningarperlur.

Sýningarnar eru opnar á virkum dögum frá kl. 9.00 – 18.00 og um helgar kl. 12.00 – 18.00.

5. JÚLÍ 85 ÁRA AFMÆLI SÓLHEIMA & 10 ÁRA VÍGSLUAFMÆLI SÓLHEIMAKIRKJU.

Hátíðarmessa kl. 14.00. Sr. Karl Sigurbjörnsson biskup predikar og þjónar fyrir altari ásamt sr. Birgi Thomsen. Sigrún Hjálmtýsdóttir, Diddú, syngur einsöng við athöfnina.

SÓLHEIMAKIRKJA

GUÐSPJÓNUSTA á sjömannadaginn 7. júní kl. 14.00.

GUÐSPJÓNUSTA sunnudaginn 23. ágúst kl. 14.00.

KAFFIHÚSIÐ GRÆNA KANNAN & VALA, VERSLUN OG LISTHÚS

Opið alla daga frá kl. 13.00 -18.00.

VÍÐBURÐIR

6. júní **SETNING MENNINGARVEISLU SÓLHEIMA** kl. 13.00 við kaffihúsið Grænu könnuna.

11. júní **SUSAN PARENTI** verður með fyrirlestur/gjörning í Sólheimakirkju kl. 20.00.

13. júní & 15. ágúst **HESTADAGAR** á Sólheimum, teymt undir á ljúfum hestum 15.00 - 17.00.

14. júní Umbreyting **BRÚÐULEIKHÚS** Bernt Ogrodnik kl. 14.00 verður sýnt í Sólheimakirkju.

18. júní Heimsókn **FORSETA ÍSLANDS** Ólafs Ragnars Grímssonar og Dorrit Moussaieff kl. 11.00 -16.00.

25. júní Sænskur **FJÖLLISTAHÓPUR** sýnir í Grænu könnunni kl. 15.00.

25. júlí **UPPRISUKÓRINN** treður upp í Grænu könnunni kl. 15.00.

15. ágúst **LÍFRÆNI DAGURINN, SKÁTAMÁTIÐ & HÁSKÓLALESTIN** kemur í heimsókn.

Allir hjartanlega velkomnir, aðgangur ókeypis.

Nánari upplýsingar www.solheimar.is

UMHVERFISKYNNINGAR Á VEGUM SESSELJUHÚSS

6. júní. Laugardagur kl. 14:00 í Sesseljuhúsi **OPNUN SÝNINGA SESSELJUHÚSS:** Axel Benediktsson og Herdís Friðriksdóttir leiða gesti um sýningar Sesseljuhúss.

9. júní. Þriðjudagur kl. 17:00 í Sesseljuhúsi **JÓGA Í ANDARTAKINU:** Unnur Arndísar jógakennari leiðir gesti í léttar jóga - og hugleiðsluæfingar sem henta til þess að stunda úti í náttúrunni.

14. júní. Sunnudagur kl. 14:00 í Sesseljuhúsi **ÚTILEIKIR:** Sabína S. Halldórs er sérfræðingur í útileikjum barna og fer með gesti í skemmtilega leiki sem henta öllum aldri.

23. júní. Þriðjudagur kl. 17:00 í Grænu könnunni **ÚR BAUN Í BOLLA:** Christiane Mueller leiðir gesti í sannleikann um ferðalag kaffibaunarinnar frá ræktunarsvæðum ofan í bolla Íslendinga.

28. júní. Sunnudagur kl. 14:00 í Sesseljuhúsi **VAKANDI VERÖLD:** Raket Garðarsdóttir og Margrét Marteinsdóttir höfundar bókarinnar Vakandi veröld bjóða uppá vinnustofu í sjálfbærni.

7. júlí. Þriðjudagur kl. 17:00 í Sesseljuhúsi **LISTIR OG SJÁLFBÆRNI:** Lárus Sigurðsson tónlistarkennari og hljóðfærasmíður fjallar um tengslin á milli listrænnar sköpunar og sjálfbærni með áherslu á mannspeki Rudolf Steiner.

12. júlí. Sunnudagur kl. 14:00 í Sesseljuhúsi **VINNUSMÍÐJA Í SJÁLFBÆRNI:** Ásthildur Björg Jónsdóttir, einn höfunda bókarinnar Verum Græn - Ferðalag í átt að sjálfbærni, heldur vinnustofu í sjálfbærni.

21. júlí. Þriðjudagur kl. 17:00 í Grænu könnunni **TRÖLLAGARÐUR:** Valgeir Fridolf Backman, hönnuður og forkólfsmaður Tröllagarðsins á Sólheimum, leiðir gesti um garðinn og útskýrir vistmenningu / permaculture.

26. júlí. Sunnudagur kl. 14:00 í Sesseljuhúsi **AÐ UPPLIFA OG NJÓTA NÁTTÚRU:** Helena Óla umhverfisfræðingur og kennari veitir fólki innsýn í hvernig hægt er að nota náttúruna í útikennslu og leiðir gesti í náttúruleiki fyrir alla fjölskylduna.

4. ágúst. Þriðjudagur kl. 17:00 í Sesseljuhúsi **TÆKIFÆRI:** Jóhanna Magnúsdóttir guðfræðingur og forstöðumaður félagsþjónustu Sólheima ræðir um valkostina í lífinu, hvernig við mætum hindrunum í lífinu og muninn á innri og ytri hindrunum.

9. ágúst. Sunnudagur kl. 14:00 í Sesseljuhúsi **VINNUSMÍÐJA:** Pamela Sousa næringarþerapisti kennir gestum hvernig plöntufræði og lækningarjurtir geta hjálpað fólki að ná heilsu. Hún leiðir fólk í göngu og kennir þeim að þekkja þær lækningajurtir sem vaxa á Sólheimum.

18. ágúst. Þriðjudagur kl. 17:00 í Grænu könnunni **ORMAMOLTA:** Ágúst Backman starfsmaður garðyrkjustöðvarinnar Sunnu fræðir gesti um moltugerð á Sólheimum og hvernig ormar koma þar við sögu.

Einbúarnir tóku mér ákaflega vel

Valdimar Thorlacius ljósmyndari opnar í dag sína fyrstu einkasýningu í Þjóðminjasafninu með myndaseríu af einbúum víða um land.

Í dag verður opnuð í Þjóðminjasafninu sýning á ljósmyndum Valdimars Thorlacius ljósmyndara undir yfirskriftinni *I Ein/Einn*. Samhliða sýningu Valdimars kemur út bók með ljósmyndunum hjá Crymogeu. Valdimar er aðeins 25 ára gamall og það verður að teljast nokkuð óvenjulegt að svo ungur ljósmyndari sýni og sendi frá sér bók samhliða því en hann byrjaði að mynda um 2009 og þá til þess að mynda áhugamál sitt.

„Þetta byrjaði með því að ég fékk mér myndavél til þess að mynda sörfíð.“ Valdimar hefur lengi stundað brimbrettasportið af mikilli ástríðu. „Málið er að Ísland er frábær staður til þess að sörfa, ég hef farið víða um heim til þess að stunda þetta og strendurnar hér við land gefa þessum bestu stöðum ekkert eftir. Ljósmyndunin byrjaði svona úr frá þessu en svo áður en ég vissi var ég kominn í Ljósmyndaskólann og kláraði námið 2014.“

Að loknu náminu á síðasta ári fór Valdimar með útskriftarverkefnið sitt á „portfolio revue“ hjá Ljósmyndasafni Reykjavíkur þar sem sérfræðingar víða að vega og meta verk viðkomandi. Hann var annar tveggja ljósmyndara sem hlutu styrk til þess að þróa



sitt efni áfram og í framhaldinu höfðu Þjóðminjasafnið og Crymogeia samband við hann.

„Verkefnið sem ég er að sýna hefur í raun verið lengi í vinnslu. Það byrjaði í skólanum og hélt áfram að þróa þar.“ Með ljósmyndum Valdimars eru sagðar sögur úr heimi einbúa til bæja og sveita víða um land. Myndirnar sýna einbúa í daglegu lífi að dytta að húsnæði, hlusta á veðurfréttir, lesa blöðin og blunda yfir sjón-



BRIMBRETTAKAPPI Ástríða Valdimars fyrir brimbrettasportinu leiddi til þess að hann byrjaði að taka ljósmyndir. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

varpsfréttunum en tíminn líður hægt í heimi einfarans. „Það var í raun ekkert eitt sem kveikti áhugann á þessu verkefni. Ég hef mikinn áhuga á heimildarljósmyndun og þetta er eitthvað sem mér fannst ég þurfa að gera. Ég fór um

allt land til þess að mynda einfara og víðast hvar var mér nú afskaplega vel tekið. Það hjálpaði eflaust með verkefnið allt að það lá alltaf mjög skýrt fyrir hvað ég ætlaði að gera.

En svo sér maður betur eftir að

sýningin er opnuð og bókin kemur út hvort þetta verkefni fer eitthvað lengra. Ég er langt kominn með að mynda í næstu seríu en þar er ég áfram að vinna með heimildar-nálgun svo það verður nóg að gera á næstunni.“ magnus@frettabladid.is

Rannsóknasjóður

Umsóknarfrestur 1. september

Hlutverk Rannsóknasjóðs er að styrkja vísindarannsóknir og rannsóknatengt framhaldsnám á Íslandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknaverkefni einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja.

Auglýst er eftir umsóknum um styrki úr Rannsóknasjóði fyrir styrkárið 2016. Umsóknarfrestur er til kl. 16:00, 1. september 2015.

Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á reglum sjóðsins og eru umsækjendur beðnir um að kynna sér þær vel áður en hafist er handa við gerð umsóknar.

Umsóknum skal skilað rafrænt í gegnum umsóknarkerfi Rannís. Umsóknir og umsóknargögn skulu vera á ensku.

Upplýsingar og umsóknagögn má nálgast á www.rannis.is

● **Kynning á sjóðnum og reglum hans verður á Hótel Natura, Þingsal 2, fimmtudaginn 11. júní kl. 14:00-16:00. Kynningin verður send út á sama tíma frá vefstofu Rannís. www.rannis.is/vefstofa**



Viðskiptatækifæri.

Bakarið Brauðval Akranesi er til sölu. Flutti nýlega í annað húsnæði (leigu) í gamla miðbænum. Góð kaffiástaða í sal. Nýr Sweba/Dahlen steinofn. Önnur tæki og búnaður í góðu lagi. Endalausir möguleikar fyrir duglegt fólk. Upplýsingar Ingimar s. 8665940.



MEISTARINN Jan Lundgren leiddi tríóið sitt af stakri snilld á tónleikum á fimmtudagskvöldið.

Jaðraði við að vera yfirnáttúrulegt

TÓNLIST ★★★★★

Jan Lundgren Trio

Sænskur djass
TRÍÓ JANS LUNDRÉN Í SILFURBERGI Í HÖRPU

FIMMTUDAGINN 4. JÚNÍ

LISTAHÁTÍÐIN Í REYKJAVÍK

Svíarnir eru sterkir í djassinum. Einn af mínum uppáhaldstónlistarmönnum er pianistinn Esbjörn Svensson. Ég vil benda á frábæran sveim-djass með honum og félögum, From Gagarin's Point of View. Það er hægt að finna á YouTube. Lagið er alger unaður til að slaka á við eftir annasaman dag.

Ekki síðri listamaður er Jan Lundgren, en tríóið hans tróð upp í Silfurbergi í Hörpu á Listahátíð í Reykjavík á fimmtudaginn. Með

Lundgren léku Matthias Svensson á kontrabassa og Zoltan Czörsz á trommur. Salurinn var þéttsetinn og tónleikarnir hófust á þremur lögum eftir Lundgren, þar á meðal Man in the Fog sem er rómantísk ballaða. Þar kristölluðust öll helstu einkenni Lundgrens sem tónskálds, grípandi laglínur, ljóðrænt andrúmsloft, mjúk áferð, örlítið í ætt við Keith Jarrett, en innhverfari.

Hljóðfærleikurinn var framúrskarandi alla tónleikana. Lundgren er með þetta tækni og fallegan áslátt, hann er auðheyrilega skóláður í klassíkinni. Kontrabassinn lék líka í höndunum á Svensson og trommuleikur Czörsz var dásamlegur áheyrnar. Hann var allt frá því að vera léttur og svífandi, yfir í að vera gríðarlega hraður og fjölbreyttur. Samspil hljóðfærleikaranna var með eindæmum flott, sam-

bandið á milli þeirra jaðraði við að vera yfirnáttúrulegt. Þeir léku eins og einn maður. Svoleiðis nokkuð gerist ekki nema með langri samvinnu.

Megnið af tónlistinni var eftir Lundgren. Þó skutu standardar upp kollinum, þar á meðal Vorvindar glaðir, sem þeir félagar spunnu einstaklega fagran tónaseið við.

Andrúmsloftið var létt á tónleikunum, tríóið skemmti sér greinilega konunglega, brandarar fuku og salurinn skelti upp úr.

Hljóðstjórninni er hér með hrósað sérstaklega. Hljómurinn var tær og fókuseraður, bergmálið hárrétt og ekki of mikið. Þetta var veisla fyrir eyrað; óhætt er að fullyrða að þetta hafi verið með bestu tónleikum ársins hingað til. Jónas Sen

NIÐURSTAÐA: Algerlega frábærir tónleikar.

Djassinn kemur með sumarið

Sumardjass á Jómfrúnni hefur göngu sína í tuttugasta sinn.

Hin árvissa djasssumartónleikaröð veitingahússins Jómfrúarinnar við Lækjargötu hefst í dag kl. 15 og verður djassað alla laugardaga í sumar.

Á fyrstu tónleikum sumarsins leikur kvintett dönsku söngkonunnar Cathrine Legardh og saxófónleikarans Sigurðar Flosasonar. Agnar Már Magnússon leikur á píanó, Valdimar K. Sigurjónsson á kontra-


bassa og Einar Scheving á trommur. Cathrine og Sigurður hafa starfað mikið saman undanfarin ár beggja vegna hafsins.

Það fer vel á því að hefja tuttugasta ár tónleikaraðar dansks veitingahúss í Reykjavík með dansk-íslensku verkefni. Tónleikarnir fara fram utandyra á Jómfrúartorginu. Þeir hefjast kl. 15 og standa til kl. 17. Aðgangur er ókeypis. -mg



„HRIKALEGA SPENNANDI“

Skandinavískur krimmi eins og þeir gerast bestir
eftir Roslund & Hellström, vinsælasta höfundadúó Norðurlanda



-JYLLANDSPOSTEN

„Kraftmikil og margslungin.“ -GUARDIAN

„Spennuþrungin.“ -SUNDAY TIMES

„Hrikalega spennandi og vel skrifuð glæpasaga.“

-AFTENPOSTEN

VERÖLD 

LAUGARDAGUR

HVAD?
HVENÆR?
HVAR?

6. JÚNÍ 2015

Tónleikar

15.00 Cathrine Legardh og Sigurður Flosason á **Sumarjazz** á Jómfrúartorginu hjá veitingastaðnum Jómfrúnni. Aðgangur er ókeypis.

16.00 Uppskeruhátíð **Sleðahreifyingarinnar**, hreyfingar básúnuleikara, verður haldin í Neskkirkju. Leikin verður fjölbreytt blanda fyrir básúnusamspil. Aðgangseyrir er enginn og allir velkomnir.

16.00 Kristinn Sigmundsson syngur ásamt Jónasi Ingimundarsyni píanóleikara söngljóðaflokkinn **Söngljóð Mánadanna** eftir þá Jón Hlíoðver Askelsson og Böðvar Guðmundsson í Menningarhúsinu Hofi. Miðaverð er 5.900 krónur.

17.00 **Alþjóðlegi tangóhópurinn** leikur tangóa eftir Astor Piazzolla og fleiri tangóskáld í Hannesarholti. Miðaverð er 2.000 krónur.

20.00 Drengirnir í **Sixties** rifja upp gamla takta á Græna hattinum í telfni þess að tuttugu ár eru liðin frá útgáfu plötunnar **Bítillæði**. Miðaverð er 2.500 krónur.

20.00 **Reykholtskórinn og sönghópurinn Veirurnar** efna til tónleika í Reykholtskirkju. Fjölbreytt efnisskrá og aðgangseyrir er 1.500 krónur. Enginn posi á staðnum.

21.00 **Gyða Valtýsdóttir** flytur verkið **Galagalactic** í Mengi í kvöld. Viðburðurinn er hluti af Listahátíð Reykjavíkur en Mengi mun halda ferna tónleika á Listahátíð og fjórar konur í tónlist munu stíga á stökk. Miðaverð er 2.000 krónur.

21.00 Tónleikar til styrktar **þolenda jarðskjálftanna í Nepal** fara fram í kvöld í Sílfurbergi í Hörpu. Fram koma Bubbi og Dimma, Retro Stefson, AmabádaMA og Ylja ásamt Sigríði Thorlacius. Alvogen greiðir allan kostnað vegna tónleikanna svo aðgangseyrir renni óskertur til hjálparstarfs UNICEF og Rauða krossins í Nepal. Miðaverð er 4.500 krónur.

21.00 **Adore//repeL**, **Lily of the Valley** og **Baby it's only you** spila á Gauknum í kvöld. Aðgangur ókeypis.

22.00 Hljómsveitin **Black Desert Sun** spila á Dillon í kvöld. Frítt inn.

22.00 **Svavar Knútur** spilar á Café Rósenberg í kvöld.

23.00 **Hvannadalsbræður** efna til tónleika á Kaffi Rauðu, Siglufirði. Leikin verða lög af nýrri plötu í bland við eldri smelli.

23.00 Hljómsveitin **Autonomous** leikur og syngur á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangur er ókeypis.

23.30 **Trúbadorakvöld** á Íslenska rokk-

EKKI
MISSA
AFLjósmyndasýningin í
Ein/Einn
Myndasafn Þjóðminjasafnsins

Fyrsta einkasýning ljósmyndarans Valdimars Thorlacius verður opnuð í Þjóðminjasafninu klukkan 15.00 í dag. Með ljósmyndunum eru sagðar sögur af heimi einfara til bæja og sveita og sýna þær einbúa í sínu daglega lífi.



barnum í Hafnarfirði. Húsið opnar klukkan 17.00 og frítt inn.

Leiklist

14.00 Sýning **Leikfélags Mosfellsveitar** á **Ronju ræningjadóttur** verður sýnd á stóra sviði Þjóðleikhúsinu í dag. Seinni sýning hefst klukkan 17.00 og miðaverð er 2.900 krónur.

Opnanir

14.00 **Marína Manda** opnar sína aðra einkasýningu á olíumálverkum í Art 67. Sýningin ber nafnið **Sitt sýnist hverjum** og allir boðnir velkomnir.

15.00 Sýningin **Fólkið í bænum** verður opnuð á Veggnum í Þjóðminjasafninu. Þar verða sýndar ljósmyndir Davíðs Þorsteinssonar af fólkinu í gamla bænum í Reykjavík sem teknar eru á árunum 2012-2014.

15.00 Fyrsta einkasýning ljósmyndarans

Valdimars Thorlacius verður opnuð í Myndasafn Þjóðminjasafnsins. Sýningin ber heitið **Ein/Einn** og með ljósmyndunum eru sagðar sögur af heimi einfara til bæja og sveita.

Uppákómur

11.00 **Lifandi laugardagur** í miðbæ Hafnarfjarðar. Verslanir verða með skemmtileg tilbøð, humarvagninn, flómarkaður, skottasala og fatamarkaður.

12.00 **Hátíð hafsins** fagnað í Hörpu. Fiskisúpa Smurstöðvarinnar á hátíðarverði, Reynir Jónsson leikur lög tengd hafinu á harmoníkku, báturinn Áróra ferjar hátíðargesti til og frá Hörpu að Víkinni sjóminjasafni og dúóið **Harmóniur** syngur lög tengd hafinu og aðra klassíska slagara. Dagskrá má nálgast á Harpa.is. Aðgangur ókeypis.

16.00 **KexReið 2015**, hjólréiðakeppni Kex Hostel og Kría Cycles, verður haldin í dag. Keppnin fer fram í Skuggahverfinu um braut sem liggur um Skúlagötu og Hverfisgötu. Keppendur verða ræstir út klukkan 16.00 við almenningsgarð Kex Hostels.

Tónlist

21.00 **Dj Father and Son** þeyta skífum á Boston í kvöld.

22.00 **Dj Dramatík** þeytir skífum á Bar11 í kvöld.

22.00 **Dj Styrmir Dansson** þeytir skífum á Bar Ananas í kvöld.

Listamanspjall

14.00 **Listamanspjall** í portinu á Frakkastíg 9 þar sem spjallað verður um sýninguna **100 kápur**. Sigríður Melrós Ólafsdóttir ræðir við Hildi Hákonardóttur og Jónu Hlíf Halldórsdóttur um samfélagslega ádeilu í verkum þeirra.

Markaðir

12.00 **Pop-up markaður** í hvítu tjaldi við hlið Icelandair hótel Reykjavík Marina. Hönnuðir kynna og selja vörur sínar, veitingastaðir bjóða upp á smakk og ljúfir tónar fyrir gesti og gangandi.

16.00 **Fatamarkaður** á Bar Ananas í dag.

SUNNUDAGUR

HVAD?
HVENÆR?
HVAR?

7. JÚNÍ 2015

Tónleikar

14.00 Tvennir tónleikar í Árbæjarsafni þar sem kynnt verður til sögunnar **nýtt en þó gamalt hljóðfæri** en uppruna þess má rekja til Íslendingabyggðar í Vesturheimi og gengur það undir nafninu **lokkur**. Frumfluttar verða nýjar tónsmíðar fyrir lokkinn, hljóðfærið sýnt og sagt frá sögu þess. Seinni tónleikarnir hefjast klukkan 16.00.

16.00 **Sigfús Arnþórsson** leikur létt lög á píanó á Ob-La-Di-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Um kvöldið halda Atómbraður tónleika klukkan 21.00. Aðgangur er ókeypis.

Leiklist

14.00 **Ronja Ræningjadóttir** sýnd á stóra sviði Þjóðleikhússins. Miðaverð er 2.900 krónur.

Síðustu Forvöð

14.00 Lokadagur myndlistarsýningar **Kuregej Alexöndru Argúnovu** í MÍR-salnum á Hverfisgötu. Aðgangur ókeypis.

Uppákómur

12.00 **Hátíð hafsins** haldin hátíðleg í Hörpu í dag. Fjölbreytt dagskrá sem nálgast má á vefsíðunni Harpa.is.

13.00 **Sjómannadagurinn** verður haldinn hátíðlegur í Íshúsi Hafnarfjarðar. Vinnustofur og verslun opin og allir velkomnir.

13.00 **Heimilisíðnaðardagur** í Árbæjarsafni, nemendur og kennarar Heimilisíðnaðarskólans sýna vinnubrögð og handverk í húsum safnsins. Allir sem mæta í þjóðbúning hvaðanæva að fá frítt inn á svæðið.

17.00 **Laddi með allt það besta** í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Miðaverð er 3.000 krónur.

19.00 Í sumar verður boðið upp á **gönguferðir um Breiðholtið** á vegum Þjóðkirkjusafnaðanna í hverfinu. Fyrst gangan hefst við Seljakirkju og gengið að Fella- og Hólakirkju. Boðið verður upp á kirkjukaffi í safnaðarheimilinu að göngu lokinni og akstur að upphafsstað göngu.

Tónlist

21.00 **Dj Madame Mélancolique** þeytir skífum á Bravó.

22.00 Trúbadorinn **Garðar** verður á Dubliner.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabla-did.is



Litríkt í miðbænum

The Color Run-hlaupið verður haldið í miðbænum í dag. Uppselt er en búast má við litríku sjónarspili.



MIKIÐ FJÖR Mikil stemning hefur myndast í hlaupinu úti í heimi.

The Color Run-hlaupið í boði Alvogen fer fram í miðbæ Reykjavíkur í dag.

Þátttakendur hefja hlaupið í hvítum flikum og eiga ráðum samkvæmt að enda það í öllum regnbogans litum og snýst hlaupið ekki um það að hlaupa sem hraðast og komast fyrstur í mark, heldur að hlaupa á þeim hraða og tíma sem þátttakendur þykja hæfilegt og gaman.

Hlaupið er fimm kílómetrar og hefst í Hljómskálagarðinum í Reykjavík en uppselt var í hlaupið fyrir nokkrum dögum og því má búast við litríkri stemningu í miðbænum.

Fyrsta Color Run-hlaupið var haldið í Phoenix í Bandaríkjunum árið 2012 og hefur síðan verið haldið í yfir 40 löndum og tvær milljónir manna tekið þátt.

Kokteilar til styrktar hjálparstarfi

Negroni-vikan er haldin á Mar í fyrsta skipti á landinu og nær hámarki um helgina.

„Auðvitað gripum við gæsina strax, enda spennandi að geta verið með í að styrkja góð málefni,“ segir Sigrún Hauksdóttir, veitingastjóri hjá Mar Bar sem er fyrsti og eini íslenski barinn sem tekur þátt í Negroni-víkinni, sem fer nú fram um allan heim.

Er Negroni-vikan sérstakt átak þar sem góðgerðarmál eru í hávegum höfð og blandast saman gleði og góðverk, þar sem ágóði kokteilsins rennur til góðgerðarmála um allan heim.

Velur hver bar sitt góðgerðarfélag og mun ágóðinn sem safnast í þessari viku hjá Mar Bar renna til neyðaraðgerða í Nepal á vegum UNICEF.

„Fimm hundruð krónur af hverjum drykk renna beinustu leið í söfnunina, og við erum mjög bjartsýn á að þetta eigi eftir að skila góðum árangri, sér í lagi þar sem Negroni-vikan hittir á sjómannahelgina,“ útskýrir Sigrún.

Verður því mikið húllumhæ á Mar Bar, en hann stendur við gömlu höfnina í Reykjavík, þar sem sjómannahelginni verða gerð góð skil.

Negroni-vikan er haldin hátíðleg á börum um heim allan og er þetta í þriðja skiptið sem það er gert. Umboðsaðili Campari á Íslandi stökk á vagninn í ár, og segir Atli Hergeirsson, sölustjóri hjá K.



HRESSAR Ánægðar með kokteilinn sem flestir yfir þrítugu ættu að kannast vel við.

FRÉTTABLADIÐ/VILHELM

Campari gegnir undirstöðuatriði en Campari stendur einmitt fyrir þessari alþjóðlegu viku.

„Þetta er haldið í þriðja skipti um heim allan, en í fyrsta skipti á Íslandi í ár. Í fyrsta tóku yfir þrettán hundruð barir um allan heim þátt og söfnuðu meira en sextán milljónum króna á þessu vikutímabili,“ útskýrir Atli vöngóður um framhaldið.

gudrun@frettabladid.is

Íslenskukennsla fyrir útlendinga

Umsóknarfrestur til 29. júní 2015

Rannís auglýsir eftir umsóknum um styrki til námskeiða í íslensku sem ekki eru hluti af almennu námi á grunn- eða framhaldsskólastigi. Markmiðið með styrkjunum er að gefa öllum sem búsettir eru hér á landi og skráðir eru með lögheimili í Þjóðskrá, tækifæri á að öðlast nauðsynlega færni í íslensku til að geta orðið virkir samfélagsþegnar á Íslandi.

Fræðsluaðilar og fyrirtæki sem bjóða starfsmönnum sínum upp á skipulagða kennslu í íslensku og eru á fyrirtækjaskrá geta sótt um styrki. Fyrirtæki, sem ekki eru fræðsluáðilar, þurfa að láta undirritaðan samning við hæfan fræðsluáðila, er annast kennsluna, fylgja umsókninni.

Umsóknarfrestur er til 29. júní kl. 17:00.

Umsóknum skal skilað á rafrænu formi. Nánari upplýsingar og umsóknargögn á www.rannis.is.

Upplýsingar um sjóðinn veitir Helga Rún Víktorsdóttir, sími 515 5820, helga.viktorsdottir@rannis.is





Síminn

Sterkara netsamband

á sjó og landi

Uppbygging Símans á langdrægu 4G er í fullum gangi

Við hjá Símanum vitum að fjarskipti eru lykilatriði fyrir hátækniveiðar og vinnslu. En við vitum einnig að lífið á sjó er svo miklu meira en fiskur. Það breytir öllu fyrir mannskapinn um borð að vera í daglegum netsamskiptum við fjölskylduna, kæró, börn, barnabörn eða besta vininn á öflugu 4G neti Símans.

Við óskum sjómönnum til hamingju með daginn!

4G
LTE

Gómsæt og girnileg bananakaka

Bananakaka með súkkulaði og hnetusmjöri sem kjörin er með helgarkaffinu.

5 dl hveiti
¾ tsk. matarsódi
½ tsk. salt
3 þroskaðir bananar
1 dl hnetusmjör
1 ¼ dl sykur
1 dl púðursykur
¾ dl súrmjólk
75 g brætt smjör
2 egg
100 g hakkað suðusúkkulaði

Hitið ofninn í 175°. Smyrjið formkokuform og klæðið með bökunar-pappír.

Blandið hveiti, matarsóda og salti saman í skál. Stappið bananana í annarri skál og blandið hnetusmjöri, sykri, súrmjólk, smjóri og eggjum saman við. Hrærið blöndunni saman í kekkjalaust deig. Bætið þurrefnunum saman við

og hrærið saman þar til deigið er slétt. Hrærið að lokum súkkulaðibitunum í deigið.

Setjið deigið í formið og bakið í miðjum ofni í um 60 mínútur, eða þar til þrjónn, sem stungið er í kökuna, kemur þurr upp.

Uppskrift fengin af Ljufmeti.com



STÓRSVEIT Hljómsveitin Lily of the Valley hefur stækkað hægt og rólega frá stofnun árið 2013. Mikil spilamennska er fram undan hjá sveitinni í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



LEEDSARAR SEM LÚKKA Hljómsveitin Adore Repel ætlar að aðstoða Lily of the Valley og bóka tónleika og kynna sig á erlendri grundu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

25%

AFSLÁTTUR AF
KATTARÚMUM OG
KLÓRUSTAURUM
UM HELGINA

FRÁBÆRT
ÚRVAL
TAKMARKAÐ
MAGN

Gríðarlegt
úrval
af kattarúmum
og klórustaurum

DÝRARÍKIÐ

Holtagörðum ... fyrir dýravini

Stærsta og skemmtilegasta gæludýraverslun landsins Sími 568 66 68 Opíð 11 - 18 virka daga / 12 - 18 um helgar

Vinabönd sem aðstoða hvort annað

Hljómsveitirnar Lily of the Valley hefur boðið vina-bandi sínu, Adore Repel frá Leeds, til landsins. Nýtt lag kom út á sama tíma og barn söngkonunnar.

Hljómsveitin Lily of the Valley hefur myndað sterkt vinasamband við hljómsveitina Adore Repel sem er frá Leeds og ætla sveitirnar að nýta hvor aðra til góðs. „Við eigum sameiginlegan vin sem er Leedsari. Við kynntumst honum fyrir fjórum eða fimm árum. Síðan þá hef ég farið tvisvar út og hann hefur komið hingað nokkrum sinnum og er mikill tónlistarunnandi,“ segir Logi Marr, gítarleikari og söngvari hljómsveitarinnar Lily of the Valley, um upphaf vinskaparins.

Umræddi félaginn frá Leeds vildi ólmur kynna Loga og féлага fyrir félögum sínum í Adore Repel. „Þetta eru félagar hans sem eru í bandinu, alveg frá-bærir strákar, og við ákváðum að gera samning sem er þannig að við bókuðum tónleika fyrir þá á Íslandi og síðan ætla þeir að launa okkur greiðann og bóka handa okkur tónleika úti. Þetta er sniðugt fyrir meðalstór bönd myndi ég segja, því maður veit ekki alveg hvernig maður á að snúa sér við svona bókanir úti og svona,“ segir Logi alsæll með vinskapinn.

Lily of the Valley var stofnuð fyrir Airwaves-tónlistarhátíðina árið 2013 og hefur vaxið og dafnað talsvert síðan þá. „Við byrjuðum bara ég, Tinna og Mímir. Hrafnkell var búinn að vera mikið með okkur en svo bættum við slagverksleikara og bassa-leikara við, þeim Guðmundi Þór og Leó Inga, þannig að við erum

orðin massív,“ bætir Logi við hlær.

Sveitin hefur þó ekki enn farið út en stefnir á brottför innan skamms. „Við höfum ekki náð að fara út, við vorum samt eiginlega bókuð út í febrúar en sökum þess að við erum á fullu í að fjölga okkar, þurftum við að fresta útlandaferðum í smá tíma. Tinna varð til dæmis ólétt og svona,“ segir Logi, en bætir við að fjölgunin sé í raun nauðsynleg fyrir hljómsveitina. „Við erum að safna í rípleisment, ég er kominn með rípleisment, Tinna og einn annar í viðbót. Þá getum við líka lifað á erfangjunum,“ segir Logi og hlær dátt.

Hljómsveitin gaf út sitt fyrsta smáskífulag af væntanlegri plötu þann 13. maí og ber lagið titilinn Wildflower. Lagið er þó ekki það eina sem kom út þann daginn. „Tinna átti barn sama dag þannig að þetta var mikill útgáfudagur.“

Vinaböndin ætla að koma fram á sameiginlegum tónleikum í kvöld á Gauknum klukkan 22.00 en þetta eru jafnframt fyrstu tónleikar Tinnu eftir barnsburð.

„Við ætlum að byrja daginn í Te og kaffi í Austurstræti klukkan 14.00. Þar ætlum við að taka órafmagnað sett og róa taugarnar eftir Colour Run-ið. Í kvöld ætlum við svo að rokka, þá verður kassagítarinn eftir heima og rafmagnsgítarinn finnst upp,“ segir Logi.

gunnarleo@frettabladid.is

Fjölskyldudagur Forlagsins

Fiskislóð 39 í dag kl. 13-15




Væntanleg
í kilju


Bækur Gunnars Helgasonar verða á sérstöku tilboði



2.190 kr.



1.490 kr.



1.490 kr.

GUNNAR HELGASON
les úr óútkominni bók sinni
Mamma klikk kl. 14.00
og sprellar með
krökkunum


Öll börn fá
Strumpabók
að gjöf

Pylsur og ís
meðan birgðir endast

Landsins
mesta úrval
bóka, á
Forlagsverði

Stærsta
kortadeild
landsins

LÍNA LANGSOKKUR
syngur kl. 13.30





STILLIR SÉR UPP Arnold Schwarzenegger skellti í góða pósu við kynningu á myndinni Terminator Genisys í Sydney á dögnum.

FRÆGIR Á FERÐ OG FLUGI



PRÍR HRESSIR Jack Black, Steve Martin og Martin Short stilltu sér upp saman fyrir mynd þegar Martin var heiðraður fyrir ævistarf sitt við AFI Live Achievement-verðlauna-afhendinguna í Kaliforníu.

DÝRINDIS DANSARI

Jason Derulo efndi til tónleika á Hard Rock Café í New York á fimmtudaginn og tók nokkur dansspor fyrir aðdáendur sína.



FLOTTUR Í PARÍS Leikarinn Owen Wilson skellti sér í hjólatúr í blíðskaparveðri í Parísarborg á dögnum.



FLAGGAR FRÍÐARMERKI

Lena Dunham flaggaði fríðarmerkinu þegar hún spáseraði um götur New York á dögnum.

SKAR KÖKUSNEIÐ Elísabet Bretadrottning á árlegum viðburði The National Federation of Women's Institute.



Skápur, grár, Verð áður 345.000 kr. – Nú 276.000 kr.

NÝ
SENDING
NÝR LITUR

20%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM
HAMEFA-SKÁPUM

SKOÐAÐU
ÚRVALIÐ Á
TEKK.IS



Skenkur, svartur, Verð áður 245.000 kr. – Nú 196.000 kr.



HAMEFA SKÁPARNIR - NÝ SENDING



Sjónvarpsskenkur, svartur, Verð áður 145.000 kr. – Nú 116.000 kr.



Skápur, hvítur,
Verð áður 195.000 kr. – Nú 156.000 kr.



Skápur, hvítur, Verð áður 465.000 kr. – Nú 372.000 kr.



Skápur, svartur, Verð áður 245.000 kr. – Nú 196.000 kr.

habitat  SÍÐAN 1964



Tyggjótattúin töfðu framleiðslu plötunnar


Steinunn Harðardóttir, betur þekkt sem dj. flugvél og geimskip ætlar að bjóða upp á eldfimt andrúmsloft á morgun. Steinunn segir plötuna vera ákveðið athvarf fyrir þá sem vilja leita í myrkið á sumarnóttum.

„Ég ætla að spila og svo verð ég líka með annað óvænt atriði, það verður tryllt og kannski þínu eldfimt,“ segir tónlistarkonan Steinunn Harðardóttir, betur þekkt sem dj. flugvél og geimskip.

Í dag er formlegur útgáfudagur plötu hennar, Nótt á hafsbotni, sem er gefin út af Mengi og ætlar hún að vera með óvænta uppkomu klukkan 16.00 í Reykjavík Record Shop á Klapparstíg 35. Útgáfutónleikarnir verða síðan haldnir 12. ágúst. „Það

stóð til að þeir yrðu núna 3. júní en tyggjótattúin töfðu framleiðsluna á plötunni svo þeim þurfti að fresta.“

Hverri plötu fylgja þrjú tryllt tyggjótattú. „Pabbi spurði mig um daginn, fylgja tattú öllum diskunum? og ég sagði já. Þá sagði hann, af hverju léstu ekki tattúin fylgja fyrstu hundrad eintökunum, þá hefði fólk keppt við að ná fyrstu ein-



FLOTT FLÚR

tökunum. Pabbi er klárari bisnesmaður en ég,“ segir Steinunn og hlær.

Nýja platan er talsvert dekkri en platan Glamúr í geimnum sem kom út árið 2013. „Ég er rosa ánægð með plötuna. Ég fór út í sveit að taka hana upp og það var svo mikill draugagangur þar, líka frost og ekkert símasamband. Þess vegna er hún frekar dökk

og drungaleg.“ Steinunn er ekki alltaf hrifin af björtu nóttunum sem eru á Íslandi á sumrin. „Mér finnst óþægilegt þegar það er bjart alla nóttina, þessi plata er eins og athvarf í þessum björtu sumarnóttum. Þeir sem vilja leita í myrkið af og til fíla þetta,“ bætir Steinunn við kát í bragði.

TÖFF TATTÚ Steinunn Eldflaug Harðardóttir, betur þekkt sem dj. flugvél og geimskip, í trylltu stuði með tattúin.



BYLGJAN989

SUMARFERÐALAG BYLGJUNNAR ER Í LOFTINU

VALTÝR BJÖRN OG JÓI ALLA LAUGARDAGA MILLI KL. 12:20-16:00

NÆSTI VIÐKOMUSTADUR: SJÓARINN SÍKÁTI Í GRINDAVÍK

Grindavík

Reykjavík

BONUS



Á LEIÐINI Hljómsveitin Kings of Leon kemur til Íslands í ágúst.

NORDICPHOTOS/GETTY

Tíu þúsund miðar í sölu

Miðasala á tónleika Kings of Leon, sem fram fara í Nýju Laugardalshöllinni þann 13. ágúst, hefst þann 16. júní klukkan 10. Tíu þúsund miðar eru í boði og eru verðsvæðin þrjú, dýrast er Golden Circle-svæðið og kostar miðinn þar 24.990 krónur, miði á A-svæði kostar 19.990 krónur og á B-svæði 14.990 krónur.

Golden Circle er afmarkað svæði næst sviðinu og á það svæði verður mjög takmarkað magn miða í boði. A-svæði er fremri hluti salarins og B-svæði er aftari hluti salarins. Öll svæðin eru eingöngu stæði; engin sæti eru í boði.

Miðasala fer fram á Tix.is en forsala WOW air, Pepsi Max og Senu hefjast daginn áður, eða mánudaginn 15. júní klukkan 10.

Kings of Leon hefur verið ein af vinsælustu rokkhljómsveitum heims síðastliðin ár.

- glp



KEPPNI MIKIL Öryggi keppenda er í fyrirrúmi og þurfa menn meðal annars að nota hjálm til að mega keppa.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

KexReið í þriðja sinn

KexReið 2015, sem er hjóltreida-keppni Kex Hostels og Kría Cycles, fer fram í Skuggahverfinu í dag, um braut sem liggur um Skúlagötu og Hverfisgötu. Leiðin liggur um 1,5 kílómetra hring.

Keppnin er nú haldin í þriðja sinn og verður öryggi keppenda og annarra vegfarenda á keppnis-svæði tryggt með götulokunum og öryggisgæslu á keppnis-hringnum. Skylda er að vera með hjálm og kostar 3.500 krónur að taka þátt í keppninni.

Meðan á keppninni stendur verður skífum þeytt við Hverfisgötu 12 Veitingastað og Mikkeller & Friends Reykjavík bjóða gestum og gangandi Mikkeller Running Club Pale Ale.

- glp



SIÓNVARP



BYLGJAN.IS



BYLGJUAPPID



ÚTVARP

HLUSTADU
HVAR SEM ER,
HVENÆR SEM ER

BYLGJAN
989

Styrktartónleikar fyrir Nepal

Aðgangseyrir rennur óskertur til hjálparstarfs UNICEF og Rauða krossins í Nepal.

Í kvöld fara fram styrktartónleikar í Hörpu fyrir þolendur jarðskjálftanna í Nepal. Fyrirtækið Alvogen greiðir allan kostnað vegna tónleikanna svo aðgangseyrir renni óskertur til hjálparstarfs UNICEF og Rauða krossins í Nepal.

Tónlistarmennirnir sem koma fram eru Bubbi og Dimma, Retro Stefson, AmabAdamA og Ylja ásamt Sigríði Thorlacius en hún hleypur í skarðið fyrir Bjarteyju Sveinsdóttur, aðra söngkonu Ylju.

„Bjartey verður vant við látin

þannig að við redduðum þessu bara svona,“ segir Gígja Skjaldardóttir úr Ylju glöð í bragði en þetta er í fyrsta skipti sem Sigríður kemur fram með Ylju.

Gígja segir æfingar fyrir tónleikana hafa gengið vel fyrir sig og þær Sigríður voru einmitt á leiðinni á lokaæfinguna þegar blaðmaður náði tali af þeim. Gígja segir það jafnframt ljúft og skylt að koma fram á styrktartónleikum sem þessum enda enn mikið starf fyrir höndum í Nepal. „Við erum ótrú-

lega ánægðar með það að geta látið til okkar taka þegar kemur að svona góðu málefni,“ segir hún og bætir við að búast megi við mikilli stemningu á tónleikunum.

Nú þegar hafa selst 1.000 miðar á tónleikana og eru 100 miðar óseldir en hægt er að kaupa miða á harpa.is. Miðaverð er 4.500 krónur og verður andvirði miðasöluinnar skipt jafnt á milli samtakanna.

Tónleikarnir verða í Silfurbergi í Hörpu og hefjast klukkan 21.00 í kvöld.



VERÐA Í HÖRPU
Á meðal þeirra sem koma fram á tónleikunum í kvöld eru Salka Sól og Steinunn úr AmabAdamA og Gígja úr Ylju.



AÐ JAFNA SIG Söngvarinn mun koma fram í Ástralíu í nóvember og desember.
NORDICPHOTOS/GETTY

Sam Smith syngur á ný

Söngvarinn Sam Smith fór í skurðaðgerð á raddböndunum í síðastliðnum mánuði.

Í kjölfar aðgerðarinnar þurfti söngvarinn, sem hefur átt góðu gengi að fagna, að aflýsa tónleikaferðalagi í Ástralíu auk tónleika í Japan og Filippseyjum.

Smith var að vonum miður sín en birti á dögnum mynd á Instagram með mynd af Aríel úr Disney-teiknimyndinni ástsælu, Litla hafmeyjan, þar sem Ariel fékk rödd. Undir myndinni birti Smith texta þar sem hann sagðist geta talað á ný.

Söngvarinn mun halda tónleika í Ástralíu í nóvember og desember og sagðist í yfirlýsingu alsæll yfir að geta komið fram á ný.



FÍN FJÖLSKYLDA Kim, Kanye og North eiga von á viðbót við fjölskylduna í enda árs.
NORDICPHOTOS/GETTY

Afmælisveisla í Disneylandi

Kim Kardashian West og eiginnmaður hennar, Kanye West, eiga að hafa bókað Disneyland í Kaliforníu fyrir tveggja ára afmæli dóttur sinnar, North West.

Garðurinn verður því lokaður almenningi og einungis opinn fyrir nána vini og ættingja fjölskyldunnar á meðan á afmælinu stendur en hjónakornin efndu einnig til ríflegrar afmælisveislu í tilefni af eins árs afmæli dótturinnar með Coachella-þemaveislu á heimili systur Kim, Kourtney Kardashian, í Los Angeles.

Kim og Kanye tilkynntu í upphafi vikunnar að þau ættu von á sínu öðru barni og North því að verða stóra systir í enda þessa árs og því ríkir væntanlega mikil gleði á heimili stjarnanna.

ÞVOTTAEFNI | HREINLÆTISVÖRUR | HÚÐVÖRUR | ANDLITSLÍNA | BARNAVÖRUR

VIÐKVÆM HÚÐ? PRÓFAÐU ALLA LÍNUNA...

...fyrir heimilið, fjölskylduna og þig.
Neutral er sérstaklega þróað fyrir viðkvæma húð og inniheldur engin ilmfæni, litarefni eða paraben – þannig hjálpar Neutral þér að vernda húð allra í fjölskyldunni.

Skoðaðu allar Neutral vörurnar í næstu verslun eða kíktu á Neutral.is

ÞRÓAÐ Í SAMVINNU VIÐ DÖNSKU
ASTMA- OG OFNÆMISSAMTÖKIN

Neutral®

SAMBIÓINN

SUMARSTÓRMÝNDIR VERÐA EKKI ST/ERRI EN ÞESSI!
VINSÆLASTA MYNDIN Í HEIMINUM Í DAG!
FÓR BEINT Á TOPPINN Í USA OG BRETLANDI

SAN ANDREAS

FRÁ LEIKSTJÓRA
Mission Impossible: Ghost Protocol
og The Incredibles

TOMORROWLAND

FRÁ LEIKSTJÓRA
Bridesmaids og The Heat

SPY

FRÁ LEIKSTJÓRA
Bridesmaids og The Heat

SMÁRA BÍÓ ALFABAKKA	SMÁRA BÍÓ EGILSHÖLL
SAN ANDREAS 3D KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	SAN ANDREAS 3D KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30
SAN ANDREAS 2D KL. 4 - 6:30 - 9	SPY KL. 3 - 5:25 - 8 - 10:35
SAN ANDREAS 2D VIP KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30	TOMORROWLAND KL. 3 - 5:20 - 8 - 10:40
TOMORROWLAND KL. 2 - 5:20 - 8 - 10:40	MAD MAX: FURY ROAD 3D KL. 8
GOOD KILL KL. 10-55	MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 5:30 - 10:30
MAD MAX: FURY ROAD 3D KL. 2 - 5:20 - 8 - 10:40	CINDERELLA KL. 3
AVENGERS 2 2D KL. 2 - 5 - 8	SMÁRA BÍÓ KEFLAVÍK
SVAMPUR SVEINSSON 3D KL. 2	SAN ANDREAS 3D KL. 5:40 - 8 - 10:20
SMÁRA BÍÓ KRINGLUNNI NÚMÉRUD SÆTI	SPY KL. 8
SAN ANDREAS 2D KL. 5:30 - 8 - 10:30	TOMORROWLAND KL. 3 - 5:30
TOMORROWLAND KL. 5:20	MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 10:30
MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 8 - 10:40	LOKSINS HEIM 3D KL. 3
HOT PURSUIT KL. 6 - 8	SMÁRA BÍÓ AKUREYRI
CHILD 44 KL. 10	SAN ANDREAS 3D KL. 5:30 - 8 - 10:30
	TOMORROWLAND KL. 3 - 5:30
	MAD MAX: FURY ROAD 2D KL. 8 - 10:30
	SVAMPUR SVEINSSON 3D KL. 3

TRYGGÐU ÞÉR MIÐA Á SAMBIÓINN

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ

SPY

FRÁ LEIKSTJÓRA
BRIDESMAIDS OG THE HEAT

HRÚTAR

FRÁ LEIKSTJÓRA
THE INCREDIBLES

PITCH PERFECT 2

Sýningartímar á eMiði.is og miði.is

LAUGARÁS BÍÓ

mid.is
Miðsala og nánari upplýsingar

SPY

FRÁ LEIKSTJÓRA
BRIDESMAIDS OG THE HEAT

HRÚTAR

FRÁ LEIKSTJÓRA
THE INCREDIBLES

MAD MAX

LAUGARÁS BÍÓ	Sýningartímar
SAN ANDREAS 3D	8, 10:30(P)
SPY	2, 5, 8, 10:30
HRÚTAR	4, 6, 8
PITCH PERFECT 2	5
MAD MAX 3D	10
ÁSTRÍKUR - ÍSL TAL	2
LOKSINS HEIM - ÍSL TAL	2

Góða skemmtun í bíó

TOMORROWLAND

FRÁ LEIKSTJÓRA
Bridesmaids og The Heat

AVENGERS

FRÁ LEIKSTJÓRA
Bridesmaids og The Heat

SVAMPUR SVEINSSON

FRÁ LEIKSTJÓRA
Bridesmaids og The Heat

SPARBÍÓ MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBIÓANNA
KR. 1200 Á GRÆNT OG KR. 950 Á APPELSÍNUGULT

ÁSTRÍKUR

PAUL, BLUFFT MALL COP 2

LOKSINS HEIM

FJÖLSKYLDUPAKKINN
Allir borga barnaverð
MINNST 4 MÍÐAR, A.M.K. 2 BÖRN Á ALDRINUM 2-11 ÁRA
NÁNAR Á WWW.SMARBIO.IS/BYLTING

DAGSKRÁ OG MÍBASALA ER Á EMÍÐI.IS

SMÁRA BÍÓ HÁSKÓLA BÍÓ



GEFUR ÚT BÓK Einar Skúlason hefur gengið mikið með gönguklúbbnum Vesen og Vergangur. Hann gaf nýlega út bókina Lóa með strá í nefinu og setur á fót fyrstu gönguútihátíðina á Íslandi um verslunarmannahelgina. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Yfiringilega gaman

Einar Skúlason skrifar bækur um gönguleiðir og skipuleggur gönguútihátíð.

„Hugmyndin er að hver göngu-leið sé ævintýri, ekki bara fallett útsýni,“ segir Einar Skúlason göngugarpur, sem nýlega gaf út göngubókina Lóa með strá í nefi og setur á fót fyrstu gönguútihátíðina á Íslandi um verslunarmannahelgina. „Bókin er til þess fallin að gera fólki kleift að fara aðrar leiðir en bara Esjuna og Úlfarsfellið, og bæta þá aðeins kjöti á beinin með upplýsingunum sem fylgja hverri leið,“ segir Einar. Sjálfur hefur hann verið iðinn við kolann og gengið mikið með gönguklúbbnum Vesen og Vergangur, og haft gaman af að segja sögur. „Ég fór að kynna mér staðina betur og grafast fyrir um sögur, svo þaðan spratt hugmyndin að þessari leiðsögu-bók,“ útskýrir Einar.

vör er Einar í óðaönn að undir-búa útihátíð sérsniðna að göngu-görpum um verslunarmannahelgina. „Hátíðin verður haldin á Súðavík í samstarfi við heima-menn. Munu heimamenn sjá um leiðsögnina. Það verður ákaf-lega gaman að fá svona persónu-lega leiðsögn um svæðið,“ bendir Einar á og segir eitthvað fyrir alla á hátíðinni: „Yfir helgina verður farið í fimmtán göngu-ferðir, bæði fjölskylduvænar og svo strembnari fyrir þá sem treysta sér í svoleiðis.“

Munu gestir hátíðarinnar geta gíst í orlofshúsum í Súða-vík auk þess sem gott tjaldstæði er á staðnum. „Mýraboltinn er svo í gangi hinum megin við fjallið, og verður svona vinahátíðin okkar,“ segir hann, skellir upp úr og bætir við: Engin sam-

“Ég fór að kynna mér staðina betur og grafast fyrir um sögur, svo þaðan spratt hugmyndin að þessari leiðsögu-bók.”

keppni þarna á milli, en annars þarf ekkert alltaf að skilgreina vináttu.“

Einar segir göngusportið býsna fjölskylduvænt og má með sanni segja að göngubakterían hafi hreiðrað um sig hjá sonum hans þremur. Sá yngsti, tólf ára, gekk til að mynda Fimmvörðuháls með pabba sínum og bræðrum í fyrra og hyggjast þeir svo allir leggja Laugavegin undir fót í sumar.

gudrun@frettabladid.is

SECRET×SOLSTICE×2015

DAGUR ALLA NÓTTINA × LAUGARDALUR × REYKJAVÍK × 19.-21. JÚNÍ

WU-TANG CLAN [US]

FKA TWIGS [UK] CHARLES BRADLEY [US]

KELIS [US] THE WAILERS [JM] GUSGUS [IS]

MØ [DK] FLIGHT FACILITIES [AU] HAM [IS]

HJÁLMAR [IS] HERCULES & LOVE AFFAIR [US]

NIGHTMARES ON WAX LIVE [UK]

Í STAFRÓFSRÖÐ

AGENT FRESCO [IS] BAM MARGERA'S EARTH ROCKER / FFU [US]

FM BELFAST [IS] FOREIGN BEGGARS [UK] GÍSLI PÁLMI [IS]

GREEN VELVET [US] GUTI LIVE [AR] HEIDI [UK] HELGI BJÖRNS [IS]

KINK LIVE [BG] MISS KITTIN [US] MOODYMANN [US] MUGISON [IS]

NICK CURLY [DE] RETRO STEFSON [IS] ROUTE 94 [UK] SKREAM [UK]

STORMZY [UK] SUBMOTION ORCHESTRA [UK] ZERO 7 DJ [UK]

TOTALLY ENORMOUS EXTINGUISHED DINOSAURS DJ [UK] O.F.L.

TVÆR VIKUR Í EINA STÆRSTU TÓNLEIKAVEISLU SUMARSINS

HVAR VERÐUR ÞÚ ÞEGAR SUMARIÐ NÆR HÁMARKI?

MÍÐASALA Á WWW.TIX.IS,
Í LUCKY RECORDS OG MOHAWK



SECRETSOLSTICE.IS

[#SECRETSOLSTICE](https://twitter.com/SECRETSOLSTICE)



Aron kvaddi með titli

HANDBOLTI Aron Pálmarrson lék sinn síðasta leik með Kiel í gærkvöldi þegar liðið vann fjögurra marka sigur, 33-29, á Lemgo í lokaumferð þýsku úrvalsdeildarinnar. Með sigrinum gulltryggði Kiel sér meistaratitilinn sem liðið hefur nú unnið fjögur ár í röð og 20 sinnum alls.

Þetta er sjötti meistaratitillinn sem Kiel vinnur undir stjórn Alfreds Gíslasonar, sem tók við liðinu árið 2008. Hann hefur stýrt Kiel til meistaratitils á sex af sjö tímabilum sínum hjá félaginu. Aron, sem skoraði þrjú mörk í leiknum gegn Lemgo, tók þátt í að vinna fimm þessara titla.

